


**skoðun 22**

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
3. mars 2011
51. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000



## Óvænt upphefð á jökli
*Halli Hansen varð andlit Stalinskaya-vodkans.*
**fólk 50**

## Rafrænn reiðtúr
*Félag hrossabænda hleypir af stað óvenjulegu kynningarátaki.*
**tímamót 26**



## Glæsilegur sigur
*Ísland vann eitt sterkasta landslið heims í Portúgal í gær.*
**sport 46**

## veðrið í dag




**BEST NA-TIL** Búast má við 10-15 m/s NV-lands og við SA-ströndina. Rigning í fyrstu S- og V-til en síðar skúrir. Þurrt að mestu norðan- og austanlands. Hlýnar heldur í veðri.
**VEÐUR 4**



**DÍLASKARFAR VIÐ REYKJAVÍKURHÖFN** Stór hópur dílaskarfa spókaði sig við Reykjavíkurhöfn í gær. Dílaskarfar dvelja að mestu við Faxaflóa og Breiðafjörð og er nokkuð algengt að þeir leggi leið sína til höfuðborgarinnar. Tegundin er af stærri gerð sjófugla, lifir á fiski og eru þeir afar duglegir kafarar. Eftir að veiðiferðum er lokið setjast dílaskarfar gjarnan í hópum á steina, klappir eða mannvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lögregla óttast stríð Vítisengla og Útlaga

**Blóðugt uppgjör harðsvíraðra vélhjólagengja er á næsta leiti, að mati lögreglu. Fyrrverandi formaður Fáfnis hefur stofnað hér áhangendaklúbb Outlaws til höfuðs Hells Angels. Innanríkisráðherra hyggst veita lögreglu auknar heimildir.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla óttast nú að það stefni hraðbyri í átök eða uppgjör hér á landi á milli áhangendaklúbba tveggja stærstu vélhjólagengja veraldar, Hells Angels og Outlaws.

Þetta er ein meginástæða þess að nú er í smíðum í innanríkisráðuneytinu frumvarp til laga sem veita á lögreglunni víðtækari heimildir til að rannsaka skipulagða glæpastarfsemi. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vill efla lögregluna til að taka á starfsemi glæpahópanna.

Klúbbarnir tveir eru MC Iceland og MC Black Pistons. Síðarnefndu samtökin eru tiltölulega ný af nálinni hér á landi og voru stofnuð til höfuðs MC Iceland.

MC Iceland hafa verið starfrækt hér lengi, fyrst undir merkjum Fáfnis. Þau hafa sótt um aðild að Hells Angels, eða Vítisenglum, sem starfrækt eru víða um heim. Allt þykir benda til þess að þau verði fullgildir meðlimir innan tíðar. MC Black Pistons eru hins vegar stuðningssamtök bifhjólasamtakanna Outlaws, sem starfa einnig í mörgum löndum og hafa lengi tekist á við Hells Angels um yfirráð á sviðum skipulagðrar glæpastarfsemi.



> Öðru hvoru fáum við innsýn í þennan ljóta heim í gegnum fjölmiðla [...] þetta er samfélag sem við ekki viljum og ætlum ekki að líða.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Stofnun MC Black Pistons hér á landi er runnin frá Noregi. Á síðasta ári varð Jón Trausti Lúthersson fullgildur meðlimur í MC Black Pistons þar ytra. Hann hafði skömmu áður hrökklast úr formannsembætti í Fáfni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð hann að stofnun Black Pistons hér á landi, en fer þó ekki með stjórn klúbbsins enda búsettur í Noregi.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ræddi skipulagða glæpastarfsemi á Alþingi í gær.

Hann sagði allt benda til að hún færðist óðum í vöxt. „Hér erum við að tala um fíkniefnasölu, mansal, peningaþvætti, vopnasmygl, vopnasölu og fjárkúgun af grófustu grófustu sort,“ sagði Ögmundur. „Öðru hvoru fáum við innsýn í þennan ljóta heim í gegnum fjölmiðla og er ég sannfærður um að við sem hér tökum til máls tölum fyrir hönd Íslendinga almennt um að þetta er samfélag sem við ekki viljum og ætlum ekki að líða.“

- sh / sjá síðu 4

Bolli taldi ósiðlegt að selja:

## Skýrslur vitna á skjön við Baldur

**DÓMSMÁL Bolli Þór Bollason, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, taldi sig búa yfir of miklum og viðkvæmum upplýsingum um stöðu íslenska bankakerfisins skömmu fyrir hrun til að hann gæti selt bréf sín í bönkunum.**



BALDUR GUÐLAUGSSON

**Hann greindi frá þessu fyrir dómi í gær, þar sem tekið var fyrir mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem ákærður er fyrir innherjasvik.**

**Bolli sagði að á þessum tíma hefði honum verið „ljóst að bankakerfið væri að fara undir og að á þessum tímapunkti færi maður ekki út í viðskipti með hlutabréf“.**

**Nokkurs ósamræmis gætti á milli framburðar Baldurs og vitna.**

- sh / sjá síðu 8

Telja Icesave-kostnað lækka:

## Traustvekjandi að horfur batna

**ICESAVE** „Ég er mjög ánægður með þessar fréttir og þessa þróun,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Það er traustvekjandi að horfurnar batna við hvert endurmat skilanefndarinnar, vonandi virkar það róandi á marga.“

Samninganefnd Íslands í Icesave-málinu kynnti í gær nýtt mat á kostnaði ríkisins vegna Icesave-samkomulagsins. Það gerir ráð fyrir því að kostnaður sem falli á ríkið verði 32 milljarðar króna. Í desember taldi nefndin kostnaðinn geta orðið um 47 milljarða.

Lárus Blöndal, sem sæti á í samninganefndinni, sagði að með ákveðnum fyrirvörum gæti verið að enginn kostnaður félli á ríkið, yrði niðurstaða í dómsmálum sem nú stæðu yfir hagstæð. - bj









**SPURNING DAGSINS**



*Steinþór, ætlið þið að spyrja eigendurna spjörunum úr?*

„Já, ekki spurning.“

Bókabúð Máls og menningar fór í þrot fyrir hálfum mánuði og situr þrotabúið á óseldum lager. Steinþór Steingrímsson er stjórnarformaður fyrirtækisins Ekki spurning, sem meðal annars gefur út borðspilið Spurt að leikslokum.

Þingkona segir skýrslu Ríkisendurskoðunar einsdæmi um ávirðingar á ráðherra:

# Segir Árbótarmálið áfellisdóm

**STJÓRNSÝSLA** Ólöf Nordal, þingkona Sjálfstæðisflokks, segist ekki geta fundið dæmi um það að ráðherrar hafi fengið þvílíkar ávirðingar eins og er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Árbót.

Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að 30 milljóna króna greiðsla til rekstraraðila meðferðarheimilisins Árbótar í Aðaldal hefði verið órökstudd.

Greiðslan var innt af hendi fyrir tilstuðlan Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og Árna Páls Árnasonar, þáverandi félagsmálaráðherra. Umrætt meðferðarheimili var rekið í kjördæmi þess fyrrnefnda.

„Þetta er bara áfellisdómur yfir stjórnsýslunni, því miður,“ segir Ólöf. Hún var málshefjandi þegar rætt var um málið á Alþingi síðastliðið haust.

Ólöf segir að menn hafi þá fullyrt að gagnrýnin á málsmeðferðina hafi verið sett fram án þess að gagnrýnendur hafi kynnt sér málið til hlítar. Skýrslan staðfesti hins vegar að gagnrýnin hafi átt við rök að styðjast.

„Og málsmeðferðin var mjög slæm hjá þessum tveimur ráðherrum,“ segir Ólöf. - jhh



**ÓLÖF NORDAL** Ólöf gagnrýnir fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra harðlega vegna Árbótarmálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mælingar í Vestmannaeyjum:

# Mælt vegna díoxíns í gær

**UMHVERFISMÁL** Díoxínmælingar voru gerðar í sorpbrennslunni í Vestmannaeyjum í gær. Auk díoxíns voru tekin sýni vegna magns ryks, kolmónoxíðs og fleiri efna í útblæstri frá brennslunni. Greint var frá þessu í fréttum RÚV. Sýnin verða send til Þýskalands til rannsóknar og munu niðurstöður liggja fyrir eftir þrjár til fjórar vikur.

Sýnatakan er sú fyrsta eftir endurbætur á sorpbrennslunni, en Umhverfisstofnun áformar sviptingu starfsleyfis hennar. - sv

Í varðhaldi vegna sölu á þýfi:

# 30 grunaðir um kaup á þýfinu

**LÖGREGLUMÁL** Einn maður er í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa stundað stórfellda sölu á þýfi. Hátt í þrjátíu einstaklingar eru grunaðir um að hafa keypt af honum flatskjái, fartölvur og önnur verðmæti sem fengust úr innbrotum.

Maðurinn er talinn hafa notað netsíður á borð við er.is til að finna áhugasama kaupendur, og haft síðan samband við viðkomandi og boðið þýfið til sölu.

Fimmtán hafa þegar játað að hafa keypt þýfi á þennan hátt, og mega þeir búast við ákæru. Lögregla hefur lagt hald á eitthvað af þýfi við rannsókn. - aó



**BENSÍNVERÐIÐ Í VIKUNNI** Bensín á Íslandi hefur aldrei verið jafn dýrt og það er nú og rennur helmingur upphæðarinnar til ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldsneytisverð í hámarki:

# Helmingur fer í ríkiskassann

**NEYTENDUR Um helmingur þeirrar fjárhæðar sem greidd er fyrir bensín rennur til ríkissjóðs. Það eru um 110 krónur á hvern lítra. Eldsneytisverð hefur aldrei verið hærra en það er nú og kostar bensínlítrinn um 227 krónur og dísilolían 231 krónur.**

**Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta viðbrögðin við hækkununum.**

**Um 58 prósent hækkana frá því í desember síðastliðnum eru vegna hækkana á sköttum og gjöldum. Fjármálaráðherra sagði á Alþingi að ekki væri hægt að gefa sér að hækkanirnar væru tímabundnar.** - þj, sv



**FLÓTTAMENN VIÐ LANDAMÆRI TÚNIS** Tugir þúsunda flóttamanna hafa farið til Egyptalands og Túnis og Evrópusambandið óttast flóttamannastraum. NORDICPHOTOS/AFP

# Barist um yfirráðin í borgum Líbíu

**Gaddafí sendi herafla sinn gegn uppreisnarmönnum í austurhluta landsins. Gerðar voru loftárásir á tvær borgir og nokkur hundruð manna lið náði olíuborginni Brega á sitt vald, en hrökklaðist burt þegar líða tók á daginn.**

**LÍBÍA, AP** Liðsmenn Gaddafís reyndu í gær að ná á sitt vald borgum í austurhluta landsins, sem uppreisnarmenn hafa haft nánast alfarið á valdi sínu dögum saman.

Sjálfur kom Gaddafí fram í höfuðborginni Trípolí og hvatti fólk í sjónvarpsávarpi til að snúast gegn uppreisninni.

„Við munum berjast til síðasta manns og síðustu konu,“ sagði Gaddafí og sagði það munu kosta þúsundir Líbíumanna lífið sendi Bandaríkin eða Atlantshafsbandalagið herlið til að blanda sér í átökin.

„Við munum ekki samþykkja íhlutun eins og Ítalir voru með áratugum saman,“ sagði Gaddafí og vísaði til yfirráða Ítalíu í Líbíu á fyrri hluta 20. aldar. „Við munum ekki samþykkja sams konar íhlutun Bandaríkjamanna. Það myndi leiða af sér blóðugt stríð og þúsundir Líbíumanna munu deyja ef Bandaríkin og NATO koma til Líbíu.“

Stuttu eftir sólarupprás í gær birtist íbúum Brega í austurhluta landsins fjölmennt lið stuðningsmanna Gaddafís. Voru mennirnir á um fimmtíu herjeppum, sumir voru vopnaðir vélbyssum. Brega, sem er mikilvæg olíuskipahöfn og olíuhreinsistöð, hefur verið á valdi uppreisnarmanna.

Í Brega er mikilvæg olíuskipahöfn og olíuhreinsistöð.

Liðsmenn Gaddafís náðu höfninni og olíuhreinsistöðinni strax á sitt vald ásamt litlum flugvelli. Fámennt lið uppreisnarmanna hafði gætt svæðisins og hörfaði fljótt.

Einnig gerðu liðsmenn Gaddafís loftárás á vopnageymslu í bænum Ajdabíja, sem er skammt frá Brega.

Þegar líða tók á morguninn brunuðu uppreisnarmenn á pallbílum frá Ajdabíja og gerðu gagnárás á Brega, náðu flugvellinum og olíuhreinsistöðinni fljótt á sitt vald.

Hörð átök brutust út með loftárásum frá liði Gaddafís, en síðdegis flúðu stuðningsmenn hans frá Brega. Átökin höfðu þá kostað að minnsta kosti fimm liðsmenn uppreisnarhópsins lífið.

Sjúkraflutningamaður sem liðsmenn Gaddafís handtóku en slepptu síðan aftur segir að í liðinu hafi verið um 200 manns. Þeir hafi komið frá bænum Sirt, fæðingarbæ Gaddafís við Miðjarðarhafið, sem liðsmenn Gaddafís hafa enn á valdi sínu.

gudsteinn@frettabladid.is

# Thor Vilhjálmsson er látinn

**Thor Vilhjálmsson rithöfundur er látinn, 85 ára að aldri. Thor fæddist hinn 12. ágúst árið 1925 og hefði því orðið 86 ára í ágúst næstkomandi.**



**Eftir hann liggur fjölbreytt og mikið höfundarverk málað sterkum höfundareinkennum. Hann var einnig áberandi í íslenskri bókmennta og þjóðmálaumræðu.**

**Thor hlaut margar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, meðal annars bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1987 fyrir Grámosinn glóir og var nýlega sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvo syni.**

Ræddu við danska gísla:

# Á lífi og við góða heilsu

**DANMÖRK** Danskir ríkisborgarar sem sómalskir sjóræningjar tóku í gíslingu eru á lífi og segjast við góða heilsu. Samkvæmt upplýsingum danskra fjölmiðla hefur fjölskylda fólksins rætt við sjóræningjana og gíslana.

Fimm manna dönsk fjölskylda ásamt tveimur aðstoðarmönnum var hneppt í gíslingu eftir að sjóræningjar réðust um borð í skútu þeirra, og eru þau nú á siglingu í átt til Sómalíu. Danskt herskip er á leið á svæðið en mikil áhætta er talin fylgja því að reyna að frelsa gíslana með vopnavaldi.

Fjölskylda fólksins reynir nú að semja um lausnargjald en dönsk stjórnvöld eiga ekki aðild að þeim samningaviðræðum. - bj


**Gæða dúnsængur frá Skálanesi í Seyðisfirði eru nú fáanlegar.**

Milliliðalaus viðskipti beint við bónda og upprunamerkti gæðavöru

Tilvalin gjöf fyrir t.d. stórafmæli, fermingar, giftingar og skírnir.

Hægt er að panta í nokkrum stærðum með lágmarks bið.

Sængurnar eru merktar jörðinni og eru með þvottamiða.

Frekari upplýsingar í skalanes@skalanes.com eða síma 861-7008”


Norska stjórnin leggur tvo milljarða króna til hliðar fyrir hreinsun eftir Goðafoss:

# Vill hafa vaðið fyrir neðan sig

**SIGLINGAMÁL** Norska stjórnin hefur ákveðið að veita norsku strandgæslunni 110 milljónir norskra króna til þess að standa straum af kostnaði, sem gæti orðið vegna hreinsunar eftir strand Goðafoss fyrir hálfum mánuði.

Þetta eru tveir milljarðar íslenskra króna, en Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir engar líkur á að þetta fé verði notað til þessara verka.

„Við höfum fengið þær skýringar að norsk stjórnvöld hafi lagt svona ríflega í sjóð, sem er eyrnamerktur þessu verkefni. Sá peningur verður notaður í þetta ef til þess kemur, en okkar tryggingafélag hefur hins vegar fengið sérfræðinga til þess að hreinsa þetta upp.“

Tryggingafélag Eimskips hefur fengið alþjóðlega olíuhreinsunarfélagið ITOPF til þess að sjá um hreinsunarstörfin, en þetta er félag sem er að stórum hluta í eigu skipafélaga og hefur sérhæft sig í að hreinsa upp eftir olíuleka.

Ólafur reiknar með að ITOPF ljúki verkinu með sóma, svo norska ríkið þurfi varla að leggja út í mikinn kostnað.

„Norðmenn vilja greinilega vera bæði með belti og axlabönd í svona málum,“ segir Ólafur.

„Í þessum efnum getum við tekið okkur þá til fyrirmyndar, en þeir eru greinilega líka eitthvað betur stæðir en við.“ - gb



**GOÐAFOSS Á STRANDSTAÐ** Skipið er þessa dagana á leið til hafnar í Danmörku, en myndin er tekin á strandstað við Noreg þegar hreinsunaraðgerðir voru að hefjast. NORDICPHOTOS/AFP




Kristín B. Sigurjónsdóttir - Bílabúð Benna / Notaðir bílar

Björn Ingi Jóhannsson - Bílabúð Benna / Þjónustumiðstöð

Jón Kr. Stefánsson - Bílabúð Benna / Nýir bílar

CHEVROLET

# Tákn um öryggi í 100 ár!

## Sagan um Chevrolet merkið, öryggismálin og slaufuna

Chevrolet er 100 ára á þessu ári. Chevrolet merkið, eitt frægasta vörumerki heims, er teiknað með slaufuna sem fyrirmynd. Til er skemmtileg saga frá fyrstu starfsárum Chevrolet sem segir að Chevrolet slaufan hafi upphaflega verið hönnuð sem hluti af herferð um öryggi á vinnustað.

Herferðin kom til vegna þess að samkvæmt tísku þess tíma gengu allir starfsmenn Chevrolet með bindi í vinnunni. Reynslan sýndi fram á að flaksandi bindi geta verið hættuleg innan um stórvirkar vélar. Í herferðinni voru starfsmenn hvattir til að skipta bindunum út fyrir slaufur. Hún heppnaðist fullkomlega, slaufan varð allsráðandi og vinnuslysum snarfækkaði.

Þetta segir sína sögu um áherslur Chevrolet og því hömpum við slaufunni á aldarafmælinu og köllum það Ár slaufunnar; Chevrolet slaufan er tákn um öryggi í 100 ár.




Við erum á Facebook
Like
www.facebook.com/bilabudbenna

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## GENGIÐ 02.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,45 | 116,01 |
| Sterlingspund | 188,32 | 189,24 |
| Evra | 159,66 | 160,56 |
| Dönsk króna | 21,410 | 21,536 |
| Norsk króna | 20,694 | 20,816 |
| Sænsk króna | 18,296 | 18,404 |
| Japanskt jen | 1,4082 | 1,4164 |
| SDR | 181,61 | 182,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,288

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Síminn rekur níu manns fyrir að breyta þjónustu 500 viðskiptavina án leyfis:

# Hundruð þúsunda í óheimilan bónus

**ATVINNUMÁL** Síminn hefur rekið níu manns fyrir brot í starfi. Starfmennirnir breyttu þjónustuleiðum að minnsta kosti 500 viðskiptavina Símans án þess að fá samþykki frá þeim. Fyrir hverja breytingu fékk fólkið greiddar bónusgreiðslur. Hver bónusgreiðsla er áætluð í kringum 300 krónur, sem gerir greiðslurnar til starfsmannanna í heild að minnsta kosti 150 þúsund krónur.

Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir fyrirtækið hafa komist á snoðir um málið í reglubundnu eftirliti en einnig höfðu ábendingar komið frá viðskiptavinum.

Starfsmennirnir níu voru í úthringiverkefni sem Síminn fór af stað með í janúar. Tilgangurinn með því var að hringja í viðskiptavini og bjóða þeim hagstæðari þjónustuleiðir en þeir voru þegar með. Í þessum minnst 500 tilvikum var hins vegar aldrei hringt í fólkið en breytingar samt framkvæmdar til að bónusgreiðslur kæmu inn á reikning starfsmanna.

Margrét segir ekki vitað hve miklar óheimilar greiðslur fólkið hafi fengið á þessum tveimur mánuðum, né sé búið að ákveða hvort því verði gert að endurgreiða þær. Málið sé litið mjög alvarlegum augum og því hafi fólkinu verið sagt upp án þess að fá uppsagnarfrest sinn greiddan. **- sv**




**SÍMINN** Brotin eru litin alvarlegum augum, að sögn upplýsingafulltrúa Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Víðtækari heimildir lögreglu boðaðar

**Frumvarp til laga um auknar rannsóknarheimildir til handa lögreglu eru nú í smíði í innanríkisráðuneytinu. Þetta kom fram hjá ráðherra í gær. Nýjar upplýsingar frá greiningardeild RLS benda til hættu á átökum glæpagengja.**

**LÖGREGLUMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra boðaði á Alþingi í gær vilja sinn til að lögregla fengi víðtækari rannsóknarheimildir til að rannsaka starfsemi skipulagðra glæpahópa. Hann kvað frumvarp þessa efnis vera í smíðum í innanríkisráðuneytinu. Málið hefði verið kynnt í ríkisstjórn.

Tilefni þessa var fyrirspurn Ólafar Nordal alþingismanns um viðbrögð stjórnvalda við fregnum af vaxandi umfangi skipulagðrar glæpastarfsemi hér á landi, sem hún sagði gríðarlega ógn við íslenskt samfélag.

„Nýjustu heimildir frá lögreglunni herma að skipulögð glæpastarfsemi á Íslandi sé að færast í vöxt, sé orðin umfangsmeiri og brotin alvarlegri,“ sagði innanríkisráðherra í svari sínu.

„Hér erum við að tala um fíkniefnasölu, mansal, peningaþvætti, vopnasmygl og vopnasölu og fjárkúgun af grófustu tegund.“

Ögmundur sagði enn fremur að greiningardeild Ríkislögreglustjóra hefði nýlega gefið út hættumat vegna vísbendinga um vaxandi spennu í íslenskum undirheimum. Telji deildin vaxandi hættu á að til átaka og jafnvel uppgjörs komi í íslenskum undirheimum þar sem tekist verði á um fíkniefnamarkaði og stöðu á öðrum sviðum skipulagðrar glæpastarfsemi. Allt bendi til þess að vélhjóladeildin MC Iceland hljóti viðurkenningu sem fullgild deild í Hells Angels og að nýr hópur íslenskra brotamanna hafi verið myndaður gagngert til þess að bregðast við breyttri stöðu í íslensku undirheimum.

„Þessi þróun felur í sér í senn möguleika og ógn við öryggi almennings, starfsmenn lögreglu og tollþjónustu,“ sagði ráðherra.



**INNANRÍKISRÁÐHERRA** Ögmundur Jónasson vill auka rannsóknarheimildir íslenskrar lögreglu svo hún sé í stakk búin til að takast á við skipulagða glæpahópa hér á landi.

> Ljóst er að efla þarf lögregluna enn frekar á þessu sviði þannig að henni sé gert kleift að fara fram með eins markvissum hætti og framast er unnt.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

„Íslenska lögreglan hefur um árabil fylgst vel með þróun glæpagengja á Íslandi og utan þess og gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir að slíkir hópar skjóti hér rótum. Ljóst er að efla þarf lögregluna enn frekar á þessu sviði þannig að henni sé gert kleift að fara fram með eins markvissum hætti og framast er unnt,“ sagði Ögmundur og nefndi fyrirbyggjandi rannsóknarheimildir, þó með því skilyrði að þær yrðu áfram veittar á grundvelli dómsúrskurðar. Slíkar heimildir lögreglu veittu möguleika á að rannsaka starfsemi skipulagðra glæpahópa sem grunaðir séu um alvarlega brotastarfsemi ekki síður en einstaklinga. **jss@frettabladid.is**



**Á VETTVANGI** Ungur byssumaður hóf skotárás í farþegavagni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skotárás í Frankfurt:

## Tveir hermenn skotnir til bana

**ÞÝSKALAND, AP** Tveir bandarískir hermenn létu lífið og tveir aðrir særðust, annar illa, þegar ungur maður hóf skotárás í farþegavagni á flugvellinum í Frankfurt í Þýskalandi í gær. Árásarmaðurinn er frá Kosovo.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sendi samúðarkveðjur til ættingja hinna látnu. „Þetta er hræðilegur atburður,“ sagði hún. **- gb**

Sjávarútvegsstjóri ESB:

## Vill banna allt brottkast á fiski

**BRUSSEL „Ef við tökumst ekki á við þetta vandamál núna mun það koma í bakið á okkur síðar meir,“ sagði Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri framkvæmdastjórnar Evrópusambandins, þegar hún ávarpaði Evrópuþingið á þriðjudag.**

**Hún var að tala um brottkast afla úr fiskiskipum Evrópusambandsins, og sagði nauðsynlegt að banna það með öllu í væntanlegri endurskoðun sjávarútvegsstefna sambandsins.**

**Hún benti á að þótt heildarbrottkastið væri líklega aðeins um átta prósent af heildarfiskafla væri hlutfallið allt upp í 70 prósent í sumum fisktegundum.** **- gb**

Bílvelta í Húnavatnssýslu:

## Skarst á andliti og höndum

**LÖGREGLUMÁL Bílvelta varð upp úr klukkan átta í gærmorgun á þjóðvegi eitt, rétt við bæinn Laufás í Víðidal. Jeppi á suðurleið fór út af veginum og valt. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Blönduósi var skafrenningur og hálka þegar óhappið varð.**

**Jeppinn er talinn ónýtur en bílstjórinn, sem var einn í bílnum, skarst í andliti og á höndum. Gert var að sárum hans á heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Hann fékk að fara heim að því loknu. Lögreglan á Blönduósi telur að bílbeltin hafi bjargað því að ekki fór verr.** **- ssj**

Elsti fýll landsins fundinn:

## Fundu fertugan fugl í veiðineti

**NÁTTÚRA** Merktur fýll kom í fiskinet við Eyjólfsklöpp í febrúar og var hann meira en fjórutíu ára gamall.

Fýllinn hafði verið merktur fullorðinn í Stórhöfða hinn 17. október árið 1970. Samkvæmt dr. Erpi Hansen, líffræðingi hjá Náttúrufræðistofnun Suðurlands, hefur aldrei liðið eins langur tími frá merkingu þar til fuglinn er endurheimtur.



**FÝLL Á FLUGI** Fýlar geta orðið allt að 60 ára gamlir.

Erpur segir elsta fýl heims hafa fundist lifandi í Atlantshafi, en sá var 43 ára og 11 mánaða. Fuglarnir séu þó langlífir og geti orðið allt að 60 ára gamlir. **- sv**




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**RYSJÓTT** Í dag blæs töluvert á vestanverðu landinu en lægir annað kvöld. Úrkoma víða í dag en styttir upp seint í kvöld eða nótt og á morgun verður úrkomulítið að mestu. Ný lægð kemur upp að landinu á laugardaginn með vætu og hlýrra lofti.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | x° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 9° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 1° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Á hverjum degi koma 43 konur í ómskoðun á fósturgreiningardeild
Gígja Sólveig Guðjónsdóttir, starfsmaður Íslandsbanka, á von á sínu fimmta barnabarni
LANDSSÖFNUN FÖSTUDAGINN 4. MARS
Íslandsbanki hvetur alla til að gefa Líf
Þátturinn verður sendur út í beinni útsendingu í opinni dagskrá á Stöð 2.
Vigdís Finnbogadóttir, Halldóra Geirharðs., Unnur Birna, Kolla Björns., Víkingur Kristjáns., Anna Svava, Óttar Proppé, Sveppi og margir fleiri munu bregða á leik eða segja sína sögu í söfnunarþættinum.
Íslandsbanki gefur Líf til að tryggja góðan aðbúnað þegar mikið liggur við
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
LÍF Styrktarfélag
Íslandsbanki

## KJÖRKASSINN



*Hreyfir þú þig reglulega?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,6% |
| Nei | 35,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú þig vera jákvæða manneskju?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Gorbatsjov fær æðstu viðurkenningu Rússlands á áttræðisafmæli sínu:

# Pútín og Medvedev hrósa Gorbatsjov

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti kallaði Mikhaíl Gorbatsjov, síðasta leiðtoga Sovétríkjanna, á sinn fund í gær til að tilkynna að hann hlyti æðstu viðurkenningu rússneska ríkisins, orðu heilags Andrésar, sem er höfuðdýrlingur Rússa.

Gorbatsjov hefur undanfarið gagnrýnt harðlega núverandi ráðamenn í Rússlandi, bæði Pútín og Medvedev.

Hann segir Rússland vera ekkert annað en „eftirlíkingu lýðræðisríkis“, þar sem hvorki þingið né dómstólarnir séu óháðir stjórninni. Stjórnarflokk Pútíns segir hann sömuleiðis vera „lélega eftirmynd“ sovéska Kommúnistaflokksins.



**MEDVEDEV OG GORBATSJOV** Gorbatsjov hefur harðlega gagnrýnt rússneska ráðamenn undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Þeir Pútín og Medvedev hafa þó látið þessa gagnrýni lítt á sig fá.

Medvedev sagði að Gorbatsjov hefði haft erfitt verk með höndum, að stjórna Sovétríkjunum á lokasprettinum. „Það væri hægt að meta það öðru vísi, en þetta var þung byrði,“ hnýtti Medvedev þó við orð sín.

Pútín hrósaði Gorbatsjov í heillaóskaskeyti í gær, og sagði hann einn helsta stjórnmálamann samtímans, sem hefði mikil áhrif á framvindu mannkynssögunnar. - gb

## SÝNIR HVERNIG MATIÐ SVEIFLAST

„Þetta er jákvæð þróun, en þetta nýja mat sýnir hversu sveiflukennt þetta er,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

„Ef aðstæður í fjármálageiranum breytast milli vikna og menn mæla stöðuna aftur kemur væntanlega allt önnur niðurstaða,“ segir Sigmundur.

Hann segist sjálfur hafa viljað að eignasafn Landsbankans gengi upp í kröfurnar. Bretar og Hollendingar hafi ekki viljað taka þá áhættu. Enn sé mikil áhættu fólgin í að samþykkja samninginn, til dæmis vegna gengisþróunar og sveiflu í verðmati. Ef samningurinn verði samþykktur sé ríkið í raun orðið áhættufjárfestir. - bj

## SEGIR ÁHÆTTUNA VERA ÓBREYTTA

„Þetta er skref í rétta átt, en áhættan er sú sama,“ segir Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, um breytta áætlun Icesave-samninganefndarinnar á kostnaði sem fellur á íslenska ríkið.



**ÞÓR SAARI**

Þór segir þingmenn Hreyfingarinnar á móti samningnum af tveimur ástæðum. Ekki eigi að velta skuldum einkafyrirtækis yfir á almenning, og áhættan sem fylgi samningnum sé of mikil. Hvorugt hafi breyst.

„Þetta miðar allt við ákveðnar forsendur sem menn gefa sér,“ segir Þór um kostnaðarmatið. Hann segir gengisáhættu enn til staðar og mikill kostnaður sé fyrirséður tefjist útgreiðslur eins og miklar líkur séu á.

# Telja Icesave-kostnað verða 32 milljarða

**Uppfært mat skilanefndar Landsbankans á eignum bankans hefur bein áhrif á spá samninganefndar ríkisins vegna Icesave um kostnaðinn sem fellur á ríkið. Áætlaður kostnaður lækkar um 15 milljarða samkvæmt mati nefndarinnar.**

**ICESAVE** Samninganefnd ríkisins í Icesave-málinu telur að kostnaður íslenska ríkisins vegna Icesave-málsins verði líklega um fimmtán milljörðum króna minni en talið var þegar samningarnir voru kynntir í desember síðastliðnum.

Heildarkostnaðurinn sem fellur á ríkið yrði samkvæmt spá nefndarinnar um 32 milljarðar en ekki 47 eins og þá var talið.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er uppfært mat skilanefndar Landsbankans á eignum bankans. Áætlaðar heimtur úr þrotabúi bankans eru nú taldar verða 1.175 milljarðar króna miðað við stöðuna um áramót. Fyrir þremur mánuðum taldi skilanefndin að 1.138 milljarðar myndu endurheimtast.

Hlutur Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verður 51,26 prósent, og fær sjóðurinn samkvæmt þessu nýja mati um 19 milljörðum króna meira í sinn hlut en áður var talið.

Á móti koma önnur atriði sem hafa neikvæð áhrif. Til dæmis er nú búist við að fyrstu greiðslur úr þrotabúi Landsbankans frestist um að minnsta kosti tvo mánuði. Ástæðan eru tafir vegna dómsmála um gildi neyðarlaganna.

Samninganefndin hefur í þessu ljósi endurskoðað áætlaðan kostnað ríkisins vegna Icesave, sagði Guðmundur Árnason, sem sæti á í nefndinni, á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

Hann segir nefndina ekki hafa rannsakað sjálfa hvers virði eignir þrotabúsins geti verið, heldur styðjist nefndin við mat skilanefndarinnar, sem hafi reynst varfærnar en traustar.

Bent hefur verið á að breytingar á gengi íslensku krónunnar geti haft talsverð áhrif á endanlegan kostnað ríkisins vegna Icesave.

Lárus Blöndal, sem sæti á í samninganefndinni, sagði í gær að krónan þurfi að veikjast verulega til að það hafi áhrif á kostnað ríkisins. Krónan sé afar veik núna, og veikist hún mikið sé það áhyggjuefni fyrir allt efnahagslífið hér á landi.

Nefndarmenn voru þó sammála um að gæta þyrfti að því við mögulegt afnám gjaldeyrishafta að áhrifin á gengi krónunnar yrði í lágmarki. brjann@frettabladid.is



**NÝJAR FORSENDUR** Samninganefnd Íslands vegna Icesave kynnti í gær uppfærða áætlun um kostnað íslenska ríkisins vegna Icesave í fjármálaráðuneytinu. Á myndinni eru nefndarmennirnir Jóhannes Karl Sveinsson (til vinstri), Guðmundur Árnason og Lárus Blöndal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Enginn kostnaður falli dómar rétt

Tvö mál sem nú eru rekin fyrir dómstólum gætu haft jákvæð áhrif fyrir íslenska ríkið. Verði niðurstaðan úr þeim málum hagstæð má búast við að enginn kostnaður falli á ríkið, segir Lárus Blöndal, sem sæti á í samninganefnd ríkisins vegna Icesave. Það er þó að því gefnu að ekki verði of miklar breytingar á gengi krónunnar.

Fyrra málið höfðaði Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta til að láta reyna á það hvort sjóðurinn eigi rétt á forgangi til greiðslna úr þrotabúi Landsbankans. Sú leið hefur verið kennd við hæstaréttarlögmanninn Ragnar H. Hall.

Síðara málið hafa kröfuhafar höfðað á hendur skilanefnd Landsbankans til að freista þess að hnekkja þeirri ákvörðun nefndarinnar að svokölluð heildsöluinnlán séu forgangskröfur. Kröfur vegna þeirra nema um 147 milljörðum króna. Flokkist þær sem almennar kröfur kemur hærri upphæð í hlut þeirra sem eiga forgangskröfur, þar með talið Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Ekki var reiknað með því að niðurstöður dómsmála verði ríkinu hagstæðar í útreikningum samninganefndarinnar.

## Helstu atriði sem leiða til breytts mats

- Áætlaðar endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans upp í forgangskröfur hafa aukist úr 1.138 milljörðum í 1.175 milljarða, eða um 37 milljarða. Hlutur Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er 51,26 prósent, eða um 19 milljarðar króna.
- Fyrstu greiðslur úr þrotabúi Landsbankans tefjast um að minnsta kosti tvo mánuði. Þetta hefur í för með sér aukinn vaxtakostnað fyrir ríkið.
- Fyrsta greiðsla vaxta Tryggingasjóðsins til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi miðast við lok apríl en ekki janúar, sem lækkar áfallna vexti.
- Frá eign Tryggingasjóðsins dragast 1,5 milljarðar vegna skiptinga á vaxtakröfu í bú Landsbankans.
- Samsetning eigna þrotabúsins hafa breyst, stærri hluti er nú í reiðufé og verðtryggðu skuldabréfi. Það gerir forsendur um endurheimtur traustari og minnkar óvissu.
- Eignir þrotabúsins í íslenskum krónum hafa minnkað sem hlutfall af heildareignum, og eru nú um átta prósent.

## Áætlaður kostnaður ríkisins vegna Icesave

Samninganefnd Íslands í Icesave-málinu áætlaði kostnaðinn við Icesave-samninginn í desember síðastliðnum, og hefur nú uppfært þá áætlun. Að auki setti nefndin fram tvær fráviksspár. Önnur er miðað við betri heimtur úr þrotabúi Landsbankans. Sú síðari gerir ráð fyrir verri heimtum.




Heimild: Spá samninganefndar ríkisins í Icesave-málinu







# SENSAI

Örlítill litur en heil uppspretta af raka

Silkimjúkt og rakagefandi gel sveipar húðina fáguðum lit.
Við kynnum HYDRACHANGE TINTED GEL CREAM frá SENSAI.

CELLULAR PERFORMANCE HYDRACHANGE TINTED GEL CREAM frá SENSAI stútfullt af efnum (Hydrachange Complex) sem stuðla að aukinni rakamyndun í vefjum húðarinnar sem síðan framkallar stinnari, heilbrigðari og meira geislandi húð. Með það fyrir augum að tryggja æskilegan raka alveg niður í neðstu lög húðarinnar hefur þetta einstaka gel, sem byggt er á þaulprófuðum rakahvetjandi efnum, mjög hlaupkennda áferð sem auka teygjanleika húðarinnar. Um leið og þú berð gelið á húðina sveipar þú hana silkimjúkri slæðu sem gefur húðinni örlítinn en fágaðan lit og einstakan ljóma.




Kanebo
INTERNATIONAL

## RÁÐGJÖF OG KYNNING Á NÝJUNGUM
## 3. - 9. MARS

Einstakt tækifæri til þess að fá húðgreiningu og ráðgjöf um hvað hentar þinni húð best.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 5.900 kr. eða meira*. Við hlökkum til þess að sjá þig.

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir saksóknarinn í máli Geirs H. Haarde fyrir landsdómi?
2. Hvaða tískuhönnuður var rekinn frá Dior fyrir að segjast elska Hitler?
3. Hver er forstöðumaður Barnaverndarstofu?

SVÖR

1. Sigríður J. Friðjónsdóttir. 2. John Galliano. 3. Bragi Guðbrandsson.

Ríkið greiðir 250 til 300 milljónum undir áætlun vegna tannlækninga barna:

# Gjaldskrár tannlækna fæla frá

**HEILBRIGÐISMÁL** Útgjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna endurgreiðslu tannlæknakostnaðar barna voru 250-300 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir á síðasta ári.

Lög gera ráð fyrir að Sjúkratryggingar Íslands greiði 75% af kostnaði fyrir börn 17 ára og yngri en vegna misræmis á opinberri gjaldskrá og raunverulegri gjaldskrá tannlækna hefur greiðsluþátttakan verið innan við 50% af raunkostnaði foreldra, segir á vef velferðarráðuneytisins.

Vegna þess hve mikill kostnaður lendir á foreldrum leita nú færri börn en áður eftir þjónustu tannlækna.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að nú séu að hefjast viðræður um nýjan samning milli ráðuneytisins og Sjúkratrygginga annars vegar og tannlækna hins vegar: „Þá vonast ég til þess að samkomulag náist um eina gjaldskrá vegna tannlækninga barna sem geti tryggt að kostnaðarþátttaka hins opinbera verði allt að 75% af raunkostnaði fyrir allar almennar tannlækningar barna,“ segir Guðbjartur um samningsmarkmið ríkisins í þeim viðræðum. **- pg**



**DÝR ÞJÓNUSTA** Færri börn en áður leita tannlækna vegna þess hve þátttaka foreldra í kostnaði hefur aukist. NORDICPHOTOS/GETTY

Barnaverndarstofa:

# Tilkynnt um færri börn

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um eitt prósent á milli 2009 og 2010. Fjöldi tilkynninga í fyrra var 9.233 en 9.327 2009, samkvæmt skýrslu Barnaverndarstofu.

Færri börn voru einnig tilkynnt, en þau voru 7.605 í fyrra en 7.711 árið á undan. Í um 7,3 prósentum tilvika lék grunur á að foreldrar væru að neyta vímuefna, Fjölgun var í tilfellum þar sem um heimilisofbeldi var að ræða, úr 2,9 prósentum árið 2009 í 4 prósent í fyrra. **- sv**

Embætti ríkissaksóknara:

# Sjö sóttu um

**STJÓRNSÝSLA** Sjö umsóknir bárust um embætti ríkissaksóknara. Umsóknarfrestur rann út 28. febrúar síðastliðinn.

Umsóknirnar verða nú sendar til meðferðar hjá hæfnisnefnd er skal vera ráðherra til fulltingis við undirbúning skipunar í embættið og skila honum rökstuddu og skriflegu mati á hæfni umsækjenda.

Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. apríl næstkomandi, en þá lætur Valtýr Sigurðsson af störfum. **- jss**

### Umsækjendur um embætti ríkissaksóknara

- Egill R. Stephensen, *lögfræðingur við embætti tollstjóra.*
- Helgi Magnús Gunnarsson, *aðstoðarsaksóknari Alþingis og saksóknari við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.*
- Jón H. B. Snorrason, *aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.*
- Kolbrún Sævarsdóttir, *settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.*
- Ólafur Helgi Kjartansson, *sýslumaður á Selfossi.*
- Sigríður J. Friðjónsdóttir, *saksóknari Alþingis og vararíkissaksóknari (í leyfi).*
- Sigríður Elsa Kjartansdóttir, *settur vararíkissaksóknari og saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara.*

Ríkissaksóknari ákærir:

# Stórslasaði konu af gáleysi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi.

Manninum er gefið að sök hafa ýtt við konu þannig að hún féll niður stiga á veitingastaðnum Boston við Laugaveg í febrúar fyrir tveimur árum.

Við fallið fékk konan skurði á höfuð, mar víðs vegar um líkamann, auk fleiri meiðsla og áverka. Konan krefst tæplega þriggja milljóna króna í skaðabætur. **- jss**

# Bolli taldi ósiðlegt og jafnvel ólöglegt að selja bréfin

**Baldur Guðlaugsson telur að meintar innherjaupplýsingar hafi verið opinberar og að mestu aðgengilegar almenningi. Annar ráðuneytisstjóri taldi þær hins vegar svo viðkvæmar að þær þyrfti að læsa inni í skáp.**

**DÓMSMÁL** Bolli Þór Bollason, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, átti hlutabréf í íslensku bönkunum fyrir hrun sem hann taldi sig ekki geta selt, stöðu sinnar vegna. Þetta sagði Bolli í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar hann bar vitni í máli Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, sem ákærður er fyrir innherjasvik.



**BOLLI ÞÓR BOLLASON**

Baldur hafði fyrr um morguninn gefið skýrslu og meðal annars sagt að hann hefði látið Bolla vita áður en hann seldi bréfin 17. og 18. september 2008. Báðir áttu þeir sæti í samráðshópi þriggja ráðuneyta, Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins um fjármálastöðugleika. Þar telur ákæruvaldið að Baldur hafi öðlast allar helstu innherjaupplýsingar sínar um slæma stöðu Landsbankans.

Bolli sagði þessa frásögn Baldurs hins vegar ranga. Hann hefði ekki frétt af sölunni fyrr en eftir á. „Ég man þetta alveg sérstaklega vegna þess að ef ég hefði fengið þetta símtal fyrir söluna hefði ég mælt gegn henni,“ sagði Bolli.

Sjálfur hefði hann átt bréf í bönkum en metið stöðu sína sem ráðuneytisstjóri og fulltrúi í samráðshópnum þannig að hann byggi yfir of miklum upplýsingum um stöðu bankakerfisins og gæti því ekki selt bréfin, „ef ekki lagalega, þá allavega ekki siðferðislega“.

Bolli sagði enn fremur að með þær upplýsingar hefði verið „ljóst að bankakerfið væri að fara undir og að á þessum tímapunkti færi maður ekki út í viðskipti með hlutabréf“.

Tveir fyrrverandi ráðuneytisstjórar til viðbótar komu fyrir dóminn, þær Jónína S. Lárusdóttir og Áslaug Árnadóttir, sem báðar stýrðu viðskiptaráðuneytinu um tíma, auk Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Fyrsti dagur aðalmeðferðarinnar hverfðist aðallega um það sem fram kemur í fundargerðum samráðshópsins frá júlí og fram í september 2008.

Baldur hélt því fram að á fundunum hefði fátt verið rætt sem ekki hefði verið hægt að nálgast upplýsingar um annars staðar. „Það var ekki verið að miðla miklum upplýsingum,“ sagði Baldur. Umræðurnar hefðu verið almennar og á grundvelli vitneskju sem flestir sæmilega upplýstir borgarar hefðu getað búið yfir. Trúnaður um þær hefði ekki verið meiri en gekk og gerðist.



**KVEÐST SAKLAUS** Baldri leið „extra vel“ með að selja bréfin um miðjan september, enda mál þá „í eins miklu jafnvægi og þau gátu verið“. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hin vitnin sögðu aðra sögu: Mikið magn upplýsinga hefði komið fram á fundunum og rík áhersla hefði verið á trúnað um þær. Jónína Lárusdóttir sagðist hafa geymt fundargerðirnar inni í læstum skáp af ótta við að ef einhver kæmist í þær gæti það valdið áhlaupi á bankakerfið.

Baldur sagðist hafa metið ástandið svo um miðjan september að allt væri með kyrrum kjörum í fjármálaheiminum. „Ég vildi bara fara alveg rosalega varlega,“ sagði hann, til að vera viss um að hann byggi ekki yfir innherjaupplýsingum. Honum hefði liðið „extra vel“ á þessum tíma, enda „málin í eins miklu jafnvægi og þau gátu verið“, og því ákveðið að selja bréfin. Fyrir þau fékk hann 192 milljónir.

stigur@frettabladid.is

### Vitni kölluð heim

Enn á eftir að taka skýrslur af bankastjórum og starfsmönnum gamla Landsbankans og ýmsum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum Seðlabankans.

Ingimundur Friðriksson, fyrrverandi seðlabankastjóri, er búsettur í Noregi og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, í Kanada. Til stóð að þeir gæfu báðir skýrslu símleiðis en við upphaf aðalmeðferðar í gær ákvað Guðjón St. Marteinsson að vitnisburður þeirra væri of mikilvægur til þess. Þeim verður því gert að koma til landsins og mæta fyrir dóminn.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið á morgun, föstudag, og síðan verður tekin skýrsla af Halldóri í þarnæstu viku.






Rýnifundi Íslands og Evrópusambandsins um sjávarútvegsmál lokið í Brussel:

# Áhersla lögð á fyrirvara Alþingis

**EVRÓPUMÁL** Áhersla var lögð á mikilvægi íslensks sjávarútvegs fyrir þjóðarhag og greint frá árangri Íslands við stjórnun fiskveiða á seinni rýnifundi Íslands og Evrópusambandsins, sem lauk í Brussel í gær, að því er kemur fram í tilkynningu utanríkisráðuneytisins.

Sérstök áhersla hafi og verið lögð á þá fyrirvara sem koma fram í áliti meirihluta utanríkismálanefndar. Téð álit er eins konar vegvísir samningafólks Íslands í aðildarviðræðunum.

Samningahópur um sjávarútvegsmál minnti meðal annars á fyrirvara um forræði íslenskra stjórnvalda yfir sjávarauðlindinni, með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi, og einnig á hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Þá var áhersla lögð á það að „Íslendingar fari með samningsforræði við stjórn veiða úr deilistofnum eins og hægt er þannig að réttindi Íslands verði sem best tryggð,“ eins og segir í tilkynningu utanríkisráðuneytisins. Einnig er minnt á andstöðu Íslendinga við reglur ESB, sem heimila brottkast.



**SAMNINGANEFND ÍSLANDS** Í nefndinni sitja formenn samningahópa, sem hver sér um afmarkað svið. Formaður hóps um sjávarútvegsmál er Kolbeinn Árnason. Hann kynnti á rýnifundi í gær íslensk lög um sjávarútveg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að auki var rætt um að takmarka fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi, til að tryggja að ágóðinn félli til á Íslandi. **- kóþ**


MOTTU
MARS
Gegn krabbameini í körlum
GÆTTU TUNGU ÞINNAR
10 KR AF HVERJUM LÚXUSPINNA RENNA
TIL STYRKTAR KRABBAMEINSFÉLAGINU
Lúxus
Kjörís



**MATAÐ ÚR MUNNI** Hindúi í Katmandú í Nepal gefur apanum sínum jarðarber beint úr munninum að kvöldi hátíðarinnar Maha Shivaratri. Hindúar heiðra hátíðina með föstu. NORDICPHOTOS/AFP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Upplýstu sex innbrot

Lögreglan á Húsavík hefur upplýst sex mál er varða innbrot, skemmdarverk og þjófnaði úr heimahúsum, sumarhúsum og verslun í nágrenni Lauga í Reykjadal í Þingeyjarsveit í nóvember í fyrra. Tveir einstaklingar hafa við yfirheyrslur hjá lögreglunni viðurkennt brotin, sem fara nú í sakamálameðferð.

Nýjasta verðkönnun ASÍ sýnir töluverðar hækkanir í matvöruverslunum:

# Hagkaup og Bónus hækka mest

**NEYTENDUR** Tölverðar verðhækkanir hafa orðið frá því í haust á grænmeti, ávöxtum, mjólkurvörum, ostum og kjötvörum. Kemur þetta fram í nýjustu matvöruverðskönnun ASÍ, sem var gerð í febrúar.

Við verðsamanburð frá því í nóvember í fyrra kom í ljós að verð körfunnar hækkar í öllum verslunum nema 11/11 og Samkaupum-Úrvali. Mestu hækkanirnar eru í Hagkaupum, þar sem matarkarfan hækkaði um 9,1 prósent í verði, og Bónus, þar sem hún hækkaði um 5,1 prósent. Kostur neitaði að taka þátt í mælingunni, líkt og síðastliðnar vikur.

Í flokki lágvöruverðsverslana hækkaði verð á grænmeti og ávöxtum um 16,4 prósent, á mjólkurvörum, ostum og eggjum um sjö prósent og kjötvörum um 5,8 prósent. Í Krónunni hækkaði vörukarfan um 3,5 prósent í heild og um 1,1 prósent í Nettó.

Í stórmörkuðum og svokölluðum klukkubúðum hækkaði verð mest í Hagkaupum. Kjötvörur hækkuðu um 29,8 prósent í verði, grænmeti og ávextir um 14,6 prósent og mjólkurvörur, ostar og egg hækkuðu um 4,6 prósent. Í Nóatúni hækkaði vörukarfan um 4,5 prósent, í 10-11 um 4,4 prósent og í Samkaupum-Strax um 2,3 prósent. - sv



**STÓRMARKAÐUR** Verð á vörukörfu ASÍ hækkaði mest í Hagkaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Verðlækkanir

Verð vörukörfunnar hefur lækkað hjá 11/11 um -1,2 prósent. Er það vegna verðlækkunar á sætindum og snyrtivörum. Í Samkaupum-Úrvali lækkaði vörukarfan um 0,6 prósent í verði, einnig vegna verðlækkunar á sætindum.



**SORPA** Endurvinnslustöðvar verða opnaðar tveimur klukkustundum seinna um helgar en verið hefur.

Sparnaður hjá Sorpu:

# Endurvinnslan opnuð seinna

**BORGARMÁL** Framvegis verða endurvinnslustöðvar Sorpu opnaðar tveimur klukkustundum seinna um helgar en verið hefur. Þær verða opnaðar klukkan 12 á hádegi en ekki klukkan 10. Áfram verður opið til klukkan 18.30 og engin önnur röskun verður á þjónustunni.

Stytting á helgarafgreiðslutíma er liður í að lækka rekstrarkostnað, segir í fréttatilkynningu frá Sorpu. Í tilkynningunni kemur fram að tiltölulega fáir nýti sér tímann milli klukkan 10 og 12 um helgar. Áður hefur komið fram að loka eigi endurvinnslustöðinni á Kjalarnesi en samkvæmt upplýsingum frá Sorpu sýna reynslutölur að Kjalarnesstöðin er lítið notuð.



**SÆLGÆTI** Í nýrri norrænni skýrslu kemur fram að óhollur matur hafi mun skaðlegri áhrif á umhverfið en sá sem er talinn hollur.

Óhollusta skaðar umhverfið:

# Veldur mun meiri skaða en hollur matur

**UMHVERFISMÁL Sælgæti og skyndibitar valda mun meiri skaða á umhverfinu en holl fæða. Þetta kemur fram í nýrri norrænni skýrslu frá Norrænu ráðherranefndinni. Umhverfisáhrif sem þessi hafa aldrei verið skráð áður. Íslendingar borða langmest af sælgæti og óhollri fæðu af öllum Norðurlandaþjóðunum.**

**Í skýrslunni kemur meðal annars fram að eitt kíló af kartöfluflögum veldur tuttugu sinnum meiri koltvísýringslosun en sama magn af nýjum kartöflum. Sælgæti virðist hafa enn verri áhrif.** - sv

Deilt um Vísindagarða við HÍ:

# Gísli Marteinn með meirihluta

**SKIPULAGSMÁL** Sjálfstæðismenn í skipulagsráði Reykjavíkur skiptust í gær í þrjá hópa þegar ráðið ræddi tillögur að Vísindagörðum við Háskóla Íslands.

Gísli Marteinn Baldursson var með í bókun fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar um að „uppbygging stúdenta- og vísindagarða sé einstakt tækifæri til að skapa vistvænt borgarhverfi við Háskóla Íslands“ en þau Júlíus Vífill Ingvarsson og Marta Guðjónsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins og settu fram hvort sína bókunina. Júlíus gerði athugasemdir við áformaða gjaldtöku á bílastæðum en Marta sagði gífurlegt byggingarmagn og mjög háar byggingar „í algjörri andstöðu við skipulag nærliggjandi gatna“. - gar








## Aukin þjónusta við viðskiptavini

Það verður opið til kl. 18 í öllum útibúum Íslandsbanka alla fimmtudaga í mars.

Ráðgjafar okkar verða til þjónustu reiðubúnir og viðskiptavinir geta fengið upplýsingar um úrræði vegna húsnæðislána. Einnig verður opið hjá gjaldkerum og hægt að sinna öllum venjulegum erindum.

**Við tökum vel á móti þér - alltaf heitt á könnunni.**

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**SKOÐIÐ BÆKLINGINN OG FLEIRI TILBOÐ Á WWW.NETTO.IS**




# NÝR BÆKLINGUR KOMINN ÚT

markhonnun.is










Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **3. – 7. mars.**
eða meðan birgðir endast



**FLJÓTANDI NÁMUMENN** Tveir úr hópi sílesku námumannanna sem eyddu 69 dögum neðanjarðar á síðasta ári flutu glaðbeittir í Dauðahafinu nú í febrúar. Félagarnir voru í pílagrímsferð til Landsins helga og tóku stutt stopp til þess að skella sér í bað. NORDICPHOTOS/AFP



**ÍSLENSKUR EPLAGARÐUR** Garðyrkjufélagið heimsótti Hellu í sumar, þar sem einn frægasti eplagarður landsins er. MYND/VALBORG EINARSDÓTTIR

Ávaxtarækt fer af stað:

## Ætla að prófa yfir 130 yrki

**LANDBÚNAÐUR** Farið verður af stað með ræktun á yfir 130 norðlægum yrkjum af ávaxtatrjám hér á landi á næstunni. Garðyrkjufélag Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands undirrituðu samstarfssamning um verkefnið í síðustu viku.

Tilgangur verkefnisins er að byggja upp grundvöll fyrir því að í framtíðinni verði hægt að leiðbeina um val og ræktunaraðferðir á ávaxtatrjám hér á landi. Um 160 manns í Garðyrkjufélaginu taka þátt í verkefninu og prófa yrki af eplatrjám, perutrjám, plómum og kirsiberjum um allt land. - sv

# Segja tillögurnar litlu skila

**Minnihlutinn í menntaráði segir takmarkaðan fjárhagslegan ávinning af sameiningu og samrekstri í skólakerfinu. Einungis um hálft prósent að sögn sjálfstæðismanna. Endanlegar tillögur kynntar í dag.**

**SKÓLAMÁL** Fulltrúar minnihlutans í menntaráði Reykjavíkurborgar telja að lítill fjárhagslegur ábati verði að fyrirhuguðum sameiningum og hagræðingu í skólakerfi borgarinnar sem kynnt verða í borgarráði í dag.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntaráði, segir meðal annars í grein í Fréttablaðinu í dag að hugmyndirnar sem fram eru komnar feli aðeins í sér hálfs prósents lækkun á útgjöldum borgarinnar til grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila, þegar hagræðingin er að fullu komin til framkvæmda.

Fyrir utan það, átelur minnihlutinn þær hugmyndir sem fram eru komnar og segir fagleg vinnubrögð fyrir borð borin.

Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna í menntaráði, segir í samtali við Fréttablaðið að ávinningurinn af breytingunum sé óverulegur. Þá sé hún óánægð með vinnuferlið og svartsýn með árangur þar sem meirihlutinn sé ekki að vinna í sátt við fagaðila.

„Það er ekki svo mikið sem sparast miðað við það rask sem verður á starfinu í skólunum. Tal meirihlutans um faglegg sjónarmið eru eftiráskýringar, því þau eru að ráðast í þetta einvörðungu til að skera niður en ekki til að bæta faglegt starf, þrátt fyrir yfirlýsingar um faglegan ávinning og tækifæri. Við í Vinstri grænum hefðum viljað hagræða alls staðar annars staðar en á mennta- eða velferðarsviði.“





**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR** **LÍF MAGNEUDÓTTIR**

Þorbjörg Helga segir í grein sinni að „þegar öllu er til tjaldað ætlar vinnuhópurinn að sameiningar skóla sem lagðar eru til lækki heildarútgjöld leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila ekki nema um hálft prósent þegar hún er komin fram að fullu árið 2014. Slík hagræðing réttlætir engan veginn það rask og óróa sem óumflýjanlegt er í skólum og frístundaheimilum borgarinnar í kjölfarið.“

Hún bætir því við að faglegur ávinningur, sem var ein af forsendum verkefnisins, sé enn óljós.

„Farsælast hefði verið að viðurkenna í skýrslunni að engin trygging sé fyrir því að faglegur ávinningur náist fram með sameiningu skóla.“

Meirihlutinn hefur boðað til blaðamannafundar klukkan 13 í dag þar sem áætlanirnar verða kynntar. thorgils@frettabladid.is

## Umdeildar tillögur til hagræðingar:

Umræddar tillögur eru trúnaðarmál en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða aðgerðir sem snerta um 50 leik- og grunnskóla, en þar að auki verða frístundaheimili sameinuð grunnskóla í öllum hverfum borgarinnar.

Flestar hugmyndirnar lúta að sameiningu yfirstjórna leikskóla og snerta rúmlega 30 leikskóla, en í tveimur tilfellum eru leikskólar sameinaðir grunnskóla.

Þá eru sex grunnskólar sameinaðir í þremur tilfellum og í þremur til viðbótar er skipulagi bekkjardeilda breytt þannig að skólarnir halda sjálfstæði sínu, en verða aldursskiptir.

Meðal þeirra tillagna sem koma fyrir borgarráð í dag eru, samkvæmt heimildum blaðsins:

- Hagaskóli muni taka að sér 7. bekki úr Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Grandaskóla, en er nú safnskóli fyrir 8.-10. bekk í hverfinu.
- Leikskólarnir Barónsborg, Lindarborg og Njálsborg verði sameinaðir.
- Álftaskóli og Hvassaleitisskóli verði sameinaðir.





**SAMEININGAR KYNNTAR** Meirihlutinn í borgarstjórn mun kynna tillögur sínar til hagræðingar í skólakerfinu í dag. Minnihlutinn segir óverulegan ávinning af aðgerðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“

**Reglubundinn sparnaður** er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



SÉR
TILBOÐ MEÐ
STAÐGREIÐSLUKORTI:
STAÐGREIÐSLUKORT
Gildir til 11. mars
FJÖLSKYLDUTILBOÐ
2 risabátar og 2 l gos
áður 2.690 kr.
1.990 kr.
26% AFSL.
Quiznos
RISTUÐ SAMLOKA
áður 530 kr.
355 kr.
33% AFSL.
PRINCE POLO MINI
(22 stk.) áður 449 kr.
337 kr.
25% AFSL.
RÚÐUHREINSIR
2,5 l
áður 798 kr.
399 kr.
50% AFSL.
ÞÚ FÆRÐ AFSLÁTTINN STRAX
Þú færð kortið frítt, greiðir með peningum eða greiðslukorti, framvísar Staðgreiðslukortinu um leið og nýtur betri kjara.
ALLTAF MEÐ
STAÐGREIÐSLUKORTI:
-3KR. AF ELDSNEYTI
5% AF ÖLLUM VÖRUM*
-3KR. Í FORMI VILDARPUNKTA ICELANDAIR
Sæktu um Staðgreiðslukortið í snjallsíma með QR-merkinu hér fyrir ofan. Einnig er hægt að sækja um á olis.is og á Olís-stöðvum um land allt.
olís
Vinur við veginn
*Ekki er veittur afsláttur af blöðum, tímaritum, tóbaki, símakortum eða happdrættismiðum.
PIPAR\TBWA · SÍA · 110401

Electrolux 5 ára ábyrgð



5 ára ábyrgð
orknýting A

**79.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Ofn EOB 53100X**
Stál, níu kerfi,
tvöfalt gler í hurð, grill.
1830111

Electrolux 5 ára ábyrgð



5 ára ábyrgð
þvotthæfni A
Orkunýting A
þurkhæfni A

**79.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Uppþvottavél ESF 65052W**
82/88x59,6x57,5 cm
1805331



5 ára ábyrgð

**59.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Kælir/frystir**
FHC 142/DF2-28
143x58x55 cm.
Kælirými 171 ltr, frystirými 41 ltr.
1805498

Frigor
5 ára ábyrgð

# RAFTÆKI

## Á LÆGRA VERÐI



5 ára ábyrgð
tilboð
**89.900,-**
~~116.900,-~~

**Ofn, EOB 63100X**
Burstað stál, Þrefalt gler, Barnalæsing, tvö ljós. Stærð H-59,4 cm. B-59,4 cm. D-56,7 cm.
1830118
Electrolux 5 ára ábyrgð

Electrolux



tilboð
**14.900,-**
~~19.950,-~~

**Vifta útdraganleg EFP 6411X**
Stærð 59.8 x 29.5 x 17.3 cm.
Þrjár hraða stillingar.
1805403



5 ára ábyrgð
tilboð
**35.900,-**
~~45.990,-~~

**Háfur á vegg**
60 cm, hljóðstyrkur 56 dB, fitusía úr áli.
1850559
Amica



5 ára ábyrgð
orknýting A
**49.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frigor
5 ára ábyrgð

**Kælir/frystir**
FHC 85
84.5x57.6x55.
Kælirými 103 ltr, frystirými 15 ltr.
1805500

Electrolux 5 ára ábyrgð



5 ára ábyrgð
tilboð
**79.900,-**
~~99.900,-~~

**Helluborð EHS 60140X**
Með snertitökkum.
1850517



5 ára ábyrgð
**59.900,-**
~~79.790,-~~

**Helluborð**
Amica Ceramic.
Með snertitökkum.
1850548
Amica



20 ltr.
**9.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Örbylgjuofn United**
20 ltr. 800W.
1840909



MEÐ GRILLI
tilboð
**13.990,-**
~~15.995,-~~

**Örbylgjuofn United**
Silfur, 20 ltr. 800W, m/grilli.
1840934

## MIKIÐ ÚRVAL AF RAFTÆKJUM

Gildir til 14. mars

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Electrolux
## 5 ára ábyrgð
## í Húsasmiðjunni

**Þvottavél**
EWF 126410W
1200 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
1805477



1200 snúninga
tekur 6 kg
orknýting A
þvottahæfni A

5 ára ábyrgð

**78.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

2 pakkar fylgja öllum þvotta-vélum




**2 pakkar af MILT þvottaefni fylgja með öllum þvottavélum í Húsasmiðjunni**



tilboð
**3.900,-**
~~4.879,-~~

**Samlokujárn**
Bomann Estate.
Stál, 700W
1840843



AEG
**10.990,-**

**Rafmagnsofn AEG.**
Olíufylltur, níu eininga.
1840805



Með hreinsibúnaði
**18.990-**

**Rakatæki með hreinsibúnaði**
Orion,EVAP 420. Hentar fyrir herbergi allt að 50 m2
1802718



Rakatæki
**16.590-**

**Rakatæki**
Stylies,Vapo 271. Hentar fyrir herbergi allt að 70 m2
1802719

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

# neytendur
hagur heimilanna

**77%** **KÍLÓVERÐ Á KAFFI** hækkaði um 77 prósent á árunum 2005 til 2010.




Ánægð í háloftunum

Fegurðardrottningin Sigrún Bender er fyrsti íslenski kvenflugmaðurinn hjá Iceland Express.



föstudagur

– fylgir Fréttablaðinu á morgun




**BJÓR** Bjórinn hefur lækkað um 32 prósent frá því að hann var leyfður. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Bjórverð hefur lækkað um 32% frá árinu 1989

**Bjórinn er ódýrari í ÁTVR í dag en hann var árið 1989 og verð á skemmtistöðum er einnig lægra ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs.**

Verð á bjór í vínbúðum ríkisins hefur lækkað um rúm 32 prósent frá árinu 1989, þegar sala á bjór var leyfð, til ársloka 2010. Þetta má lesa úr upplýsingum frá ÁTVR sem hefur haldið utan um verðþróun á íslenskri bjórtegund af stærðinni 330 millilítrar, á fyrrnefndu tímabili.

Línuritið hér til hliðar, sem unnið er úr gögnum frá ÁTVR, sýnir verðþróunina á umræddu tímabili. Verð er reiknað að núvirði.

**Bjórverð á skemmtistöðum**

| Skemmtistaður | Verð á stórum bjór (í kr.) |
|---|---|
| **Akureyri** | |
| Götubarinn | 850 |
| Kaffi Akureyri | 800 |
| Cafe Amor | 900 |
| **Reykjavík** | |
| Danski barinn | 800 |
| Enski barinn | 800 |
| Nýlenduv. Hemma og Valda | 750 |
| Vegamót | 800 |
| Ölstofa Kormáks og Skjaldar | 750 |

Sala á bjór í febrúar 2011 minnkaði um 1,6 prósent samanborið við sama mánuð í fyrra að sögn Sigrúnar Óskar Sigurðardóttur á fjárhagssviði ÁTVR. Bjórsala í desember 2010 dróst saman um 3,8 prósent miðað við desember 2009 og í janúar 2011 um 6,4 prósent samanborið við sama mánuð árið á undan. Lækkunin í febrúar er því í takt við þróunina undanfarna mánuði en þó nokkuð minni.

Þriðjudaginn 1. mars var haldið upp á 22 ára afmæli bjórsins hér á landi. Fyrstu árin sem bjórinn var leyfður var hann aðeins fáanlegur í 330 millilítra dósum og þurfti að fjárfesta í kippu því ekki var boðið upp á kaup í stykkjatali. Kippa af viðmiðunarbjór ÁTVR kostaði 690 krónur á verðlagi ársins 1989 eða 115 krónur stykkið.

Í umfjöllun Morgunblaðsins frá 1. mars 1989 má lesa að Löwenbräu og Sanitas Pilsner hafi verið vinsælar tegundir ásamt Egils Gulli og Tuborg. Í sömu umfjöllun fannst blaðamanni ástæða til að „undirstrika, og það rækilega, að bjór er áfengi, og það þarf að umgangast hann sem slíkan. Bjór og bíll eiga til dæmis aldrei samleið, nema í slysi.“ Meðalverð á stóru bjórglasi var um 920 krónur á núvirði, sem er hærra en gengur og gerist í dag.

Í töflunni hér til hliðar má sjá hefðbundið verð á stórum íslenskum bjór, 500 millilítra bjórglasi, í dag. Verðið miðar við álagstíma á nokkrum skemmtistöðum á Akureyri og í Reykjavík. Verðið rokkar á bilinu 750 til 900 krónur.

Utan álagstíma geta neytendur þó gert betri kaup. Algengt er að bjórverð sé töluvert lægra á svonefndum gleðitíma (e. happy hour) sem stendur yfirleitt frá lokum hefðbundins vinnudags og fram að kvöldmat.

**Verðþróun á 330 ml bjór í ÁTVR**




Við útreikning á núvirði er stuðst við hlutfall neysluvísitölu hvers árs og ársins 2010.

**NEYTANDINN** MAGNÚS R. EINARSSON ÚTVARPSMAÐUR

## *Seldi bíl fyrir einn koss*



„Bestu bílaviðskipti sem ég hef átt var þegar ég seldi bíl fyrir einn koss, annars eru bílakaup almennt verstu kaup sem ég hef gert,“ segir Magnús R. Einarsson, útvarps- og tónlistarmaður, og bætir við að hann hafi eins og aðrir látið glepjast til að fá sér bíl. „Maður verður háður bílnum, hann er eins og versta fíkniefni. Svo fara menn að spegla sjálfan sig í bílnum, hann verður stöðutákn. Þetta getur leitt menn í ógöngur.“

Magnús segir allt í sambandi við bílaeign slæmt. Hann segist vera glataður í bílaviðskiptum; þeir hafi reynst illa, þeir eigi það til að bila og rekstrarkostnaðurinn fari upp úr öllu valdi. „Ég losaði mig undan þessari fíkn og losnaði við allt stressið,“ segir Magnús. „Bestu kaupin eru tvímælalaust hljóðfærin mín og þá sérstaklega mandólín sem ég keypti á Írlandi. Í kjölfarið einokaði ég mandólínmarkaðinn á Íslandi og fékk að spila með öllum helstu tónlistarmönnum landsins. Mandólínið er fallegt í laginu og mjög hljómfagurt, kostaði lítið og gaf mér mikla vinnu.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

**Gamlir vasar fá nýtt líf**

■ *Gera má vasa og glös sem ný með salti*



Móða og ský á blómavösum og glösum eru hvimleiðir fylgifiskar áralangrar notkunar. Hægt er að losna við skýjuðu blettina. Það má til dæmis gera með því að fylla vasana og glösin af vatni og bæta ríkulegu magni af salti út í. Þá ættu þessir gripir að verða aftur glærir og glansandi.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir.is






**HENRIKA púðaver 895,-/stk.**
B50×L50cm. Bleikt



**BLASIPPA sængurverasett**
**4.990,-** B150×L200/B50×L60cm
Dökkgrátt



**HENRIKA teppi 2.690,-/stk.**
B120×L180cm. Ýmsir litir



**DAGNY púði 2.490,-**
B30×L50cm
Ljósdrapplitað/marglitað

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

**4.000 MILLJARÐAR KRÓNA** eru erlendar eignir þjóðarbúsins. Á móti námu skuldir 13.326 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum sem Seðlabankinn birti í gær um erlenda stöðu þjóðarbúsins. Ef fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru tekin út úr tölunum er staðan við útlönd neikvæð um 434 milljarða króna.

Sex af tíu sveitarfélögum kaupa þjónustu Vodafone:

# Töluverð samkeppni

Sex af tíu stærstu sveitarfélögum landsins eru nú með öll sín fjarskipti hjá Vodafone. Hin fjögur kaupa þjónustu Símans.

Töluverð samkeppni ríkir á fjarskiptamarkaði en auk Símans og Vodafone má nefna fyrirtæki á borð við Nova, Tal, Alterna og Hringdu sem berjast um hylli neytenda.

Á fyrirtækjamarkaði er oftar en ekki samið um heildstæða þjónustu, svo sem símtæki, GSM-þjónustu, hefðbundna símaþjónustu, tölvupóst og netþjónustu. Í tilkynningu Vodafone kemur fram að fyrirtækið þjónusti nú mörg stærstu fyrirtæki landsins og sex af sjö stærstu sveitarfélögunum. Í síðustu viku bættist Reykjanesbær í þann hóp, þegar Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, skrifuðu undir fjögurra ára þjónustusamning. **- óká**

**Fjarskiptakaup sveitarfélaga**

| Sveitarfélag | íbúafjöldi* | Símafyrirtæki |
|---|---|---|
| Reykjavík | 118.427 | Vodafone |
| Kópavogur | 30.314 | Vodafone |
| Hafnarfjörður | 25.872 | Vodafone |
| Akureyri | 17.563 | Síminn |
| Garðabær | 10.587 | Vodafone |
| Reykjanesbær | 14.081 | Vodafone |
| Mosfellsbær | 8.527 | Vodafone |
| Árborg | 7.810 | Síminn |
| Akranes | 6.555 | Síminn |
| Fjarðabyggð | 4.637 | Síminn |

*m.v. Þjóðskrá 1. desember 2009

# Horfur batna innan Evrópusambandsins

**Heimshagkerfið er að rétta úr kútnum eftir niðursveiflu í á þriðja ár. Búist er við betri hagvexti nú en áður var reiknað með. Evrópusambandið segir í nýrri hagspá aðstæður enn erfiðar og einstök lönd muni glíma áfram við erfiðleika.**



**OLLI REHN** Framkvæmdastjóri efnahags- og gjaldeyrismála hjá ESB segir aðildarríki sambandsins vera að rétta úr kútnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búast má við að meðalhagvöxtur verði 1,6 til 1,7 prósent innan aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) á þessu ári. Þetta er 0,1 prósentustigi meira en áður var gert ráð fyrir í hagspá ESB í nóvember í fyrra.

Framkvæmdastjórn ESB birti uppfærða hag- og verðbólguspá á þriðjudag. Þar kemur meðal annars fram að aðstæður í efnahagslífinu hafi batnað og séu horfur aðildarríkja ESB almennt góðar. Hún er almennt í takt við endurskoðaðar hagspár á fleiri hagsvæðum sem gefnar hafa verið út upp á síðkastið.

Samtök viðskiptahagfræðinga í Bandaríkjunum spáðu því á dögunum að hagvöxtur þar í landi yrði 3,3 prósent í ár. Fyrri spá þeirra hljóðaði upp á 2,6 prósent. Líkt og aðrir setja þeir ýmsa fyrirvara við spá sína. Þar á meðal geti hátt olíuverð og verðhækkanir á hrávöru sett strik í reikninginn.

Í spá framkvæmdastjórnar ESB kemur fram að búist sé við 0,6 prósenta hagvexti á þessu ári miðað við 0,2 prósent á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Gert ráð fyrir að Þýskaland, stærsta aðildarríki sambandsins, muni leiða lestina með 2,4 prósenta hagvexti á árinu.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal hefur eftir Olli Rehn, framkvæmdastjóra efnahags- og gjaldeyrismála hja ESB, að eftir samdrátt á seinni hluta síðasta árs sé almennt búist við efnahagsbata á þessu ári. Rehn, sem kynnt hagspá framkvæmdastjórnarinnar í Brussel á þriðjudag, sagði efnahagsbatann misjafnan eftir aðildarríkjum. Nokkur þeirra sem hafi glímt við efnahagsörðugleika í fyrra muni gera það enn um sinn. Þá eru fjármálamarkaðir víða í aðildarríkjunum enn viðkvæmir. **jonab@frettabladid.is**



**ÁLVERIÐ STRAUMSVÍK** Samkvæmt Hagstofunni nam álframleiðslan á Íslandi tæplega 814 þúsund tonnum árið 2009.

Heimsmarkaðsverð á áli hækkar enn:

# Álverin gætu hagnast um milljarða

Haldist heimsmarkaðsverð á áli út árið eins og það er nú gætu íslensku álverin hagnast um 38 milljarða króna aukalega miðað við meðalverðið í fyrra.

Álverð var í gær 2.612 dalir á tonnið á málmmarkaðinum í London (LME) miðað við þriggja mánaða framvirka samninga og hefur ekki verið hærra síðan sumarið 2008. Samkvæmt upplýsingum frá LME var meðalverð á markaðinum 2.197 dalir á tonnið í fyrra. Mismunurinn þar á milli er því 415 dalir á tonnið.

Hagstofan hefur ekki upplýsingar um álframleiðsluna á Íslandi fyrir árið í fyrra en árið 2009 nam hún tæplega 814 þúsund tonnum. Reikna má með að framleiðslan hafi verið svipuð eða ívið meiri á síðasta ári. Miðað við þessar forsendur stefnir í að hagnaður íslensku álveranna í ár verði rúmum 38 milljörðum króna meiri en í fyrra ef álverð lækkar ekki mikið það sem eftir er ársins frá því sem það er núna.

Hagvöxtur í Svíþjóð rauk í hæstu hæðir í fyrra þegar hann mældist 5,5 prósent:

# Hefur ekki verið meiri í 40 ár

Vöxtur í sænsku efnahagslífi sló met á síðasta fjórðungi í fyrra þegar hann mældist 7,3 prósent. Jafn mikið stökk á milli ársfjórðunga hefur ekki mælst frá 1970, að sögn sænska dagblaðsins Dagens Nyheter. Hagvöxtur yfir árið allt mældist 5,5 prósent og hafa slíkar tölur ekki sést þar í landi frá 1970.

Þetta er meiri vöxtur en flestir greiningaraðilar þar í landi höfðu gert ráð fyrir. Aukin neysla sænskra heimila á mesta hlutdeild í hagvextinum, um 2,1 prósent. Neysla jókst um 4,3 prósent á milli ára í fyrra og kom það meðal annars fram í mikilli sölu á bílum og heimilistækjum. Þá var þensla á vinnumarkaði og fjölgaði bæði störfum og vinnustundum. „Vöxtur upp á sjö prósent hefur jákvæð sálfræðileg áhrif og eykur sjálfstraustið í sænsku efnahagslífi, sem er mikilvægt," segir Annika Winsth, aðalhagfræðingur hjá Nordea-bankanum, í samtali við Dagens Nyheter.

Í netútgáfu norska dagblaðsins Aftenposten kemur fram að hagvöxtur í Noregi hafi á sama tíma aukist um 0,3 prósent á milli ársfjórðunga og tólf mánaða hagvöxtur mælst 2,2 prósent í fyrra. Meðalhagvöxtur innan aðildarríkja Evrópusambandsins var 1,8 prósent á sama tíma. **- pg**



**FRÁ STOKKHÓLMI** Þetta er algjör viðsnúningur frá því kreppan var sem verst, segir aðalhagfræðingur Nordea banka um þensluna í sænsku efnahagslífi.



# BAÐINNRÉTTINGAR

# TILBOÐ!

## Eitt flottasta úrval landsins



CT baðinnrétting 55sm stgr. * 59.900

## BAÐSPEGLASKÁPAR



KEY06 80x80x15 sm stgr. 21.900



KEY03 90x70x15sm stgr. 23.900

ALLIR VINNA
ALLIR VINNA.IS



P029 100x500 sm stgr. * 49.900



KEY01 75x48x15 sm stgr. 17.900



KEY05 60x80x15sm stgr. 18.900



P-7197 55x32sm stgr. * 32.900



P-7202 44x24 sm stgr. * 23.800



P-9042 46x26 sm stgr. * 32.900

til afgreiðslu af lager

HORN INNRÉTTINGAR



P625 47x47 sm stgr. * 34.900



CORNER-B 40x40sm stgr. * 29.900

* Blöndurnartæki fylgja ekki þessum innréttingum



P628 60x48 sm stgr. * 29.900



WLU 125 45 x 30 sm stgr. * 15.900

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




~~4.790,-~~ **2.390,-**




~~15.270,-~~ **4.990,-**
3 í pakka




~~1.690,-~~ **Nú frá 990,-**

---

# Bókamarkaðurinn Perlunni!




---




~~7.215,-~~ **3.490,-**




~~5.680,-~~ **2.840,-**




~~28.900,-~~ **9.900,-**




~~15.990,-~~ **7.990,-**

---




~~5.980,-~~
**2.980,-**




~~1.390,-~~
**990,-**




~~2.280,-~~
**1.490,-**




~~4.990,-~~
**2.490,-**




~~3.690,-~~
**1.990,-**



~~4.480,-~~
**1.990,-**




~~3.490,-~~
**1.990,-**




~~5.680,-~~
**1.990,-**

Opið frá kl. 10 – 18 alla daga




~~9.990,-~~ **4.990,-**




~~5.490,-~~ **1.990,-**




~~5.990,-~~ **2.490,-**




~~4.490,-~~ **1.999,-**




~~4.990,-~~ **1.999,-**




~~4.490,-~~ **2.245,-**

**Bjarni Kristinsson landsliðskokkur verður í Perlunni á milli klukkan 15-17 í dag og aðstoðar við val á matreiðslubókum.**






~~3.990,-~~ **1.990,-**




**EINUNGIS 100 EINTÖK Á SPRENGI-VERÐI**

~~5.490,-~~ **2.490,-**




~~2.990,-~~ **1.495,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

**ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR AF MATREIÐSLUBÓKUM**

**KITLUM BRAGÐ-LAUKANA**




~~4.449,-~~ **1.499,-**




~~4.990,-~~ **2.490,-**

**Verðið er ótrúlegt, allt að 90% afsláttur!**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Pólitíkusar og endurskoðun stjórnarskrárinnar:

# Misheppnað

Þegar rætt er um – og ákveðið – hvernig standa beri að endurskoðun stjórnarskrárinnar er ágætt að rifja upp hvernig síðasta tilraun gekk. Í byrjun árs 2005 tók til starfa nefnd níu stjórnmálamanna. Til verksins völdust þáverandi og fyrrverandi formenn og varaformenn flokka, fólk með jafnvel langa þingreynslu og sumt lært í lögum. Afrakstur tveggja ára starfs var tillaga um að breyta einni af 81 grein stjórnarskrárinnar. Þeirri sem kveður á um hvernig breyta beri stjórnarskránni. Þessir sérlegu trúnaðarmenn stjórnmálaflokkanna um endurskoðun stjórnarskrárinnar gátu ekki komið sér saman um annað.

SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson

bjorn@frettabladid.is

Niðurstaðan er nokkuð hláleg þegar litið er til þess að árið 1989 gerði varaþingmaður einn tillögu að svo til sömu breytingu. Hún fékkst ekki rædd en var alla vega lögð fram. Öfugt við tillöguna frá trúnaðarmönnunum sérlegu sem varð að engu.

Fundargerðir nefndarinnar eru annars sérkennileg lesning. Þær bera ekki með sér að verkefnið hafi verið að ná samkomulagi um breytingar á stjórnarskránni. Sumt minnir raunar á stemninguna í huggulegu teboði þar sem rabbað er um heima og geima. Dæmi:

*1. fundur: „Mismunandi viðhorf komu fram um hversu rækilegar fundargerðirnar ættu að vera.“*

*4. fundur: „… nefndarmenn minntir á að láta ritara vita í hvaða málstofum þeir vildu sitja í pallborði“.*

*5. fundur: „… nefndarmenn minntir á að láta ritara vita í hvaða málstofum þeir vildu sitja í pallborði“. (Já aftur.)*

*6. fundur: „Þá var nefnt það sjónarmið að mikilvægt væri að gera breytingar á kjördæmaskipan í þessari lotu … Á hinn bóginn var því haldið fram að mikilvægt væri að færast ekki of mikið í fang.“*

*7. fundur: „Fram kom það viðhorf að bíða mætti með það þangað til á seinustu stigum að ákveða endanlega röð ákvæða. Aðrir töldu hins vegar að þetta væri þýðingarmikið atriði sem vert væri að skoða sem fyrst.“*

*9. fundur: „Nokkrar umræður urðu um hvernig gera ætti fundargerðirnar úr garði.“*

*12. fundur: „Formaður kvað þessa umræðu hafa verið gagnlega. Hann ályktaði af umræðunni að það væri þörf á ítarlegri ákvæðum um hlutverk forseta.“*

*16. fundur: „Formaður gerði að umtalsefni þá staðreynd að tíminn væri orðinn naumur til að ljúka við heildarendurskoðun á þessu kjörtímabili.“*

*18. fundur: „Formaður lagði að lokum til að næsti fundur yrði helgaður umræðu um framhald nefndarstarfsins.“*

*19. fundur: „Formaður gerði að umtalsefni þá staðreynd að ekki væri langur tími til stefnu áður en nefndin ætti að skila af sér.“*

*20. fundur: „Rætt var um að gera þyrfti forsætisráðherra grein fyrir stöðu mála í starfi nefndarinnar.“*

Alls urðu fundirnir 26 og niðurstaðan, eins og áður sagði, núll.

Nú fjallar Alþingi um tillögu að skipun stjórnlagaráðs. Aðdragandi þess er þekktur og margt um hann að segja. Engu að síður hlýtur sagan að segja okkur að það sé alla vega tilraunarinnar virði að fara nýjar leiðir við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fær að svara fyrir sig

Þau undur og stórmerki urðu á Alþingi í gær að stjórnarliði féllst – án athugasemda og fyrirvara – á tillögu stjórnarandstæðinga. Mörður Árnason, formaður umhverfisnefndar, féllst sem sagt á ósk Birgis Ármannssonar og Kristjáns Þórs Júlíussonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, um að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra rökstyddi, á opnum fundi nefndarinnar, ákvörðun um staðfestingu verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Fundurinn verður á morgun, í beinni á alþingisrásinni og á vef þingsins.



### Tíu

Eygló Harðardóttir Framsóknarflokki spurði nýverið hve margir aðstoðarmenn ráðherra væru og hversu margir fjölmiðlafulltrúar starfi í hverju ráðuneyti. Svar hefur borist. Aðstoðarmenn ráðherra, í skilningi laga um Stjórnarráðið, eru tíu, einn hjá hverjum ráðherra. Fjölmiðlafulltrúarnir eru átta í sjö ráðuneytum. Tveir eru í innanríkisráðuneytinu. Ekki eru upplýsingafulltrúar í forsætis-, mennta- og menningarmála- og efnahags- og viðskiptaráðuneytum.



### Eftirsótt störf

Upplýsingafulltrúaskortur forsætisráðuneytisins er þó senn á enda. Starf upplýsingafulltrúa hefur verið auglýst laust til umsóknar. Sama máli gegnir um sambærilegt starf í umhverfisráðuneytinu. Viðbúið er að margir sæki um enda slík störf jafnan eftirsótt, ekki síst hjá starfandi og fyrrverandi fjölmiðlafólki. Um fjörutíu sóttu til dæmis um þegar leitað var eftir upplýsingafulltrúa í fjármálaráðuneytið fyrir nokkrum misserum.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Heimildir lögreglu

Rannsóknir



Siv Friðleifsdóttir

þingmaður Framsóknarflokksins

Undirrituð flytur þingsályktunartillögu á Alþingi um að rannsóknarheimildir lögreglu verði auknar. Meðflutningsmenn eru úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki. Í nútímasamfélagi er eðli og umfang skipulagðrar glæpastarfsemi breytt frá því sem var. Starfsemi lögreglu þarf að taka mið af þessari þróun. Almennt ratar glæpastarfsemi sem á sér stað í nágrannaríkjum okkar einnig til Íslands og mörg dæmi eru þessu til staðfestingar. Nefna má mansal, en fjarstæðukennt virtist fyrir fáum árum að það mundi rata hingað til lands. Einnig er hér talsverður fíkniefnainnflutningur, aukin umsvif skipulagðra glæpagengja og fylgjast þarf með hryðjuverkagn.

Vegna aukinnar hörku og útsmoginna aðferða við skipulagða glæpastarfsemi hafa nágrannaríki okkar aukið heimildir lögreglu til að sporna við henni. Á síðustu árum höfum við gert okkur grein fyrir að við þurfum að gera slíkt hið sama. Í skýrslum Ríkislögreglustjóra síðustu ár um mat á skipulagðri glæpastarfsemi hefur ítrekað verið bent á að slíkar heimildir skorti hér á landi. Einnig hefur Ríkisendurskoðun bent á að heimildir vanti í skýrslu sem bar heitið Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna – stjórnsýsluúttekt. Þar segir:

„Svigrúm yfirvalda til að stunda sértæka eftirgrennslan er takmarkað ef þau hafa ekki heimildir til að beita svokölluðum forvirkum rannsóknaraðferðum (e. proactive investigation). Hafi yfirvöld slíkar heimildir mega þau fylgjast með og safna upplýsingum um einstaklinga þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um brot. Erlendis eru slíkar heimildir yfirleitt bundnar við tilteknar löggæslustofnanir sem háðar eru sérstöku eftirliti.“ Í aðgerðaráætlun gegn mansali frá 2009 segir: „Í tengslum við rannsókn og kortlagningu mansalsmála hér á landi og tengsl við erlenda og skipulagða brotastarfsemi verði þörf lögreglu fyrir heimildir til forvirkra rannsókna metin. Með slíkum heimildum væri unnt að kortleggja betur af hálfu lögreglu umfang starfseminnar og umsvif einstakra aðila og skapa um leið betri grundvöll undir að sækja þá aðila til saka sem skipuleggja og eru á bak við skipulagða glæpastarfsemi á borð við mansal. Þá er lögð áhersla á að lögregla nýti til fulls rannsóknarheimildir sem þegar eru fyrir hendi og er beitt meðal annars við rannsókn fíkniefnabrota.“

Allt ber þetta að sama brunni. Öryggi almennings og friður fyrir afbrotamönnum er mikilvægt velferðarmál og því brýnt að auka rannsóknarheimildir lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Arabískt vor í vændum?

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Það er algengt viðkvæði í arabalöndum, að það sé engin tilviljun, að ekkert þeirra er lýðræðisríki. Lýðræði hentar ekki aröbum, er sagt, þar eð frjálsar kosningar hjá þeim myndu tefla auði og völdum upp í hendur ofstækismanna, sem myndu aðeins gera illt verra.

**Ungt fólk rís upp**

Þessi skoðun er oftast einbert skálkaskjól. Hitt er sennilegra, að valdsherrunum séu völdin svo föst í hendi sem raun ber vitni vegna þess, að þeir sitja óverðugir að olíulindum, sem eiga þó að lögum á hverjum stað að heita sameign og einnig samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Fjölskyldur Bens Alís, brottflúins forseta Túnis, Múbaraks fyrrum Egyptalandsforseta og Gaddafís Líbíuforseta eru hver um sig taldar „eiga“ marga milljarða Bandaríkjadala á erlendum bankareikningum, sem hafa nú sumir verið frystir. Svo miklar „eignir“ ríkisstarfsmanna eru berlega þýfi. Þess vegna meðal annars rís unga fólkið upp gegn einræði, kúgun og spillingu og krefst lýðræðisumbóta.

Ýmislegt annað leggst á sömu sveif. Arabaþjóðirnar eru ungar að árum, þar eð konur halda áfram að hlaða niður börnum gegn vilja sínum. Um þriðjungur mannfjöldans í Alsír, Egyptalandi, Líbíu og Marokkó er undir fimmtán ára aldri á móti fjórðungi í Túnis og fimmtungi hér heima. Um 60 prósent landsmanna í arabaheiminum eru undir þrítugu. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 15-24 ára er hvergi meira en í Norður-Afríku. Þriðja hvert ungmenni í Egyptalandi og Túnis er atvinnulaust á móti fjórðungi í Alsír og á svæðinu í heild. Þetta fólk gerir arabalöndin að tifandi tímasprengju. Fólkið vill vinnu og réttlæti. Það gerir sér ekki að góðu molana, sem hrjóta af allsnægtaborðum einræðisseggjanna. Vopnavald hefur haldið fólkinu niðri til þessa, en óvíst virðist nú, hvort það dugir öllu lengur. Unga fólkið gengur vopnlaust fram gegn vígvæddum hrottum á vegum stjórnvalda.

Takist unga fólkinu að hrekja einræðisherra arabalandanna frá völdum einn af öðrum, eru mikil umskipti í vændum líkt og gerðist við hrun kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu fyrir tuttugu árum. Þá losnuðu hartnær 300 milljónir manna undan fargi, þótt kommúnistum í suðurríkjum Sovétríkjanna tækist sums staðar að halda völdum. Arabar eru nú um 360 milljónir talsins. Hér er því mikið í húfi fyrir fjölda fólks. Margt getur farið úrskeiðis, því að illþýði situr um að komast yfir olíulindirnar og bægja frá réttum eigendum þeirra.

> Það er góð regla að styðja lýðræði bæði heima hjá sér og annars staðar. Tvískinnungur á aldrei vel við. Bandaríkjamenn bera hluta ábyrgðarinnar á ástandi arabalandanna.

**Olía og lýðræði**

Reynslan sýnir, að gnótt náttúruauðlinda hamlar lýðræði. Olíugnægð Sádi-Arabíu veldur því, að konungsfjölskyldan þar mun varla slaka á stjórnartaumunum eða sleppa völdum fyrr en í fulla hnefana. Sama á við um Alsír, Líbíu og önnur olíulönd í arabaheiminum og víðar. Trúarbrögð araba koma málinu ekki við. Langfjölmennasta múslimaland heims, Indónesía, var einræðisríki eins og arabalöndin, en hefur búið við lýðræði frá 1999. Af þeim umskiptum er mikil saga.

Indónesía hrundi í fjármálakreppunni, sem dundi á Suðaustur-Asíu 1997-98, gengi indónesísku rúpíunnar féll um 80 prósent, og Súhartó, forseti landsins, hrökklaðist frá völdum. Hann trónar efstur á lista Transparency International yfir þjóföttustu forseta heims fyrr og síðar. Transparency telur, að Súhartó og fjölskylda hans hafi stolið 15 til 35 milljörðum Bandaríkjadala í forsetatíð hans 1967-98. Súhartó lifði til 2008, var ákærður, en slapp við dóm vegna heilsubrests. Til samanburðar er Móbútú, forseti Kongó 1965-97, talinn hafa stolið fimm milljörðum dollara, en hann skipar þriðja sæti listans. Marcos, forseti Filippseyja 1972-86, skipar annað sætið. Ímelda, ekkja hans, sem átti 2.700 pör af skóm, var kjörin á þing í fyrra. Innan tíðar mun trúlega koma í ljós, hvar á listanum arabaskálkarnir Ben Alí, Gaddafí, Múbarak og aðrir lenda.

Það er góð regla að styðja lýðræði bæði heima hjá sér og annars staðar. Tvískinnungur á aldrei vel við. Bandaríkjamenn bera hluta ábyrgðarinnar á ástandi arabalandanna. Ef þeir fengjust til að leggja svipaðan skatt á bensín og tíðkast í Evrópu, myndi olíuauður arabahöfðingjanna skreppa saman og andstaða þeirra gegn framsókn lýðræðisins myndi veikjast. Slíkan bensínskatt væri hægt að boða fyrir fram og leggja á smám saman, svo að fólk og fyrirtæki gætu keypt sér sparneytnari bíla, áður en bensínverð vestra næði evrópskum hæðum. Kína þyrfti að fara eins að.

AF NETINU

## Nafnlausar heimildir í fréttum

Washington Post bannar nafnlausar heimildir á síðum blaðsins. Áður voru þær leyfðar, ef hvert atriði var stutt tveimur sjálfstæðum heimildum, óháðum hver annarri. Leyfi fjölmiðlar nafnlausar heimildir, mega þær bara vera um staðreyndir, ekki um skoðanir. Fjölmiðillinn á að segja lesandanum frá því, hvers vegna þær eru nafnlausar. Kannski er þar flautublásari, sem gæti skaðast af nafnbirtingu. Oftast er gengið of langt í nafnlausum heimildum. „Ég talaði í dag við marga lögfræðinga", segir Svavar Halldórsson í fréttum sjónvarps. Notendur eiga að vara sig á slíkri ótraustvekjandi framsetningu.

Jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

## Með eindæmum

Ástráður Haraldsson er hinn mætasti maður og góður lögmaður og margt gott má einnig segja um þá sem með honum sátu í Landskjörstjórninni sem sagði af sér í kjölfar ógildingar á stjórnlagaþingskosningunum. Þess vegna gat og getur Ástráður með miklum ágætum komið til greina í margvíslegar stöður og embætti. Það er hins vegar með eindæmum að maður sem lýsir ábyrgð á hendur sér og segir af sér skuli nokkrum dögum síðar vera skipaður aftur og taka slíkri tilnefningu. Það segir ekki góða sögu hvorki um tilnefningaraðilann né dómgreind þess sem skipaður er hvað þetta varðar.

jonmagnusson.blog.is

**Jón Magnússon**

LAGERHREINSUN
Enn meiri verðlækkun
Síðustu dagarnir



Spinnhjól á hálfvirði
Veiðistangir á hálfvirði
Neoprenvöðlur á hálfvirði
Veiðijakkar með 60% afslætti
Fleece jakkar frá 2.995
Tvíhendupakkar á 39.900
Fluguhjól á hálfvirði
Valdar haglabyssur á mikið lækkuðu verði
Örfáir rifflar á mikið lækkuðu verði

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050
MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA - 10 TIL 18 - LAUGARDAGA - 10 TIL 16

# Fráleitur niðurskurður skólakerfis Reykjavíkur

Leikskólar



Orri Vésteinsson
háskólakennari og foreldri í Reykjavík

Það er allt rangt við niðurskurð meirihlutans í Reykjavík til leikskóla og grunnskóla. Það er rangt að hjá þessum niðurskurði verði ekki komist, að svo rækilega hafi verið hreinsað til í borgarkerfinu að ekkert sé annað eftir en að reka leikskólastjóra. Það er röng aðferð að ákveða fyrst hversu mikið eigi að skera niður og reyna síðan að finna út úr því hvernig eigi að gera það. Sú aðferð leiðir ekki aðeins út í pólitískar ógöngur eins og þær sem meirihlutinn er nú kominn í heldur skaðar hún skólastarfið með þeirri óvissu sem hún veldur og hindrar að hægt sé að ná fram umbótum. Það er rangt að það hafi verið haft raunverulegt samráð við fagfólk og foreldra um þessar hugmyndir. Það er ekki samráð að boða fólk á fundi eða leyfa því að senda inn athugasemdir ef það er ekki tekið mark á því sem það hefur að segja.

Allt þetta mætti samt fyrirgefa ef þær niðurskurðartillögur sem nú eru að líta dagsins ljós væru ekki jafnvondar og raun ber vitni. Þetta er sérstaklega grátlegt í ljósi þess að þær hugmyndir sem meirihlutinn leggur til grundvallar, og Stefán Benediktsson lýsti í grein hér í Fréttablaðinu 21. febrúar síðastliðinn, eru í sjálfu sér ágætar. Það er alveg rétt að reykvískir skólar, sér í lagi grunnskólarnir, eru of litlir og smæð þeirra stendur gæðum skólastarfsins fyrir þrifum. Misbresturinn felst annarsvegar í því að það er ekki áhlaupaverk að sameina skóla. Það verður ekki gert án skaða fyrir börnin sem í skólunum eru nema að vandlega yfirveguðu máli og í sátt og samvinnu við starfsfólk, nemendur og foreldra.

Engin hugmyndafræði er svo góð að það sé hægt að gera hana að veruleika með þjósnaskap. Hinsvegar liggja mistök meirihlutans í því að tillögurnar ganga alls ekki út á neinar sameiningar. Það er ekki sameining þótt skipaður sé einn yfirmaður yfir tvo skóla. Það er bara leikur að orðum.

> Það er ekki sameining þótt skipaður sé einn yfirmaður yfir tvo skóla. Það er bara leikur að orðum.

Eftir sem áður mun þurfa einhvern á báðum stöðum sem er til svara og getur tekið ábyrgð á þeim vandamálum sem upp koma, á þeirri stund og þeim stað sem þau koma upp. Tillögurnar ganga því ekki út á annað en að lækka laun og breyta starfsheitum hæstráðenda á hverjum stað. Meirihlutinn vonar líklega að leikskólastjórarnir sem missa störf sín láti það yfir sig ganga að verða ráðnir aftur á lægri launum með önnur starfsheiti. En hættan er sú að einmitt þessir lykilstarfsmenn í skólakerfinu okkar, fólkið sem hefur mesta menntun og reynslu, og sem mesta möguleika á annars staðar á vinnumarkaðnum, láti ekki bjóða sér þetta og hverfi á braut. Þótt verulegur sparnaður næðist, sem er ekki útlit fyrir, þá er það ekki ásættanleg áhætta.

Leikskólarnir í Reykjavík eru frábærir, ótrúlega frábærir ef haft er í huga hvílík smánarlaun starfsfólk þeirra þarf að sætta sig við. Allar aðgerðir sem grafa undan starfsgleði og metnaði skila sér í verra skólastarfi. Þær bitna á börnunum okkar.

# Hálft prósent

Skólamál



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Góður maður lét hafa eftir sér forðum að samlegðaráhrif væru eins og fljúgandi furðuhlutir; allir vita hvað það er en enginn hefur séð þá. Þetta verður ágætt að hafa í huga seinna í dag þegar skýrsla starfshóps um tækifæri í samrekstri og sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila verður kynnt.

Niðurstaða starfshópsins staðfestir nákvæmlega það að samlegðaráhrif eru yfirleitt meiri í orði en á borði. Af þessum sökum sá undirrituð, sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í hópnum, sig tilneydda til að sitja hjá við afgreiðslu skýrslunnar. Þegar öllu er til tjaldað ætlar vinnuhópurinn að sameiningar skóla sem lagðar eru til lækki heildarútgjöld leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila ekki nema um hálft prósent þegar hún er komin fram að fullu árið 2014. Slík hagræðing réttlætir engan veginn það rask og óróa sem óumflýjanlegt er í skólum og frístundaheimilum borgarinnar í kjölfarið.

Í dag anda einhverjir foreldrar og starfsmenn léttar og fagna að óvissutímabili sé lokið en aðrir horfa fram á breytingar og óvissutímabil. Foreldrar upplifðu starf hópsins sem ógegnsætt og þeim fannst, skiljanlega, sem ekkert samráð hefði verið haft við þá í vinnu starfshópsins. Það er vonandi að meirihlutanum í Reykjavík gangi betur í þeirri vinnu sem nú fer í hönd í að framfylgja þeim breytingum sem lagt er upp með í tillögum þeirra. Þá verður nauðsynlegt að foreldrar fái mun meiri aðkomu að upplýsingum, bæði faglegum og fjárhagslegum, auk þess sem tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í upplýsingaferlinu til þessa.

Fyrir liggur mikil vinna starfshópsins og embættismanna. Þessi vinna er að mörgu leyti mikilvæg. Í fyrsta lagi leiðir vinnan í ljós að ýmis tækifæri eru fyrir hendi í samstarfi milli skóla. Ýmis tækifæri sem fram komu munu eflaust leiða saman stjórnendur til samstarfs og innleiðingu verkefna frá fagsviðum. Í öðru lagi leiddi starf hópsins í ljós illa nýtt húsnæði skóla og frístundaheimila sem hægt væri að nýta betur og fresta þannig nýfjárfestingum í einhvern tíma. Þessa greiningu ætti að festa í sessi sem verklag til að nýta betur eignir borgarinnar. Í þriðja lagi er ljóst að tilraunir í skólastarfi, t.d. með samrekstri stofnana, hafa í för með sér að hægt er að rannsaka hvernig lágmarka eigi tortryggni á milli fagaðila og hindranir vegna ólíkra kjara. Í fjórða lagi er með þessu starfi ljóst að sameining skólastofnana skilar ekki mikilli hagræðingu og erfitt að tryggja að hagræðingin skili sér til lengri tíma. Að lokum er ljóst að raunveruleg hagræðing, sé það markmiðið, verður ekki í skólakerfinu nema starfsfólki fækki að einhverju marki.

Börnin í borginni eiga heimtingu á því að stjórnmálamenn skoði öll þau tækifæri til hagræðingar sem hafa ekki bein áhrif á þau eða skaða þeirra náms- og starfsumhverfi. Fyrst og fremst hefur verkefnið verið nauðsynlegt til að greina fjárhagslegan ávinning enda lítill faglegur ávinningur af sameiningu og samrekstri. Sá faglegi ávinningur sem var ein af forsendum verkefnisins er enn óskilgreindur og órannsakaður. Farsælast hefði verið að viðurkenna í skýrslunni að enginn trygging sé fyrir því að faglegur ávinningur náist fram með sameiningu skóla.

Búast má við talsverðu raski á skólastarfi þegar stofnanir verða sameinaðar. Þetta á kannski sérstaklega við ef unnið verður í óþökk og andstöðu starfsmanna, foreldra og stjórnenda. Hætt er við að tímabundið skapist órói og ótti vegna árekstra og átaka í sameiningu starfsumhverfis ólíkra stétta sem nú sameinast og hafi þannig áhrif á að börn og nemendur verði síður í fyrirrúmi í skóla- og frístundastarfi. Sá hlutfallslega litli fjárhagslegi ávinningur sem af þessu hlýst er því dýru verði keyptur.

> Þegar öllu er til tjaldað ætlar vinnuhópurinn að sameiningar skóla sem lagðar eru til lækki heildarútgjöld leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila ekki nema um hálft prósent þegar hún er komin fram að fullu árið 2014.

Merkilegasta niðurstaðan úr ofangreindri vinnu er eflaust sú að flatur niðurskurður á sviðum borgarinnar sem meirihlutinn ætlar sér að vinna eftir er ekki lengur í boði. Löngu tímabært er að taka erfiða umræðu um forgangsröðun þeirra verkefna sem Reykjavíkurborg niðurgreiðir á einn eða annan hátt. Sú umræða er óumflýjanleg og krefst pólitískrar framsýni og samráðs við íbúa og starfsfólk. Því miður skortir pólitískt þor og kjark hjá ráðamönnum í Reykjavík til að hægt sé að taka þá umræðu.

# Virðum grundvallarreglur

Stjórnlagaþing



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Hjörtur Hjartarson, sá mæti maður, skrifar grein í Fréttablaðið og hvetur mig til að endurhugsa neikvæða afstöðu mína til tillögu sem fram hefur komið um að fulltrúarnir sem kjörnir voru á stjórnlagaþing verði skipaðir af Alþingi í nefnd sem sinni sama hlutverki og stjórnlagaþinginu hafði verið ætlað. Hæstiréttur hafi vissulega úrskurðað kosninguna ógilda en ekki á traustum forsendum. Og síðan sé á það að líta að Hæstiréttur sé í þessu úrskurðarhlutverki ekkert meira en nefnd sem megi ekki rugla saman við það hlutverk sem rétturinn hafi sem æðsti dómstóll landsins.

Nú er það svo, að ég er í hópi þeirra sem gagnrýnt hafa niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli og jafnframt sagt að helstu mistök löggjafans hafi verið að skýra ekki betur kæruferli ef fram kæmu kærur og þar með aðkomu Hæstaréttar að úrskurði um lögmæti kosningarinnar. Þessar forsendur voru um sumt óljósar en hlutverk Hæstaréttar er engu að síður afdráttarlaust. Hvað sem öðru líður þá er þetta Hæstiréttur og niðurstaðan er hans.

Á Íslandi er efnahagskreppa og þegar til lengri tíma er litið höfum við einnig búið við pólitíska kreppu sem birtist í vantrú á stjórnmálum. Til eru þeir sem telja að jaðri við stjórnarskrárkreppu og vísa ég þar í harða gagnrýni á ákvarðanir sem forseti Íslands hefur tekið í krafti stjórnarskrárákvæða um þjóðaratkvæði.

Ég er ekki í hópi þeirra sem gagnrýna ákvarðanir forsetans hvað þetta snertir, enda eindreginn fylgismaður þjóðaratkvæðagreiðslu og vil hafa sem flesta öryggisventla til að opna fyrir aðkomu almennings að ákvarðanatöku. En sumir eru annarrar skoðunar.

Í framhaldinu bið ég Hjört Hjartarson að endurhugsa sinn gang. Er ekki rétt að við vöndum okkur í hvívetna gagnvart öllu sem viðkemur grundvallarreglum varðandi stjórnarskrá landsins og þrískiptingu valdsins?

> Er ekki rétt að við vöndum okkur í hvívetna gagnvart öllu sem viðkemur grundvallarreglum varðandi stjórnarskrá landsins og þrískiptingu valdsins?

Ekki síst á þetta við þegar lagt er upp í þá vegferð að gera tilraun til að bæta stjórnskipanina – stjórnarskrá lýðveldisins. Það er niðurstaða mín eftir að hafa hugsað málið.

## AF NETINU

### Hluti af valdakjarna vinstrimanna

Ástráður Haraldsson er hluti af valdakjarna vinstrimanna sem fer með völdin á Íslandi. Afsögn hans sem formanns landskjörstjórnar í kjölfar úrskurðar Hæstaréttar um ógildingu stjórnlagaþingskosninga var flétta til að friðþægja almenning sem krafðist pólitískrar ábyrgðar á klúðrinu.

Nokkrum dögum eftir afsögnina er Ástráður kosinn í landskjörstjórn sem fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs.
Vinstrielítan sem fer með lyklavöldin í stjórnarráðinu skeytir hvorki um heiður né skömm þegar völd eru annars vegar.

pallvil.blog.is
Páll Vilhjálmsson

SCHMIDT
- vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTA DAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# FROST



Verk hönnunartvíeykisins Flemming Busk og Stephan B. Hertzog einkennast af hreinum og einföldum línum sem tala skýru máli. Það er sannfæring þeirra að híbýli skuli alla jafna skreyta með því sem jafnframt hafi notagildi. Hönnun þeirra félaga er að finna um allan heim, allt frá alþjóðlegum flugvöllum til setustofu leikmanna Chelsea fótboltaklúbbsins. Busk+hertzog hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og verk þeirra eiga fastan sess á Danish Museum of Art and Design, auk þess sem ekki færri en 18 stólar eftir þá voru með í enduropnun á Museum of Modern Art í New York 2004. Nánari upplýsingar má finna á www.frostdesign.dk





iF product design award 2011 · GOOD DESIGN · reddot design award winner 2010

## LULU

Blóm sem opnast til fulls er hugmyndin að baki hönnuninni á Lulu snögunum. Fallegir og auðveldir í notkun og fást í mismunandi stærðum og lengdum og hægt að nota staka eða fleiri saman. Mismunandi stærðir gera snagana jafn frábæra fyrir úlpur og jakka, herðatré, regnhlífar eða töskur og þeir henta í forstofu, fataherbergi eða svefnherbergi. Lulu snagar eru lakkaðir með mjúku lakki sem ljær þeim matta og skemmtilega áferð. *Verð frá 2.169 kr.*

iF product design award 2009 · DESIGNPREIS 2009 NOMINEE · reddot design award winner 2008

## CAMOUFLAGE

Nettir snagar í mismunandi stærðum. Þessir snotru snagar fara vel í eldhúsi, baðherbergi til að hengja á skartgripi eða lykla ellegar einfaldlega sem skraut. Mini Camouflage snagarnir fást metalsprautulakkaðir í mörgum litum eða í ryðfríu stáli. *Verð frá 2.259 kr.*



reddot design award winner 2010 · GOOD DESIGN



## WISHBONE

Óskabeinsborðið hæfir ótalmörgum tilefnum, til dæmis fer það vel í grennd við hinn glæsilega Wishbone fatastand, í forstofu eða á gangi. Eins er það nett hliðarborð við sófa eða undir fartölvu, blómavasa, kaffi- eða tebolla og jafnvel sem náttborð. Þú ákveður einfaldlega hvar þú vilt nota það. Borðið er úr lökkuðu áli og fæst í mörgum litum. *Borð: Verð frá 34.513 kr. Fatastandur frá 42.043 kr.*

GOOD DESIGN · DESIGNPREIS 2009 NOMINEE · reddot design award winner 2008

Fiton/SÍA FI035233

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**53** **MIRANDA RICHARDSON** leikkona er 53 ára í dag.

*„Það getur enginn geðjast öllum, alltaf.“*




†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Andreu Margrétar Þorvaldsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri.

**Þorvaldur Aðalsteinsson**
**Auður Aðalsteinsdóttir**
**Þórey Aðalsteinsdóttir**
**Þórólfur Aðalsteinsson**
**Signý Aðalsteinsdóttir**
**og ömmubörnin.**

**Aðalheiður Ingólfsdóttir**

**Stefán Jóhannsson**
**Árni Júlíusson**
**Jóhann Austfjörð**


## ÞETTA GERÐIST: 3. MARS 1937

# Óli blaðasali byrjar að selja Vísi



Á þessum degi árið 1937 byrjaði einn þekktasti blaðasali Íslands fyrr og síðar, Ólafur Sverrir Þorvaldsson, eða Óli blaðasali eins og hann var jafnan nefndur, að selja blaðið Vísi, en þá var hann fjórtán ára upp á dag. Ólafur fæddist 3. mars árið 1923 og lést 13. mars 1992 en hann hafði unnið við blaðasölu allt þar til hann missti heilsuna nokkrum árum áður.

Óli hóf blaðasölu níu ára gamall og seldi blöð í miðborg Reykjavíkur og flestir tengja hann við þann stað sem hann seldi dagblöðin frá því hann var um þrítugt: horn Austurstrætis og Pósthússtrætis, fyrir utan gamla Reykjavíkurapótek, en þar var hann aðeins síðdegis en á morgnana var hann gjarnan á Lækjartorgi. Óli átti marga fasta viðskiptavini og var eitt af þekktustu andlitum bæjarins.

Árið 1972 fylgdi blaðaljósmyndari Óla eftir einn vinnudag þar sem sjá mátti hvernig Óli var fyrstur mættur til að ná í blöðin og mættur með þau niður á torg nokkrum mínútum síðar, enda stóðust þeir honum ekki snúning, ungu blaðasölustrákarnir.



**EFNIÐ TEKIÐ UPP** Sverrir Karlsson kvikmyndar eina af fjölmörgum reiðleiðum sem hægt verður að upplifa á heimasíðunni icehorse-experience.is. MYND/ÚR EINKASAFNI




†

*Ástkær eiginkona mín, fósturmóðir, systir og frænka,*

**Sigríður Svanlaug Heiðberg**

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 22. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í dag, fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sigríðar Heiðberg til styrktar líknarstarfinu í Kattholti. Reikningur 0113-15-381290, kt. 550378-0199.

**Einar Jónsson**
**Daníel Orri Einarsson**
**Ragnar Davíð Bjarnason**
**Eyþór Heiðberg** — **Christa Heiðberg**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Árni Marteinn Heiðberg** — **Rut Jónsdóttir**
**Kristján Karl Heiðberg** — **Dagrún Pálsdóttir**
**Andrea María Heiðberg**
**Helga Þórey Heiðberg**
**og aðrir aðstandendur.**


## FÉLAG HROSSABÆNDA: KYNNIR NÝTT MARKAÐS- OG KYNNINGARÁTAK

# Boðið upp á rafræna reiðtúra

Félag hrossabænda hleypir óvenjulegu markaðs- og kynningarátaki af stokkunum í dag þegar nýr vefur verður kynntur til sögunnar þar sem áhugafólk um hestamennsku getur skroppið í svokallaðan „rafrænan reiðtúr“ á netinu.

„Þetta er stórsniðugt verkefni, sem er samtímis kynning á íslenska hestinum sem og ein allsherjar landkynning,“ segir Hulda G. Geirsdóttir, framkvæmdastjóri Félags hrossabænda. Herferðin er í anda „Inspired by Iceland“ þar sem allir senda öllum tengla á netinu þannig að dreifingin aukist jafnt og þétt.

„Við hestamenn erum að koma út úr erfiðu síðastliðnu ári, ekki bara vegna eldgossins heldur líka smitandi pestar í hestunum, sem lamaði alla okkar starfsemi. Við ákváðum því að leita nýrra leiða til að kynna íslenska hestinn og þá upplifun sem honum fylgir. Eitt af því heitasta í markaðsfræðum er að markaðssetja upplifun og með þessari síðu komumst við eins nálægt því og hægt er að leyfa fólki að upplifa reiðtúr heima í stofu.“

Á vefsíðunni icehorse-experience.is verður hægt að skella sér í rafræna reiðtúra, en knapar hafa tekið upp reiðleiðir með sérstakri hjálmmyndavél og myndskeiðin sem þar er að finna eru því algerlega frá sjónarhóli knapans.

„Hugmyndin er sú að íslenskir bændur bjóði þarna fólki á bak. Fólk um allan heim getur því skoðað náttúruna um leið og og það fær í gegnum þennan miðil að prófa hvernig það er að sitja íslenskan hest í íslensku umhverfi.“

Á vefnum verða líka tenglar á hrossaræktarbú, söluaðila sem og hestaferðafyrirtæki. Þá verða á vefnum upplýsingar um íslenska hestinn og hægt að senda rafræn póstkort með ákveðnum myndskeiðum. Verkefnið verður kynnt í húsnæði Íshesta við Sörlaskeið í Hafnarfirði klukkan 13 í dag þar sem vefurinn verður formlega opnaður.

„Við vonumst til að fá alla í lið með okkur, að allir taki þátt í því að senda tengla af síðunni á vini og ættingja, hér heima og erlendis í gegnum facebook, twitter og aðrar samskiptasíður, sem skilar sér í auknum áhuga á íslenska hestinum, hestaferðum sem og landinu.“

**juliam@frettabladid.is**




†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Báru Freyju Rögnu Vernharðsdóttur**

frá Fljótavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deildum 11 G og L-5 Landakoti fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Björgvin Hjörvarsson** — **Ólöf Jóna Kristjánsdóttir**
**Sævar Óli Hjörvarsson** — **Halldóra Þórðardóttir**
**Selma Hjörvarsdóttir** — **Tómas H. Árdal**
**Marín Hjörvarsdóttir** — **Þorsteinn Thorarensen**
**Dagný S. Borge** — **Carina Borge**
**Hjörvar Freyr Hjörvarsson** — **Birgitta Vigfúsdóttir**
**Atli Þór Hjörvarsson**
**börn og barnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Davíð Þjóðleifsson,**

Sundlaugavegi 35, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakots 23. febrúar, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðbjörg Elín Ásgeirsdóttir**
**Anna Sólveig Davíðsdóttir**
**Jón Davíð Davíðsson**
**Bjarki Steinar Daðason**



†

*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir*

**Jónína Þórðardóttir**

sem lést 27. febrúar, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Vigdís Sigurðardóttir**
**Jón Sigurðsson** — **Edith Randý Ásgeirsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir** — **Jón Hlíðar Guðjónsson**
**Kristín Sigurðardóttir**

**Lokað**

**Vegna útfarar GUÐMUNDAR INGVA SIGURÐSSONAR hæstaréttarlögmanns verða skrifstofur LEX og Gjaldskila lokaðar frá kl. 13. fimmtudaginn 3. mars**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



**Unnur Friðriksdóttir** rekur fyrirtækið UNNURWEAR og sérhæfir sig í hönnun taskna, belta og annarra fylgihluta undir eigin merki, UNNUR. Unnur heldur úti síðunni www.unnur.com og er líka á Facebook, www.facebook.com/unnurwear, þar sem fræðast má um hönnun hennar.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

SPLUNKUNÝR OG ROSA FLOTTUR!



teg. Elizsabeth - heldur vel og fæst í C,D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar
sem auðvelda þér að setjast og standa upp

*Fjölbreytt úrval*

Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 - 16



Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



FLOTTUR FATNAÐUR FYRIR FERMINGAR-MÖMMUR
STÆRÐIR 34-46

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

**Kristínu Bergsdóttur tónlistarkonu þykir gaman að klæða sig í föt sem koma henni í partístuð:**

Mér þykir gaman að klæðast einhverju sem ég finn að kemur mér í stuð, en ég klæði mig þó aldrei í neitt annað en það sem mér líður vel í,“ segir Kristín Bergsdóttir tónlistarkona. Hún er að koma sér í partígírinn því næsta laugardagskvöld efnir hún til brasilískrar tónlistarveislu á Bakkusi en tónlistarmenn sem búið hafa í Rio de Janeiro standa að hátíðinni.

„Bæði þegar ég syng á sviði og þegar ég er í vinnunni leyfi ég mér að stíga hálft skref í áttina að því að vera í búningi. Það geri ég til dæmis með því að nota mikið liti og þessi fjaðragríma er í miklu uppáhaldi en hana keypti ég í Barcelona. Það má kannski segja að ég sé gjarnan aðeins ýktari útgáfa að sjálfri mér, sem mér finnst skemmtilegt. Þennan kjól keypti ég fyrir síðustu áramótagleði, hönnun Hugrúnar og Magna í Kronkron. Ég valdi fjólubláar sokkabuxur við því sá litur er ásamt gulum og bláum í miklu uppáhaldi hjá mér núna.“ *juliam@frettabladid.is*



# Ekki búningur en í áttina

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fermingartilboð

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT
12 mánaða vaxtalausar greiðslur



SAGA

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |



IQ-CARE

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 120x200 | 164.900 kr. |



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískuvikan í París** hófst í gær. Mesta spennan var fyrir sýningu Mugler eftir hönnuðinn Nicola Fomichetti. Sérstaklega þar sem stórstjarnan Lady Gaga ætlaði að vera ein af fyrirsætunum og ganga inn undir dúndrandi tónlist úr eigin ranni.

# Litlir víkingar og vígalegar valkyrjur

**Ný lína af íslenskum víkingabúningum frá hönnuðum barnafatalínunnar Húnihún er væntanleg á markaðinn um helgina.**

Ríkey Kristjánsdóttir textílhönnuður og Diljá Jónsdóttir klæðskeri eru hönnuðir drengjafatalínunnar Húnihún í Kirsuberjatrénu. Núna hafa þær bætt við línuna víkingabúningum.

„Við erum að þrykkja á búningana víkingatákn og þeir eru bara að þorna,“ segir Ríkey. „Þeir verða komnir í Kirsuberjatréð um helgina.“

Línan inniheldur víkingamussu, buxur og skyrtu, kjól og svuntu en þær stöllur vildu að stelpurnar gætu fundið á sig búning þótt Húnihún línan leggi áherslu á drengjaföt.

„Við reynum að vera trúar víkingatímanum og notum lítið meðhöndlaða bómull sem við litum sjálfar. Saumar eru grófir overlock-saumar og við notum skábönd í stað leðurbanda, höfum þetta frekar hrátt. En þó þetta séu búningar er þó alveg hægt að nota fötin dags daglega í leikskólanum. Buxurnar eru til dæmis flottar með einhverju öðru og þetta eru bómullarföt sem þægilegt er að vera í.“

Ríkey og Diljá vinna nú að vorlínu Húnihún og eru einnig að bæta við rúmfatnaði. Nánar má forvitnast um Húnihún á Facebook. *- rat*





## Með veskið uppi á handleggnum

SKEMMTILEGA HÖNNUÐ VESKI EFTIR ARNDÍSI JÓHANNSDÓTTUR ERU TILVALIN Í SAMKVÆMIN.

Litlar samkvæmishandtöskur eftir Arndísi Jóhannsdóttur eru hannaðar á þann veg að hægt er að smeygja þeim upp á handlegginn.

Með veskið á handleggnum hefur daman því höndina lausa, til dæmis til að halda á veitingum og heilsa upp á samkvæmisgesti.

Töskurnar eru unnar úr íslensku hráefni, lituðu roði og fást í nokkrum litum. Töskurnar er meðal annars að finna í Þjóðminjasafnsbúðinni og Kirsuberjatrénu.


Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði

DeBa
Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Lyfja, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., HNLFÍ,

FIMMTUDAGS-BRJÁLÆÐI

Skokkar og kjólar
áður 16990
Nú 9990
Ótrúlegt úrval
ATH aðeins í dag
Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur
Við erum á facebook
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Dansaðu þig í fantaform!
ZUMBA á Nordica Spa
Ný námskeið hefjast 8. mars
» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur

4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar
Handklæði og herðanudd í pottunum!
Skráðu þig strax í síma 444 5090
NORDICA SPA
www.nordicaspa.is


Mjúkir dagar
30% afsláttur af handklæðum
Handklæðin eru ofin úr 100% Pima bómull
Stærð 70x140
áður 2.890 kr
nú 1.990 kr
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

ÚTSALA
síðustu dagar
Sértilboð á völdum ullarjökkum, vattkápum, úlpum og peysum
tvö verð 5.900 - 9.900 takmarkað magn.
Topphúsið
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16


NÝ SENDING AF YFIRHÖFNUM SPORT OG SPARILEGAR.
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI UMRÆÐA
vísir.is



Bandaríska veftímaritið BulletMagazine í New York mun fylgjast með sýningunni.



Fashion with Flavor snýst um að sýna hvernig gjörnýta megi hráefnið. MYND/ARFLEIFÐ

# Tíska, matur og tónlist

**Fashion with Flavor er yfirskrift sýningar þar sem íslensk hráefni eru tvinnuð saman í hönnun, handverki, matarlist, tónlist og tísku. Sýningarnar verða næstu fjórar helgar á Fosshótelum víða um land.**

„Hugmyndin er að sýna fram á hvernig má gjörnýta hráefnið úr náttúru Íslands," útskýrir Ágústa Margrét Arnardóttir, hönnuður og hugmyndasmiðurinn að baki Fashion with Flavor, en hún rekur hönnunarfyrirtækið Arfleifð. Sýningarnar eru samstarfsverkefni hennar, Gullsmíðafyrirtækisins Sign, hljómsveitarinnar Amazing Creature, Grand hótel Reykjavík og Fosshótelanna.

„Hráefnið sem ég nota í mínar vörur eru þorskur, lax, karfi og hlýri, hreindýraleður, lambaleður, hreindýrshorn og ull. Matreiðslumeistari hefur sett saman matseðil með þessum tegundum sem gestir munu borða á meðan þeir horfa á tískusýningu með vörum unnum úr sama hráefni," útskýrir Ágústa, sem þegar hefur fengið viðbrögð frá erlendum aðilum.

„Bandaríska veftímaritið Bullet-Magazine í New York mun fylgjast með sýningunum og jafnvel koma til landsins á lokasýninguna á Grand Hótel. Það sem heillar þau er þessi fullnýting á því sem við eigum, og hvernig við blöndum þessu saman," segir Ágústa. „Þetta kynnir Ísland á flottan hátt."

Skartið frá Sign er innblásið af íslenskri náttúru og mun tónlist Amazing Creature hljóma undir hverjum rétti, samin sérstaklega fyrir sýninguna. Næstu fjórar helgar verða sýningar á Fosshótelum víða um land: Á Fosshótel Vatnajökull á Höfn í Hornafirði laugardaginn 5. mars en þá er einnig Blúshátíð í gangi á Höfn; Fosshótel Reykholti 12. mars, Fosshótel Húsavík 19. mars og Grand Hótel í Reykjavík laugardaginn 26. mars.

„Þá helgi er einnig Hönnunarmars í fullum gangi og mikið um að vera," segir Ágústa en hún vonast til að Fashion with Flavor verði að árvissum viðburði og vettvangi fyrir hönnuði til að kynna vörur sínar. Panta þarf borð fyrir hverja sýningu og bendir Ágústa á Fosshótel á hverjum stað. Nánar má fylgjast með Fashion with Flavor á Facebook. *heida@frettabladid.is*

# Alsett stjörnum

**Stjörnukjólar, -kápur og -bindi eru það sem koma skal samkvæmt Dolce & Gabbana.**

Þeir Domenico Dolce og Stefano Gabbana sýndu á sér nýja og nokkuð ærslafulla hlið á tískuvikunni í Mílanó í síðustu viku. Þar voru stjörnur í aðalhlutverki og sáust þær jafnt á klæðnaði og fylgihlutum.

Í sumum tilfellum voru heilu kjólarnir prýddir stórum sem smáum stjörnum en auk þess mátti sjá þær prentaðar á kraga, vasa og víðar á móti öðru efni. Yfirbragðið varð fyrir vikið heldur ungæðislegt og óhefðbundið.

Þá voru karlmannleg kvenmannsföt áberandi og mikið um strákalegar dragtir, vesti, skyrtur og bindi. Stjörnurnar voru ekki langt undan og mátti sjá jakka með glitrandi stjörnukraga og skrautleg stjörnubindi.



Stjörnur leika stórt hlutverk hjá Dolce & Gabbana þessa da}gana.
NORDICPHOTOS/GETTY


Frábær þrenna!

VICTORIA SALON & SPA

Tilboðið gildir til 15. mars 2011

Litun og plokkun verð: 3.900 kr.
Vax að hnjám verð: 3.900 kr.
Brasilískt vax verð: 3.900 kr.

VICTORIA SALON & SPA LAUGAVEGI 178 SÍMI: 611 - 5500

NÝTT!

Latin BUTT LIFT

BIKINÍBOSSINN fyrir sumarið!

4 vikna námskeið

- Frábær vaxtamótun
- Mikil fitubrennsla
- Geggjað fjör – skemmtileg tónlist
- Mikill árangur

Kennt: þri./fim. kl. 16.30

Byrjum 8. mars



Skráðu þig strax í síma 444-5090

NORDICASPA
www.nordicaspa.is

NÝ SKÓSENDING
Í GYLLTA KETTININUM



ALLIR SKÓR Á 12 .800
Stærðir 36–41

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8-10 • SÍMI 534 0005

**Fermingarundirbúningurinn** getur tekið dágóðan tíma. Því er um að gera að byrja tímanlega og koma frá hlutum eins og að láta merkja servíettur, gestabækur og sálmabækur.




## Hárstofan Space er 5 ára



Hárstofan Space er 5 ára og af því tilefni bjóðum við **25% afslátt** af völdum Tigi hárvörum út mars.
**Hlökkum til að sjá ykkur!**
Eva, Pála, Bryndís, Þórir, Íris Thelma, Íris Hlín og Inga

space hárstofa
Hæðarsmári 6 Sími 544 4455




Þór fór í langferð um landið þegar hann var nýfermdur og lagði eitt og annað á minnið. MYND/HEIDA.IS

# Gekk heim með grjótið

**Þór Konráðsson, vélamaður á Akureyri, upplifði ýmis ævintýri í ferðalagi sem hann fór einsamall frá Norðvesturlandi til Suðausturlands að lokinni fermingu sinni vorið 1983. Hann segir frá.**

„Ég fékk að fara til Hornafjarðar í heimsókn til ömmu minnar og annars frændfólks í Svínafelli í Nesjum þegar ég var nýlega fermdur,“ byrjar Þór, sem á þeim tíma átti heima að Ytri-Brekkum í Skagafirði og flaug frá Akureyri til Hornafjarðar með viðdvöl í Reykjavík.

„Á flugvellinum á Hornafirði beið frændi á stórum bíl enda var ekkert hægt að komast í Svínafell þá nema ösla yfir Hornafjarðarfljót,“ rifjar hann upp. Hann kveðst hafa stoppað í tíu daga fyrir austan, kynnst frændfólkinu og farið í heilmiklar vísindaferðir. „Ég hafði tekið að mér að safna steinum fyrir skólann minn og fólkið í Svínafelli lagðist á eitt við að hjálpa mér við það. Það var ekkert hætt fyrr en ég var orðinn klyfjaður fallegu grjóti. Svo tók ég rútu til baka og það er lengsta rútuferð sem ég hef farið. Skrítnast þótti mér að sjá hinar gríðarlöngu brýr á Skeiðarársandi sem var þurrt undir að hluta til. Seinna kom þó að því að þær dugðu engan veginn.“

Þegar Þór kom á umferðarmiðstöðina vandaðist málið því hann var ekki með heimilisfang hjá frænda sem hann ætlaði til í Reykjavík. „Ég hafði gist á sama stað á austurleiðinni og það eina sem ég mundi var afstaðan þaðan til Hallgrímskirkjuturns,“ segir hann. „Leigubílstjórinn þurfti að keyra marga hringi áður en ég fann rétta sjónarhornið og þekkti húsið. Hann var, held ég, orðinn hræddur um að sitja uppi með mig.“

Þór kveðst hafa farið með rútunni norður en ekki verið reiknað með honum heim þann dag og því enginn komið að sækja hann í Varmahlíð. „Ég reyndi að hringja heim en fólkið var allt úti og enginn var með farsíma þá. Að sveitamannasið lagði ég bara land undir fót og labbaði langleiðina heim með grjótið. Það voru 18 kílómetrar,“ lýsir Þór og segir ekki hafa hvarflað að sér að skilja töskuna eftir þótt hún væri níðþung.

„Ferðin var frábær fermingargjöf,” segir Þór. „Það eru breyttir tímar í dag en mér finnst dýrmætt að eiga svona minningar og vildi ekki skipta á þeim og neinu öðru.“

*gun@frettabladid.is*


## FERÐATÖSKUR

Stór taska
verð: 15.600 kr.

Miðstærð
verð: 14.300 kr.

Lítil taska
verð: 10.500 kr.



Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is



útsölulok
Útsölulok
Útsölulok

Aðeins 4 verð á útsölunni

990 • 1990
2990 • 3990

Nýjar vörur - ekki á útsölu

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



## Flottir fermingarskór



14.995 kr
Litir. Svartur og Bage



12.995 kr



14.995 kr



18.995 kr
Litir. Svartur og Brúnn



11.995 kr



11.995 kr

EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420




## Siðfestuathöfn Ásatrúarmanna

ÞEIR SEM AÐHYLLAST HEIÐINN SIÐ GETA VALIÐ AÐ FARA Í FRÆÐSLU HJÁ EINHVERJUM GOÐA ÁSATRÚARFÉLAGSINS Í STAÐ FERMINGARUNDIRBÚNINGS.

Siðfesta er valkostur fyrir ungmenni sem og fullorðna sem vilja dýpka skilning sinn á heiðnum sið. Siðfestuathöfnin getur farið fram á hefðbundnu blóti úti eða inni, að undangenginni fræðslu hjá einum eða fleiri goðanna þar sem farið er yfir megininntak og siðfræði heiðins siðar, það er: Ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér, heiðarleika, umburðarlyndi gagnvart trú og lífsskoðunum annarra og virðingu fyrir náttúrunni og öllu lífi. Einnig er fræðst um goðafræðina, heimsmyndina og helstu heiðin tákn, byggt á Eddukvæðum og Snorra-Eddu.

Undirbúningi lýkur svo með því að viðkomandi les og hugleiðir sérstaklega Hávamál.

Sumir kjósa að ljúka undirbúningnum með því að vera í sólarhring einir með sjálfum sér og náttúrunni. Að því búnu velur viðkomandi nokkur erindi sem leiðarljós í lífinu og flytur þau síðan við siðfestuathöfnina.









# Hátíðin hefur sannað sig og fest rætur

**Matarhátíðin Food and Fun hefst í tíunda skipti á miðvikudaginn næstkomandi og verður með veglegasta móti í tilefni afmælisins.**



**Þeir Sigurður og Baldvin hafa haft veg og vanda af hátíðinni frá upphafi.** MYND/STEFÁN

Matarhátíðin Food and Fun verður haldin í tíunda skipti í Reykjavík dagana níunda til þrettánda mars. Fjöldi nafntogaðra erlendra matreiðslumanna mun sækja landið heim og gleða borgina lífi.

Matreiðslumeistarinn Sigurður Hall hefur staðið að baki hátíðinni frá upphafi ásamt félaga sínum Baldvini Jónssyni. „Baldvin hafði gengið með þessa hugmynd í maganum um nokkurt skeið og nefnt hana við mig. Það var samt ekki fyrr en í kringum aldamótin síðustu að forsvarsmenn Icelandair lýstu sig reiðubúna til að vera með en aðkoma flugfélags var í raun forsenda þess að gera þetta mögulegt. Þetta var skömmu eftir árásina á tvíburaturnana árið 2001. Ferðamennska lá niðri og ljóst að það þurfti átak til að koma henni af stað á ný. Hátíðin var liður í því en helsti tilgangur hennar er að laða erlenda aðila til landsins og fá umfjöllun um íslenskar landbúnaðarafurðir, hreinleikann, öryggið og landsins gæði. Það hefur tekist og er varla fjallað um landið í dag án þess að minnast á matinn sem einkennir okkur,“ segir Sigurður.

Fyrirkomulag hátíðarinnar hefur frá upphafi verið þannig að erlendir kokkar sækja landið heim og matreiða úr íslensku hráefni í einhvers konar blöndu af keppni og skemmtun. „Þeim er parað saman við íslenska veitingastaði sem hafa svipaðar áherslur og þeir sjálfir og er þeim falið að útbúa fjögurra rétta máltíð. Almenningur getur svo valið á milli sautján veitingastaða að þessu sinni en alls staðar kostar matseðillinn það sama, eða 6.900 krónur.“ Sigurður gerir ráð fyrir því að allt að 20.000 gestir muni sækja veitingastaði borgarinnar á meðan á hátíðinni stendur.

Fyrirkomulag keppninnar verður með breyttu sniði í ár en kokkarnir munu keppa í þremur riðlum. Sigurvegararnir í hverjum riðli fyrir sig keppa síðan sín á milli laugardaginn 12. mars. Þaulreyndir dómarar mæta til leiks en þeirra á meðal eru menn á borð við Jeffrey Buben, Robert Wiedmayer og Jeff Tunks frá Washington en þeir hafa unnið með Sigurði og Baldvini að hátíðinni frá upphafi. Um er að ræða þungavigtarmenn á sínu sviði en Jeff Tunks er meðal annars einn af þekktustu matreiðslumönnum Bandaríkjanna. Í verkahring dómaranna er einnig að sjá um fjögurra rétta hátíðarmatseðil í Súlnasal Hótel Sögu á laugardagskvöldið en þar verður hátíðardagskrá í tilefni afmælisins.

Sigurður segir Food and Fun hátíðina fyrir löngu hafa sannað gildi sitt. „Hún er orðinn jafn fastur liður og páskarnir, verslunarmannahelgin og 17. júní og er sannarlega komin til að vera.“

## FRÓÐLEIKSMOLAR

- Food and Fun var fyrst haldin í Reykjavík árið 2002.
- Helstu skipuleggjendur hennar frá upphafi hafa verið þeir Baldvin Jónsson og Sigurður Hall ásamt starfsfólki Icelandair.
- Margir nafntogaðir innlendir og erlendir matreiðslumeistarar hafa tekið þátt og er mikil eftirspurn eftir því að fá að vera með.
- Hátíðin hefur skapað sér nafn sem mikilvægur alþjóðlegur viðburður á sviði matreiðslu.
- Fyrsta árið tóku tólf veitingastaðir þátt í hátíðinni en í ár eru þeir sautján.
- Gert er ráð fyrir því að 20 þúsund gestir muni sækja veitingastaði borgarinnar á meðan á hátíðinni stendur.
- Blásið verður til hátíðarkvöldverðar í Súlnasal Hótel Sögu í tilefni af afmælinu. Dómarar keppninnar útbúa matseðilinn.
- Helstu bakhjarlar Food and Fun eru Icelandair, Íslenskur landbúnaður, Reykjavíkurborg og Iceland Naturally.

# *Food and Fun er hátíð í heimsklassa*

Ég finn alltaf fyrir spenningi þegar Food and Fun hátíðin hefst. Fyrir nærri áratug datt ég fyrir tilviljun inn á veitingastað sem var þátttakandi í hátíðinni og fékk ótrúlega nýstárlegan og skemmtilegan mat. Mat sem var í heimsklassa og mér er minnisstæð sú mikla gleði sem réði ríkjum. Síðan þá hef ég verið dyggur aðdáandi þessarar hátíðar og ekki látið mig vanta á þessa skemmtilegu hátíð sem Food and Fun er.



**Katrín Júlíusdóttir hefur um árabil verið mikill aðdáandi Food and Fun.** MYND/GVA

Með Food and Fun hefur íslensk matargerð fengið erlenda matreiðslumenn í heimsklassa til að matreiða sælkeramáltíðir úr íslensku hráefni og kynnast því um leið. Í dag sjáum við mörg dæmi þess að íslensk matvæli hafa numið land á nýjum mörkuðum í kjölfar þátttöku erlendra gestakokka á Food and Fun, má þar nefna skyrið, lambakjötið og fiskinn.

Það þóttu mikil nýmæli að selja kjúklingabita í körfum á veitingastað í Reykjavík að erlendri fyrirmynd á seinni hluta síðustu aldar. Eins þóttu það mikil tíðindi að sjá framandi veitingastaði með erlenda matargerð opna hér á landi skömmu síðar. Íslensk matargerð hefur haft einkar gott af erlendum áhrifum. Þegar saman kemur íslensk matarhefð og hráefni í höndum bestu kokka í heimi getur útkoman aðeins orðið stórkostleg.

Ekki einvörðungu er þetta frábær kynning á íslenskum mat heldur einnig frábært tækifæri til að njóta þess besta sem íslenskur veitingaiðnaður hefur upp á að bjóða. Sjáumst á Food & Fun!

*Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.*



**„Nokkurs konar kokkaárshátíð," segir Hrefna Rósa Sætran, eigandi Fiskmarkaðarins.** MYND/STEFÁN

# Taílenskur Fiskmarkaður

**Taílenskur matur verður í forgrunni á Fiskmarkaðnum á meðan Food and Fun stendur yfir því gestakokkurinn Morten Döjfstrup starfar á taílenska veitingahúsinu Kiin Kiin í Kaupmannahöfn.**

„Kiin Kiin sérhæfir sig í flottum taílenskum mat, sem er öðruvísi en heimilismaturinn sem er í boði á hefðbundnum taílenskum veitingahúsum," segir Hrefna Rósa Sætran, eigandi Fiskmarkaðarins. „Við reynum alltaf að fá gestakokkana til að nota íslenskt hráefni en þeir setja síðan sinn stíl á matinn þannig að gestir eiga von á allt annarri upplifun en þeir eru vanir á Fiskmarkaðnum."

Hrefna Rósa hefur tekið þátt í Food and Fun frá upphafi og segir þetta vera eins og nokkurs konar kokkaárshátíð. „Allir helstu veitingastaðir á Íslandi taka þátt í Food and Fun og umgjörðin er öll mjög skemmtileg. Svo kynnist maður mörgum erlendum kokkum og fær ferska sýn á það helsta sem er að gerast í matargerðarlistinni."

**MATSEÐILL**

**Fiskmarkaðarins á Food and Fun:**

- Íslenskar úthafsrækjur á batellaufi
- Reykt skelfisksúpa með lótusrót
- Smokkfisks- og humar-tempura í rauðu karrýi
- Andabringa í kókosmjólk moe palo
- Volg bananakaka með salthnetuís


## Food'n'Fun á Nauthól

Við á Nauthól bjóðum Bengt Sjöström og aðstoðarmann hans, Edin Dzemat, velkomna á Food and fun. Við hlökkum til að elda með þeim nýja og spennandi rétti úr fersku íslensku hráefni.



Bengt Sjöström og Edin Dzemat



Eyþór Rúnarsson

Óhætt er að segja að hinn sænski **Bengt Sjöström** sé framúrskarandi á sínu sviði.
Hann hefur t.a.m. hlotið gullverðlaun sænsku matreiðsluakademíunnar, verið þjálfari fyrir Bocuse'dÓr í Finnlandi auk þess sem hann hefur verið vinsælasti sjónvarpskokkur Svíþjóðar sl. 6 ár.

Veitingastaður Bengt, *Linnéa Art Restaurant*, var tilnefndur sem besti nýi veitingastaðurinn í Svíþjóð árið 2010.

**Eyþór Rúnarsson**, yfirmatreiðslumaður Nauthóls, er einn færasti matreiðslumaður landsins enda hefur hann verið meðlimur í kokkalandsliðinu sl. 7 ár.




MATSEÐILL

Egg á 63,2°C með einnar mínútu reyktum þorski og sellerímauki

Blönduð skelfiskpalletta, rúgbrauðscrust, nípa, hægeldaður lax og loðnuhrogn

Blakkeruð lúða með brúnuðu smjörkremi, blómkáls- og spergilkálskúskús

Lambafille með svartri kryddpylsu, gulrótum, rauðrófum og stökkri lambafitu

Skyr sorbet, stökkar kartöflur með broddkúmeni og valhnetubúðingur

Pantanir í síma 599-6660 / 696-5000 eða á nautholl@nautholl.is


# Sænskur stjörnukokkur eldar íslenskt á Nauthól

**Sænski stjörnukokkurinn Bengt Sjöström verður gestakokkur á Nauthól á Food and Fun hátíðinni.**

Nauthóll verður aftur með á Food and Fun hátíðinni í ár. Gestur meistarakokkanna á Nauthól í ár verður enginn annar en Bengt Sjöström, en hann er meðal þekktustu matreiðslumanna Svía.

Sjöström hefur gert ótal matreiðsluþætti sem sýndir hafa verið í sjónvarpi og opnaði nýverið veitingastaðinn Linnéa Art Restaurant í Gautaborg sem tilnefndur var sem besti nýi veitingastaðurinn í fyrra. Það er því vel við hæfi að hann komi til liðs við kokkana á Nauthól en Nauthóll var einmitt valinn besti nýi veitingastaðurinn árið 2010 í tímaritinu Gestgjafinn. Það eru líka alla jafna engir aukvisar sem sjá um matreiðsluna á staðnum. Eyþór Rúnarsson, yfirmatreiðslumaður á Nauthól, hefur þrátt fyrir ungan aldur gegnt hlutverki fyrirliða kokkalandsliðsins og verið einn af máttarstólpum þess síðastliðin 7 ár.



**Eyþór með lambarétt af matseðli Nauthóls en gestakokkurinn Bengt Sjöström ætlar einmitt að bjóða upp á lambafile í aðalrétt.** MYND/STEFÁN

Eyþór hefur tekið þátt í Food and Fun frá upphafi. „Þetta er alltaf jafn skemmtilegt," segir Eyþór. Matseðillinn er alfarið hugarfóstur gestakokksins en hann og íslensku matreiðslumennirnir töfra svo réttina fram í sameiningu. Sjöström hyggst að sögn Eyþórs leika sér með íslenskt hráefni og er íslenskur fiskur, lamb og skyr áberandi á matseðlinum sem gestum Nauthóls verður boðið upp á. Hann segir að pantanir séu þegar komnar á fullt og ljóst að það eru margir sem ekki vilja missa af matreiðslu Sjöströms.

Eins og fram hefur komið hefur Nauthóll fengið góðar undirtektir hjá höfuðborgarbúum síðan staðurinn var opnaður í byrjun síðasta árs. „Við erum búin að stimpla okkur rækilega inn held ég á þessu fyrsta ári Nauthóls. Þó að staðurinn sé ekki alveg í alfaraleið erum við hér með frábært útsýni og náttúrufegurð sem fólk sækir í. Og svo hefur matreiðslan og hráefnið vonandi sitt að segja líka," segir Eyþór brosandi út að eyrum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462.






**ECONOMY COMFORT**
- MEIRI ÞÆGINDI FYRIR ALLA
- SNIÐIÐ FYRIR FÓLK Í VIÐSKIPTAFERÐUM
- RAFMAGNSINNSTUNGA FYRIR TÖLVU

ICELANDAIR

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að viðskiptavinir Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53951 03/11



Robert Wiedmaier, til vinstri, mætir til leiks á Food and Fun. Hér er hann ásamt félögum sínum Michael Richard og Chipp Sanground, en þeir reka Becks.

# STÓRSKOTALIÐ í dómarasætum

Dómarar á Food & Fun eru frægir matreiðslumenn frá Bandaríkjunum, Noregi og Rússlandi, sem margir hverjir hafa tekið þátt í Food & Fun hérlendis áður, annaðhvort sem dómarar eða keppendur.

**DÓMARAR ERU**

**Jeff Tunks frá Washington DC.** Veitingahúsin DC Coast, Ceiba, Acadiana, Tenh Penh, Passion Fish. Einn af þekktustu kokkum Bandaríkjanna. Hann hefur verið með í Food & Fun frá upphafi og undanfarin fimm ár verið formaður dómnefndar.

**Robert Wiedmaier frá Washington DC.** Veitingahúsin Marcel's, sem undanfarin ár hefur verið valið besta hágæðaveitingahús í höfuðborginni, og Becks sem er brasserí í flæmskum stíl. Margoft valinn kokkur ársins í Washington-borg.

**Jeff Buben frá Washington DC.** Veitingahúsin Vidalia og Bistro Bis. Einn af frumkvöðlum hágæðaveitingamennsku í Washington DC. Virtur meistari. Hefur tekið þátt í Food and Fun frá upphafi og ferðast einnig til annarra landa en Íslands á vegum Food and Fun.

**Michael Ginor frá New York.** Eigandi og stofnandi Hudson Valley Foie Gras, eins stærsta framleiðanda andalifrar (foie gras) í heimi, eigandi og yfirkokkur veitingahússins LOLA á Long Island og TLV á Long Island. Verðlaunaður kokkur og metsöluhöfundur kokkabóka. Hann er einnig með eigin ferðakokkaþátt á spennandi slóðum.

**Marcus Jernmark frá New York.** Yfirmatreiðslumeistari á Aquavit í New York, sænskur að uppruna en hefur átt mikinn og skjótan frama í Bandaríkjunum og talinn einn fremsti matreiðslumeistari í New York.



Michael Schlow, dómari á Food and Fun, er þekktur um öll Bandaríkin.

**Michael Schlow frá Boston.** Veitingahúsið Radius sem er talið meðal þeirra fremstu í hágæðamatreiðslu í Boston. Einnig Via Matti sem er í ítölskum stíl. Hann er þekktur um öll Bandaríkin.

**Sven Erik Renaa frá Noregi.** Fyrirliði norska kokkalandsliðsins og verðlaunahafi á Bocuse d'Or fyrir fjórum árum. Mjög virtur á Norðurlöndunum og rekur veitingahús undir eigin nafni í Stavanger.

**Geir Skeie frá Noregi,** Gullverðlaunahafi á Bocuse d'Or 2009 og verðlaunahafi á Food and Fun 2008.

**Erwin Peters frá Moskvu.** Austurríkisbúi sem hefur sest að í Moskvu og búið þar undanfarin tuttugu ár. Einn fyrsti sjónvarpskokkur í Rússlandi. Stjórnar nokkrum stórum veitingastöðum.

Í stuttu máli fer dómgæslan þannig fram að dómararnir skiptast í þrjá flokka og veitingastaðirnir í þrjá riðla. Dómaraflokkur dregst síðan saman við veitingahúsariðil og fer á staðina og bragðar á matseðlum gestakokkanna á hverjum stað fyrir sig. Þeir velja síðan þann sem flest stig hefur unnið og einn gestakokkur og veitingahús komast upp úr riðlinum. Það verða síðan þrír kokkar, einn úr hverjum riðli sem keppa um titilinn Food and Fun Chef 2011. Allir þrír eru vinningshafar þótt einn sigri að lokum.

Þetta er nýtt fyrirkomulag þar sem veitingahúsin taka meiri þátt í keppninni um hverjir vinna riðilinn.

Dómararnir láta ekki vita hvenær þeir koma á staðina og munu birtast í fullum kokkaklæðum og snæða með gestunum. Þetta verður smá sýning og uppistand sem vekur vonandi spennu og gleði hjá gestum veitingahúsanna.



Hafþór Sveinsson hjá veitingastaðnum Silfri við Austurvöll er spenntur fyrir komu Járnfrúnnar Celinu Tio. MYND/GVA

# Járnfrúin á Silfrinu

**Gestakokkurinn sem mætir til leiks á veitingastaðnum Silfri í næstu viku er enginn annar en sjálf Járnfrúin Celina Tio úr sjónvarpsþáttunum Iron Chef. Hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu.**

„Þetta er öflug blanda sem við höfum í eldhúsinu um helgina í næstu viku. Í eldhúsi Silfurs eru nú þegar öflugar valkyrjur fyrir þannig að Járnfrúin úr Iron Chef verður kannski til þess að við karlarnir verðum undir í baráttunni um eldhúsið," segir Hafþór Sveinsson, yfirmatsveinn á veitingastaðnum Silfri.

„Celina hefur vakið mikla athygli vestanhafs meðal matargagnrýnenda og annarra sem fjalla um það heitasta í matargerðarlistinni. Í Esquire rataði nafn hennar á lista sem tímaritið birti yfir þá þrettán kokka sem vert væri að fylgjast með."

Celina Tio á og rekur veitingastaðinn Julian í Kansas City og hefur sem fyrr segir fengið nokkrar rósir í hnappagatið þrátt fyrir að vera í yngri kantinum. Meðal annars hefur hún hlotið hin virtu James Beard verðlaun og ekki síður vakti þátttaka hennar í bandarísku sjónvarpsþáttaseríunni Iron Chef á síðasta ári mikla athygli og Celina Tio er því orðið þekkt nafn þar ytra.

„Matseðillinn í heild er mjög flottur. Mikill spenningur er fyrir því hvernig Celina framreiðir íslensku bleikjuna, sem verður hægelduð, meðal annars með sinnepi. Þá er spennandi kjötréttur á boðstólum, lambahryggvöðvi og kálfabris sem og eftirréttur, volg súkkulaðikaka með skyri semi freddo," segir Hafþór.

# Henriksen aftur á Dilli

**Veitingastaðurinn Dill hefur skapað sér góðan orðstír fyrir nýnorræna matargerð. Nú hafa eigendur staðarins fengið til liðs við sig danskan matreiðslumann sem vann Food and Fun keppnina fyrir tveimur árum.**

„Við erum svo heppnir að fá til okkar Claus Henriksen, matreiðslumann frá danska veitingastaðnum Dragsholmslot," segir Gunnar Karl Gíslason, annar eigenda veitingastaðarins Dills.

„Það verður enginn svikinn af eldamennskunni hans en Claus var með okkur árið 2009 og vann Food and Fun keppnina þá. Með okkur hefur haldist góður kunningsskapur síðan og við höfum brallað margt saman, meðal annars haldið fyrirlestur á Slow Food á Ítalíu og veislu í Berlín."

Claus hefur sett saman spennandi matseðil í nýnorrænum stíl en Gunnar segir hann sérfræðing í nýnorrænni matargerð eftir áralangt starf á veitingastaðnum Noma í Kaupmannahöfn. „Claus verður með spennandi snúning á íslenskri önd. Í desertinn blandar hann saman skyri og grænmeti, sem hljómar enn meira spennnandi, en Claus notar mikið grænmeti í sína rétti," útskýrir Gunnar. „Stutt frá Dragsholmslot er einn besti grænmetisbóndi Dana og Claus vinnur mikið með honum. Hann er sjálfur með stóran kryddjurtagarð fyrir utan veitingastaðinn og nýtir einnig hráefni úr skógi þar í kring. Þetta verður eins norrænt og það gerist."



Gunnar Karl Gíslason, matreiðslumaður og eigandi veitingastaðarins Dills, fær til sín danska kokkinn Claus Henriksen sem vann Food & Fun keppnina árið 2009. MYND/GVA

# Góðar hugmyndir vakna

**Norðmaðurinn Even Ramsvik mun galdra fram rétti undir nýnorrænni matarstefnu á Sjávarkjallaranum, Aðalstræti 2, á Food and Fun í næstu viku.**


Kokkar Sjávarkjallarans fylgja nýnorrænni matarstefnu líkt og gestakokkurinn.

Ólafur Ágústsson matreiðslumaður og félagar hans í Sjávarkjallaranum eru staddir í Kaupmannahöfn þegar blaðamaður nær tali af honum. „Við erum í rannsóknarferð,“ segir hann glaðlega og útskýrir að hópurinn flakki á milli góðra veitingastaða, smakki matinn, skoði umhverfið og þjónustuna. „Það er búið að vera gríðarlega lærdómsríkt og við munum nýta okkur reynsluna heima,“ segir Ólafur en þeir félagar voru einmitt á leið út að borða á Noma, sem var valinn besti veitingastaður í heimi á síðasta ári.

Sjávarkjallarinn tekur þátt í Food and Fun sem hefst í næstu viku og fær líkt og aðrir veitingastaðir til sín góðan gestakokk. „Hann heitir Even Ramsvik og er matreiðslumaður á veitingahúsinu Ylajali í Osló,“ upplýsir Ólafur og bætir við að Ramsvik hafi í mörg ár verið í norska kokkalandsliðinu sem sé búið að vera á toppnum í mörg ár. „Núna síðast varð hann í öðru sæti í keppni um matreiðslumann ársins í Noregi, en orðið á götunni er að hann sé sá fremsti í Noregi í dag.“

Ramsvik fylgir nýnorrænni matarstefnu líkt og kokkarnir á Sjávarkjallaranum og Ólafur segist því ekki búast við allt of miklum breytingum á staðnum vikuna sem Food and Fun stendur yfir. „Það er hins vegar gaman að fá nýjan vinkil á þessa nýnorrænu matreiðslu. Hann ætlar til dæmis að vera með laxa- og ostrutartar, desert úr hafþyrnisberjum og gulrótum og elda síðan úr íslenskum þorski og lambi,“ lýsir Ólafur. Hann segir heilmikið umstang fylgja því að fá gestakokk á staðinn. „En það er lærdómsríkt bæði fyrir okkur og þá sem vinna hjá okkur að fá nýtt blóð inn á staðinn og nýjan vinkil á hlutina,“ segir Ólafur. En er ekki erfitt að fá mann inn í sitt eigið eldhús og láta hann segja sér fyrir verkum?



Even Ramsvik verður gestakokkur í Sjávarkjallaranum.

„Nei, það er allt í lagi fyrst það er bara einu sinni á ári,“ svarar hann hlæjandi.

Sjávarkjallarinn er ekki alveg nýr af nálinni. Hins vegar opnaði hann með nýjum eigendum, áherslum og hefðum 6. janúar síðastliðinn. Ólafur og Jóhannes Steinn Jóhannesson matreiðslumaður höfðu þá um nokkurt skeið gengið með þá hugmynd í maganum að opna nýnorrænan veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Með þeim starfa Gunnar Rafn Heiðarsson og Einar Magnús Ólafíuson framreiðslumenn sem Ólafur segir mikilvægan hluta af liðinu sem stendur að baki hins nýja Sjávarkjallara.

„Við vorum heppnir að fá góða menn með okkur í þetta,“ segir Ólafur og er mjög sáttur við gengi staðarins hingað til. „Þetta hefur farið vel af stað og fínt að gera,“ segir hann en þátttaka í Food and Fun er hluti af því að stimpla staðinn rækilega inn í vitund fólks. „Food and Fun hefur gefið íslenskri veitingahúsaflóru mikið. Nýir vinklar hafa orðið til í íslenskri matreiðslu auk þess sem margar skemmtilegar hugmyndir hafa vaknað við það að fá gestakokka á staðina,“ segir Ólafur og heldur á vit ævintýranna á veitingahúsinu Noma.


Steinn Óskar Sigurðsson
Jóhannes Steinn Jóhannesson
Ólafur Ágústsson



# Food and Fun á VOX

MATSEÐILL

Reyktur lax og linsoðin lynghænuegg með blómkálsmauki og ferskum kryddjurtum.

Andalifrar-terrína með sýrðu grænmeti og tómatmarmelaði.

Grillaður skötuselur og pönnusteiktur leturhumar ásamt tartar, ostrum, jarðskokkum og anda-confit

Hallsveppa- og týtuberjakryddaður hryggvöðvi með innbökuðum lambabógi, rósakáli og gljáðri svartrót.

Ananas ravioli með hindberjum og mascarpone, pistasíuköku og súraldinís.

**Matseðill 6.900 kr.**
**Matseðill með víni 13.450 kr.**

*Vegna mikillar eftirspurnar undanfarin ár verður Food and Fun matseðillinn áfram í boði vikuna á eftir, dagana 16. mars til 19. mars.*



VOX

RESTAURANT/BISTRO

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opið mið. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opið alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50




Fannar Vernharðsson, yfirmatreiðslumaður VOX, hefur tekið þátt í Food and Fun frá upphafi og segir það mjög gaman. MYND/VILHELM

# Ósvikið dekur við bragðlauka gesta

**Jarðsveppir, ostrur, humar og foie gras eru meðal hinna fersku og fínu hráefna í réttum veitingastaðarins VOX á matarhátíðinni Food and Fun.**

„Finninn Matti Jämsen er með glæsilegan matseðil og flott hráefni og það verður gaman að takast á við eldamennskuna með honum," segir Fannar Vernharðsson, yfirkokkur á VOX. Jämsen tekur tímabundið við stjórn í eldhúsi VOX meðan á Food and Fun stendur. Hann varð í 5. sæti í hinni óopinberu heimsmeistarakeppni í matreiðslu, Bocuse d'Or í ár og auk þess er hann að taka við G.W. Sundmans sem er lengi búinn að vera einn af topp veitingastöðum Helsinki. Þeim sem vilja kynna sér þann veitingastað er bent á síðuna http://www.royalravintolat.com/sundmans „Það er mikill heiður að fá að vinna með þeim gestakokkum sem hingað hafa komið á hátíðina. VOX hefur oft skartað meisturum sem hafa náð langt á heimsvísu til dæmis René Redzepi á Noma og Allan Paulsen, sem vann keppnina í fyrra. Það er ekki síður sómi að því fá Jämsen til okkar í ár," segir Fannar.

Sjálfur tók Fannar við starfi yfirmatreiðslumannsins á VOX um síðustu áramót en er þó enginn nýgræðingur í Food and Fun. Hann hefur tekið þátt í hátíðunum frá upphafi og segir það mjög gaman. „Það er auðvitað mikil vinna hjá okkur matreiðslumönnunum og mikið álag," lýsir hann. En býst hann við að Jämsen taki til hendinni í eldhúsinu eða eingungis stjórni aðgerðum? „Jämsen vill hafa hlutina nákvæmlega eftir sínu höfði og ég hef fulla trú á að hann eigi eftir að verða þátttakandi í matreiðslunni," svarar Fannar glaðlega. „Við munum leyfa honum að ráða ferðinni svo allt verði eins og hann vill hafa það."

Fannar getur þess að kokkarnir á VOX verði með tvo aukarétti sem þeir bæti við matseðilinn hans Jämsen fyrir þá sem það kjósa auk þess sem ýmsir smakkréttir verði bornir fram. Hann leggur líka áherslu á að hinn margverðlaunaði vínþjónn á VOX, Alba E. Hough, beri fram vín sem hæfi hverjum rétti.

„Þetta verður ósvikið dekur við bragðlauka gestanna," lofar hann. „Nú þegar hefur mikið verið bókað hjá okkur eins og undanfarin ár, því höfum við ákveðið að vera einnig með Food and Fun matseðilinn í boði í vikunni á eftir."

# Lambatartar að hætti VOX

**Á hinum hefðbundna matseðli VOX á Hilton Hóteli við Suðurlandsbraut er þessi ferski réttur. Uppskriftin er ætluð fjórum.**



**250 g fínt skorinn lambahryggvöðvi**
**40 g Egilsstaðafeti**
**4 msk. krækiber**
**2 msk. bláber**
**3 stk. sýrður, rauður perlulaukur**
**1 tsk. fersk, græn einiber, söxuð**
**1 msk. fínsaxaðir skalottlaukar**
**1 stk. egg**
**50 g ferskt fáfnisgras**
**250 g hlutlaus olía**
**svartur pipar og salt**

***Fáfnisgraskrem:*** *Sjóðið eggið í söltu vatni í fjórar mínútur, kælið og fjarlægið skurnina. Setjið eggið í matvinnsluvél ásamt hálfri matskeið af ediki og fáfnisgrasinu. Hellið olíunni rólega saman við þar til útkoman er hæfilega þykk.*

***Sýrður perlulaukur:*** *Forsjóðið laukana í söltu vatni í 40 til 60 sekúndur og færið þá yfir í klakabað. Skerið þá síðan í helminga og hellið heitum edikleginum yfir. Gott er að nota ílát með loki.*

***Ediklögur:*** *Setjið 1/2 dl vatn, 1/2 dl sykur, 1 dl borðedik saman í pott og komið upp suðu.*

***Samsetning réttar:*** *Blandið lambakjötinu saman við 1-2 matskeiðar af olíu og skalottlaukinn, smakkið til með salti og pipar, mótið í hring á miðjum disknum. Setjið krækiberin og bláberin jafnt yfir kjötið og sprautið kreminu í litlar doppur. Rífið Egilsstaðafetann í litla bita og setjið hann, ásamt lauknum í laufum ofan á allt saman. Sáldrið í lokin söxuðum einiberjunum yfir og skreytið réttinn með ferskum jurtum, til dæmis ferskum kerfli, fáfnisgrasi og dilli.*

# Kokkarnir á Food'n Fun

**Celina Tio frá Bandaríkjunum á og rekur veitingahúsið Julian í Kansas City.** Celina hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir matreiðslu. 2005 var hún kosin „Chef of the year" af tímaritinu Chefs Magazine og 2007 „Best Chef Midwest" af hinni virtu James Beard stofnun, sem er afar áhrifarík í Bandaríkjunum. Einnig hefur hún tekið þátt í ýmsum matarhátíðum víða um heim og er í dag ört vaxandi sjónvarpskokkur með þátttöku í vinsælasta matreiðsluþætti í Ameríku, „The Next Iron Chef". Matreiðsla hennar er hæfileikarík og náttúruleg – amerísk en undir áhrifum frá franskri og Miðjarðarhafsmatreiðslu. **Celina Tio verður gestakokkur á Silfri.**

**John Mooney frá New York er þekktur matreiðslumaður og eigandi veitingastaðarins Bell Book and Candle í Greenwich Village á Manhattan.** Sá staður hefur vakið feykilega eftirtekt í helstu fjölmiðlum í New York vegna þess að á þaki byggingarinnar er hann með grænmetisgarð þar sem hann ræktar allt það ferska grænmeti sem veitingastaðurinn þarfnast. Allt er gert á sjálfbæran hátt með sólarorku og vatnsdælikerfi. Hans matreiðsla er nútímaleg, bragðgóð, yfirlætislaus en alls ekkert einföld. Vönduð og góð. **John Mooney verður gestakokkur á Einari Ben.**

**Chris Parsons er hefðbundinn Nýja Englandsbúi.** Hann er einn viðurkenndasti matreiðslumaður í Massachusetts og eigandi veitingastaðarins Catch rétt utan við Boston. Hann var lengi á hinum þekkta veitingastað Rialto í Cambridge en sá staður er framúrskarandi og oftast kjörinn besti staður í Boston af James Beard stofnuninni. Veitingahús hans Catch ber nafn af ástríðu hans, sem er fluguveiði og fiskur almennt. Hann var einn af tólf útvöldum bandarískum matreiðslumeisturum sem kepptu um að fara Bocuse d'Or – heimsmeistarakeppni kokka. Chris Parsons og veitingastaðurinn hans Catch hafa fengið fjölda viðurkenninga sem besti veitingastaður fyrir utan Boston. Hann segir að matreiðsla hans hafi þróast frá því að vera frönsk hágæðamatreiðsla yfir í að vera staðbundin hágæðamatreiðsla Nýja Englands. **Chris Parsons verður gestakokkur á Grillinu á Hótel Sögu.**

**Paul Stearman er yfirmatreiðslumeistari á Marcel's í Washington DC.** Marcel's er álitinn besti hágæðaveitingastaður höfuðborgarinnar og er í eigu Roberts Wiedmaier, sem er af belgískum uppruna, einn af stóru meisturum borgarinnar og eigandi þriggja veitingastaða. Paul byrjaði ungur að matreiða á hágæðastöðum Washington-borgar, fyrst á Vidalia hjá Jeff Buben sem einnig er einn af frumkvöðlum í veitingamennsku borgarinnar á hæsta plani. Bæði Jeff Buben og Robert Wiedmaier hafa tekið þátt í Food and Fun frá byrjun. Paul færði sig yfir á Marcel's fyrir um tíu árum, fyrst sem kokkavaktstjóri og síðan sem yfirmatreiðslumaður þegar Wiedmaier færði út kvíarnar. Hann telst vera ein af hinum ungu kokkastjörnum Washington-borgar og matreiðsla hans er á mjög frönskum nótum þótt amerísk sé – hágæðamatreiðsla. **Paul Stearman er gestakokkur á Hótel Holti.**

**Kaz hinn japanski er einn fremsti sushi-meistari Washington-borgar.** Fæddur í Japan en kemur til Bandaríkjanna ungur nemandi í myndlist. Hefur störf við veitingahús til að framfleyta sér við námið. Þar kviknar matargerðarlistinn í unga myndlistarnemanum og hann snýr aftur til heimalands síns og hefur nám í sushi-matreiðslu en sú matargerð er tekin mjög alvarlega í Japan. „Sushi er ekki bara sushi eins og við sjáum það. Það er heilmikil þekking og vinna sem liggur bak við hvern sushi-bita. Það þarf að hreinsa, skera, flaka, hreistra fiskinn – það þarf að skilja hrísgrjónin því að þau er mismunandi eftir bæði tegundum og héruðum. Svipuð tilfinning og með vínið." Veitingastaður Kaz, Sushi Bistro, er af mörgum talinn einn fremsti sushi-staður Bandaríkjanna. Kaz er ekki eingöngu sushi-meistari heldur er hann jafnvígur á alla matreiðslu þótt sú holla japanska sé hans sérgrein. **Kaz verður gestakokkur á Lava í Bláa lóninu.**

**Sushi-meistarinn Sae Yamaoka og Sake-meistarann Natsuki Kikuya, frá einum vinsælasti veitingastað Lundúnaborgar, Zuma, heimsækja Nítjándu hæðina í Turninum í Kópavogi.** Zuma er japanskur veitingastaður, þekktastur fyrir útfærslu á sushi og sashimi og ýmsa rétti af robata-grillinu. Zuma – Nítjanda matseðillinn samanstendur af 4 forréttum sem koma á borðin, þar á meðal er humar, smokkfiskur og fleira. Aðalrétturinn er hægeldað nauta ribeye af hlaðborði m. austurlensku meðlæti að hætti Zuma. Eftirréttahlaðborðið er á sínum stað með dýrindis eftirréttum, þar á meðal mangó hvít súkkulaðikaka, banana græn tekaka og papaya ananas frauð. Sérstaklega hafa verið fluttar inn nokkrar tegundir af sake og mun sakemeistarinn Natsuki ráðleggja gestum hvaða sake passar með hverjum rétti. **Til þess að fullkomna kvöldið geta gestir farið og notið útsýnisins á barnum, T20.**

**Even Ramsvik er norskur landsliðskokkur og hefur tvisvar lent í öðru sæti í Bocuse d'Or keppninni í Noregi.** Hann er í framarlega í flokki hinna ungu matreiðslumeistara sem eru að gera garðinn frægan um víða veröld með hinni nýnorrænu matargerðarstefnu. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna með norska landsliðinu. Hann var einn af stofnendum veitingastaðarins Oscarsgata í Ósló sem er með eina Michelin-stjörnu. Hann seldi hlut sinn þar og er núna eigandi veitingastaðarins Ylajali í Ósló. Þótt hin nýnorræna matargerð sé aðalsmerki Evens hefur hann mikla ánægju af að blanda saman hinum norrænu, frönsku og asísku mataráhrifum á nútímalegan og framsækinn hátt. **Even Ramsvik verður gestakokkur á Sjávarkjallaranum.**

**Claus Hendriksen er einn af hinum stóru páfum nýnorrænar matargerðalistar.** Hann rekur hinn hreinræktaða veitingastað í Dragsholm Slot á Sjálandi suður af Kaupmannahöfn. Staðurinn er í einu af hinum sögufrægum „herragarðsslotum" Danmerkur með alla þá rómantísku eiginleika sem þeim fylgja. Þar er hótelgisting. Óhætt er að segja að veitingastaðurinn sé sjálfbær, en þar er allt grænmeti ræktað í fögrum garði við slotið. Allt kjötmeti og sjávarfang kemur úr nánasta umhverfi. Claus er allþekktur matreiðslumeistari í Danmörku og hefur nýlega gefið út kokkabók sem hefur fengið viðurkenningu sem ein fallegasta matarbók ársins og er matargerð hans list og ilmandi ferskleiki. **Claus Hendriksen verður gestakokkur á Dill í norræna húsinu.**

**Bengt Sjöström hinn sænski matreiðslumeistari frá Gautaborg er eigandi veitingastaðarins Alinea í Gautaborg sem er einn sá fremsti í þeirri góðu borg.** Einnig er hann með Kostaboda Arthotel rétt fyrir utan borgina. Hann hefur í fjöldamörg ár verið einn af þekktustu og eftirsóttustu matreiðslumeisturum borgarinnar. Hann er sjónvarpskokkur til fjölda ára og nýtur mikilla vinsælda. Einnig hefur hann verið dómari í fjölda matreiðslukeppna á Norðurlöndum ásamt því að þjálfa finnska þáttakandann í Bocuse d'Or keppninni árið 2007. Hann býður upp á mikla gæðamatreiðslu á framsækinn hátt með ferskleikann og kunnáttu atvinnumannsins að vopni. **Bengt Sjöström verður gestakokkur á Nauthóli.**

**Bruno Doucet er dæmigerður Parísakokkur.** Hann er eigandi og yfirmatreiðslumeistari á La Regalade á mörkum 16. og 17. hverfisins. Staðurinn er bistró en hefur yfir sér einkar hefðbundið aðlaðandi Parísarandrúmsloft. Á matseðlinum, sem breytist vikulega, er boðið upp 10 mismunandi forrétti og 10 mismunandi aðalrétti og eftirrétti sömuleiðis. Gestir setja svo saman þriggja rétta matseðil og allt er á einu verði. Dómar eru allir á þann veg að þetta sé eitt besta bistró borgarinnar og eru gæði matarins langt yfir væntingum. **Bruno Doucet verður gestakokkur á veitingastaðnum Við Tjörnina.**

**Luigi Pomata kemur frá hinni fögru ítölsku eyju Sardiníu.** Þar rekur hann veitingastað undir sínu nafni, Luigi Pomata Ristorante. Einnig rekur fjölskylda hans nokkra veitingastaði og kaffihús á eyjunni sætu. Hann er snillingur í Miðjarðarhafsmatreiðslu og fiski og elskar íslenskt lambakjöt enda Íslandsvinur og hefur komið þó nokkrum sinnum til landsins. Ferill hans er langur og telur fjölda viðurkenninga. Hann var meðal annars sigurvegari í hinni ítölsku Bocuse d'Or undankeppni árið 2002. Hann matreiðir að hætti Ítala með hjartanu. **Luigi verður gestakokkur á La Primavera.**

**Brant Tesky er yfirmatreiðslumeistari á Acadiana, sem er einn af mörgum toppveitingastöðum í Washington-borg.** Acadiana er fjórði staðurinn sem Jeff Tunks, einn kunnasti matreiðslumeistari Bandaríkjanna, opnaði fyrir 5 árum í matarborginni miklu. Matargerð Acadiana kemur frá Louisiana og New Orleans, sem þykir ein sú mest spennandi í Bandaríkjunum. Brant er lærður frá hinum virta matreiðsluskóla Culinary Institute of America, sem jafnvel franskir stórmeistarar álíta þann besta í heimi. „Matargerð Lousiana er ólík annarri amerískri svæðisbundinni matreiðslu, þar sem margt er hefðbundið, því Louisiana hefur sína eigin menningu með algjörlega sérstakri matargerð. Hún er nær franskri matargerð af gamla skólanum en nokkur önnur matreiðsla sem ég þekki til," segir Brant. **Það eru orð að sönnu – hin spennandi og sérstaka matreiðsla New Orleans verður í Perlunni þar sem Brant Tesky verður gestakokkur.**

**David Britton er margreyndur matreiðslumeistari og býr í uppsveitum New York fylkis.** David ver tíma sínum á milli staða en hann rekur vinsælan almennan veitingastað við Saratoga-veðreiðabrautina frægu. Einnig er hann matreiðslumeistari á hinum vandaða veitingastað LoLa á Long Island. LoLa er hágæðaveitingahús þar sem matreiðslumeistarinn Michael Ginor er eigandi. Michael Ginor er með þekktari meisturum New York borgar og víðar. Hann er einnig eigandi Hudson Valley Foie Gras, sem framleiðir andalifur og andakjöt. Sú framleiðsla er mjög þekkt í Bandaríkjunum. David er einnig ráðgjafi þar við matreiðslu og framleiðslu á andakjötsafurðum og hinni vinsælu feitu andalifur – foie gras. **David er fastur þátttakandi og kemur fram reglulega á Food Network í Dinner Impossible, þeim vinsælu þáttum til margra ára.**

**Matti Jämsen frá Finnlandi var þátttakandi í lokaumferð Bocuse d'Or í Lyon í Frakklandi í janúar síðastliðnum og náði 5. sæti.** Matti er afar hæfileikaríkur og metnaðarfullur ungur matreiðslumeistari og hefur starfað á mörgum af fremstu veitingahúsum í Finnlandi og erlendis. Hann tilheyrir hinum unga flokki norrænna matreiðslumanna sem einbeita sér að efnivið úr nánasta umhverfi undir siðareglum hinnar hinnar nýju norrænu matargerðar, en sú matreiðsla er sú athyglisverðasta í heiminum í dag og er fremst í flokki. Matti er yfirkokkur á Sundmans í Helsinki einum mesta hágæðaveitingastað í hinni ört vaxandi matarmenningarborg. **Hann verður gestakokkur á VOX á Nordica Hilton.**

**Andreas Andersen er ungur sænskur matreiðslumeistari.** Hann starfa í Ósló sem sous-chef á þeim vinsæla gæðaveitingastað Carls Kjökken. Sá veitingastaður hefur yfir sér ungt yfirbragð, mikla hæfileika og frábæra matreiðslu. Andreas starfaði fyrst í Svíþjóð en fór síðan yfir sundið til Kaupmannahafnar þar sem hann var í nokkur ár á Bacino sem er einkar eftirsóttur ítalskur veitingastaður við ferjuhöfnina. Inni á milli þar fór Andreas í námsleyfi til hins heimsþekkta og virta Pierre Gagnaire í París. Þar var hann í tæpt ár. Hann flutti til Óslóar 2010 hefur störf á Carls Kjökken. **Andreas verður gestakokkur á Fiskfélaginu við Grófartorg.**

Einar Ben
RESTAURANT

Food and fun

Gómsætt og gaman!

Við bjóðum John Mooney, eiganda Bell, Book and Candle Restaurant, velkominn á Einar Ben.

Sími: 511 5090
Netfang: einarben@einarben.is
Veffang: www.einarben.is

EXPO • www.expo.is



Stefán Baldvin Guðjónsson hjá Einari Ben lofar spennandi og ferskri veislu, ættaðri frá New York, á Food and Fun. MYND/VALLI

# New York á Einari Ben

**Veitingahúsið Einar Ben hefur allt frá upphafi Food and Fun tekið þátt í hátíðarhöldunum. Í ár verður sannkölluð New York stemning á veitingastaðnum en einn af þekktari matreiðslumönnum Stóra eplisins mætir þar til leiks.**

„Matarævintýrin sem hægt er að upplifa á Food and Fun eru einstök að því leyti að þú getur hugsanlega ekki upplifað slíkt ævintýri aftur á ævinni. Það eru til að mynda ekki margir sem hafa efni á því að fara alla leið til New York og borða hjá John Mooney sem kemur og eldar fyrir Íslendinga hjá okkur á Einari Ben,“ segir Stefán Baldvin Guðjónsson hjá veitingastaðnum. Þangað mætir John Mooney, sem þekktastur er fyrir veitingastað sinn Bell Book and Candle í New York, og reiðir fram spennandi rétti.

Bell Book and Candle er einstakur veitingastaður en John Mooney er einn af stofnendum og eigendum staðarins. Stolt Bell Book and Candle er meðal annars garður á þaki veitingahússins þar sem Mooney ræktar grænmeti og kryddjurtir sem notaðar eru í rétti hússins. Mikið hefur verið skrifað um staðinn í þekkt tímarit svo sem Food & Wine Magazine, en hægt er að nota afurðir garðsins um tíu mánuði á ári.

„Mooney stólar á ferskmeti, lífrænt ræktað grænmeti, ávexti, ferskt sjávarfang og kjöt af nýslátruðu. Þessir þættir verða því í aðalhlutverki í matreiðslu hans, úr íslensku eðalhráefni og það verður virkilega spennandi að sjá hvað hann reiðir fram. Gestir fá tækifæri til að upplifa New York eins og hún er upp á sitt besta og hráefnið eins ferskt og heilsusamlegt og getur orðið,“ segir Stefán.

STJÖRNUKOKKUR FRÁ BOSTON

SPREYTIR SIG Á ÍSLENSKU HRÁEFNI



**Chris Parsons** verður gestakokkur á Grillinu á **Food and Fun** hátíðinni. Parsons hefur sérhæft sig í sjávar- og fiskréttum og rekur veitingastaðinn The Catch í Boston. Staðurinn hefur m.a. hlotið verðlaun sem besti veitingastaðurinn og besti sjávarréttastaðurinn þrjú ár í röð frá Boston Magazine, Wine Spectator verðlaunin fjögur ár í röð og New England Travel & Life Magazine valdi hann besta **sjávarréttastaðinn árið 2006.**

Grillið
á Hótel Sögu

Velkomin á Food and Fun á Grillinu!

Radison BLU Hótel Saga • 8. hæð • Sími 525 9960 • www.grillid.is

# Íslenskt hráefni eldað á amerískan máta á Grillinu

**Gestakokkur Grillsins á Hótel Sögu á Food and Fun verður bandaríski kokkurinn Chris Parsons, sem rekur veitingastaðinn Catch í útjaðri Boston.**



„Matseðillinn verður í okkar stíl með nýjum áherslum,“ segir Sigurður Helgason, yfirkokkur á Grillinu. MYND/VILHELM

„Chris hefur mikinn áhuga á að nota íslenskt hráefni og uppistaðan í matseðlinum verður bleikja, þorskur, lamb og skyr,“ segir Sigurður Helgason, yfirkokkur á Grillinu á Hótel Sögu, um gestakokkinn Chris Parsons sem mun ráða ríkjum í eldhúsi Grillsins meðan á Food and Fun stendur. Parsons opnaði veitingahúsið Catch í Winchester fyrir norðan Boston árið 2003 og næstu þrjú árin var staðurinn valinn besti nýi veitingastaðurinn í Boston auk þess að vera valinn besti fiskistaðurinn árið 2006. „Hann hefur líka mikinn áhuga á að fá ígulker til að matreiða, en hvort það verður að veruleika ræðst af framboðinu,“ segir Sigurður.

Parsons leggur mikla áherslu á ferskt hráefni og þá einkum fisk, sem er í samræmi við þá stefnu sem Grillið hefur sett sér. „Við einbeitum okkur að því að nota íslenskt hráefni á Grillinu,“ segir Sigurður. „Við erum það sem kallað er nýevrópskur staður, viljum ekki binda okkur við nýnorrænu stefnuna þar sem við notum hráefni eins og sítrónur og aðra suðræna ávexti.

Hins vegar leggjum við mikla áherslu á árstíðabundið íslenskt hráefni og Chris er alveg inni á því að vinna með sama hráefni og við, þannig að matseðillinn verður í okkar stíl með nýjum áherslum frá Boston og útkoman ætti að verða mjög spennandi.“

# Ekta Suðurríkjasæla

**Segja má að ósvíkin Suðurríkjastemning muni ríkja á veitingastað Perlunnar í næstu viku, þegar matar- og menningarhátíðin Food and Fun verður haldin.**



Stefán og kokkar Perlunnar eru að búa sig undir Food and Fun. MYND/VILHELM

„Við ákváðum að prófa eitthvað alveg nýtt og koma þannig fólki svolítið á óvart. Enda óhætt að segja að fáir tengi matargerð af þessu tagi við okkur,“ segir Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri Perlunnar. Í tilefni af Food and Fun gefst gestum kostur á að bragða á öllu því besta í Suðurríkjamatseld í næstu viku.

Djöflaegg með kavíar, rækjur í kryddsósu og bleikja með svörtum baunum í forrétt, grilluð önd í aðalrétt og búðingur og kanilís með karamellu og rommi, er á meðal þess sem matreiðslumeistarinn Brant Tesky, frá Acadiana Restaurant, mun útbúa sérstaklega fyrir gesti á veitingastað Perlunnar í komandi viku.

Það verður því seint hægt að halda öðru fram en að fjölbreytnin sé í fyrirrúmi á spennandi matseðlinum. „Enda leggjum við okkur fram við að bjóða aðeins það besta,“ segir Stefán og getur þess að meðan á matarhátíðinni standi verði venjulegi matseðillinn ekki í boði.

Að hans sögn hefur Perlan frá upphafi tekið þátt í hátíðinni sem honum finnst stöðugt vaxa ásmegin. „Í fyrstu tóku nokkrir staðir þátt og lítill tími gafst í undirbúning. Með tíð og tíma hefur þeim fjölgað og góð reynsla komin á hátíðina, sem hefur náð að festa sig í sessi í matarmenningu Íslendinga.“

Þá segir Stefán íslenska matreiðslumenn ekki síður en almenning njóta góðs af komu erlenda kokkanna. „Þeir erlendu skilja alltaf eftir sig einhver áhrif og þeir íslensku viða því að sér nýrri ómetanlegri þekkingu, sem þeir þyrftu kannski annars að sækja sér erlendis og með meiri fyrirhöfn.“



● **EINSTÖK MATARGERÐ** Matreiðslumaðurinn Brant Tesky lauk námi frá hinum virta skóla Culinary Institute of America og fetaði þar með í fótspor lærifóður síns og yfirmanns á veitingastaðnum Acadiana. Að námi loknu starfaði Tesky við fjölda virtra veitingahúsa í Bandaríkjunum. Má þar nefna Cities, 32 East, þar sem hann vann undir stjórn Waynes Allcadie, og rak síðar ásamt fleirum veitingastaðinn Falcon House. Síðar tók Brant til starfa á Acadiana, þar sem hann er nú yfirmatreiðslumeistari, og býður þar upp á fjölda spennandi rétta í anda Suðurríkjanna. Gestum Perlunnar mun í næstu viku gefast kostur á að bragða á matargerð Tesky, þegar Food and Fun hefst.

# Ostakökur á ameríska vísu

Í glæsilegum húsakynnum Perlunnar er meðal annars að finna snoturt kaffihús sem býður upp á fjölbreytt úrval veitinga. „Óhætt er að segja það og sem dæmi er hægt að gæða sér á belgískum vöfflum, fylltum pönnukökum, tertum og ís búnum til á staðnum,“ segir Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri Perlunnar, og lætur þess getið að ísinn sé gerður eftir formúlu frá hinum virta ísvélaframleiðanda Carpigiani.

Fleira gott er á boðstólum á kaffihúsinu og þar á meðal ostakökur að amerískri fyrirmynd. „Um daginn vorum við eitthvað að ræða um ágæti ostakaka bandarísku veitingahúsakeðjunnar Cheesecake Factory og fengum í kjölfarið þá hugmynd að útbúa okkar eigin ostakökur. Úr varð heil lína af ljúffengum og saðsömum ostakökum sem ostakökur úr matvöruverslunum standast engan veginn samanburð við, hvorki að gæðum ná ferskleika,“ segir Stefán og hvetur sem flesta til að koma í Perluna og prófa þetta sælgæti.



Amerískar ostakökur eru meðal þess góðgætis sem býðst á kaffihúsi Perlunnar. MYND/VILHELM


Food'n Fun

í Perlunni

3-9 mars 2011





Perlan er spennt að kynna matreiðslumeistarann Brant Tesky sem ætlar að blanda saman Cajun og Creolé matargerð við íslenskar matarhefðir. Brant Tesky er matreiðslumeistari á veitingastaðnum Acadiana í Louisiana fylki í Bandaríkjunum. Hann hefur mikla reynslu af Cajun og Creolé matargerð og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr tilraunum hans á Food´n Fun hátíðinni.















PERLAN

Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

# Keppendur úr Bocuse d'Or á *Food and Fun*

Þeir keppendur á Food and Fun í ár sem hafa tekið þátt í hinni frægu Bocuse d'Or keppni eru Matti Jämsen frá Finnlandi og Chris Parsons frá Bandaríkjunum sem verið hefur einn af tólf útvöldum sem keppa í amerísku undankeppninni.

Tveir dómaranna í ár hafa unnið gullverðlaunin í Bocuse d'Or, þeir Sven Erik Renaa, sem vann gullið bæði 2000 og 2006, og Geir Skeie sem fékk gullið árið 2009. Michael Ginor hefur verið dómari í amerísku undankeppninni.

Bocuse d'Or, virtasta matreiðslukeppni sem haldin er í heiminum, hefur verið haldin annað hvert ár síðan 1987 og komast færri þjóðir að en vilja. Þjóðir fá keppnisrétt eftir að hafa unnið forkeppni úr sinni heimsálfu, en fimm efstu sætin í sjálfri Bocuse d'Or-keppninni tryggja þeim þjóðum sjálfkrafa keppnisrétt í næstu keppni. Bocuse d'Or er oft kölluð hin eina sanna heimsmeistarakeppni í matreiðslu.

Íslendingar hafa verið með í síðustu fimm skipti eða frá 1999 og er árangur þeirra vægast sagt glæsilegur og sýnir tölfræðin að Íslendingar eru í hópi sex bestu þjóða í heiminum í matreiðslu. Árið 1999 fór Sturla Birgisson sem frumkvöðull fyrir Íslands hönd og náði fimmta sætinu og ruddi þar með brautina fyrir næstu keppendur.



**ÚRSLIT ÚR BOCUSE D´OR 2011:**

1. **sæti** - Danmörk, Rasmus Kofoed
2. **sæti** - Svíþjóð, Tommy Myllymaki
3. **sæti** - Noregur, Gunnar Hvarnes

Þess má geta að Þráinn Freyr Vigfússon hafnaði í sjöunda sæti í síðustu keppni.

Friðgeir Ingi Eiríksson landaði áttunda sæti árið 2007.









Ferskt hráefni er nauðsynlegt í sushi og enginn hörgull er á því í Grindavík.

# Nútímalegt í Lava

**Bláa lónið er virkur þátttakandi í Food and Fun matarhátíðinni í ár. Þar verður sushi í öndvegi.**

Kaz Okochi sem á og rekur veitingastaðinn Kaz Sushi Bistro (www.kazsushi.com) í Washington DC verður gestakokkur á Lava í Bláa lóninu á Food and Fun. Hann sérhæfir sig meðal annars í sushiréttum og verður úrval af þeim á matseðli Bláa lónsins meðan á Food and Fun stendur.

Kaz Okochi er frá Nagoya í Japan. Hann nam matreiðslu í Tsuji Culinary Institute í Osaka sem er einn virtasti matreiðsluskóli Japans, þar sem hann sérhæfði sig í sushi-gerð. Frá árinu 1988 hefur hann starfað í Washington DC þar sem hann hefur kynnt og þróað sína aðferð við sushi.

**● MATSEÐILL**

**Gildir frá 9. til 13. mars**

- Marineraður (Ceviche) lax og hörpuskel
- Humar misó-súpa
- Túnfisk-tartar salat
- Blandað sushi
- Skyr og bláber

*Borðapantanir eru í síma 420-8815. Nánari upplýsingar á www.bluelagoon.is*

Kaz Okochi var á meðal fyrstu matreiðslumanna í Bandaríkjunum til að þróa nútímarétti sem byggja á hefðbundinni japanskri matargerð. Hann opnaði veitingastað sinn Kaz Sushi í Washington DC árið 1999. Sá staður hefur hlotið fjölda viðurkenninga. Meðal annars hafa samtök veitingamanna á Washington DC-svæðinu valið Kaz Sushi sem einn af fimm bestu veitingastöðum svæðisins auk þess sem matseðlinum hefur verið lýst sem nýstárlegum og framsæknum.

Okochi vinnur með japanskar, vestrænar og alþjóðlegar matgerðarhefðir. Sjálfur lýsir hann því sem japanskri matargerð, byggða á hefðbundnum grunni en með nútímalegri framsetningu.

Viktor Örn Andrésson, yfirmatreiðslumeistari Bláa lónsins, segir spennandi að fá Kaz Okochi sem gestakokk. „Sushi er í boði á matseðlinum okkar og með heimsókn Okochi munum við kynna skemmtilegar nýjungar. Við erum í einstakri aðstöðu með Grindavík við bæjardyrnar og höfum ávallt aðgang að besta mögulega sjávarfangi," segir Viktor. „Það skiptir lykilmáli þegar gera á gott sushi."

# Áhrif koma alls staðar frá

**Gómsætar þorskkinnar og -tunga verða meðal annars á matseðli Grand Hótels á Food and Fun.**

„Að þessu sinni fáum við til okkar bandaríska matreiðslumeistarann David Britton, sem hefur áður glatt íslenska matargesti á Silfri. Hann er frægur fyrir einstaka hæfileika í eldhúsinu og starfar á Lola Restaurant, margverðlaunuðu veitingahúsi Michaels Ginor á Long Island í New York," segir Vignir Hlöðversson, yfirmatreiðslumeistari á Grand Hótei, um gestakokk sinn á Food and Fun að þessu sinni.

David er aðdáendum matreiðsluþátta að góðu kunnur þar sem hann hefur fengist við ýmsar þrautir í eldhúsinu með kollega sínum Robert Irvine í Dinner Impossible á sjónvarpsstöðinni Food Network síðustu ár, en nú vinna þeir einmitt að 8. seríu þáttarins.

„David er stjörnukokkur sem lærði snemma að taka til hendinni á æskuárunum í Arizona því móðir hans krafðist þess að börn hennar lærðu ung að bjarga sér í eldhúsinu. Því spreytti hann sig ungur á skólanestinu yfir í heilu fjölskyldumáltíðirnar og heimatilbúinn ís um helgar, en hann er snillingur í eftirréttum og verður spennandi að sjá hvað hann gerir nú," segir Vignir um þennan heimskokk sem starfað hefur á mörgum af bestu hótelum Bandaríkjanna og sérmenntaði sig í alþjóðlegri matarmenningu á námsárunum, með áherslu á evrópska matargerð.



Vignir Hlöðversson, yfirmatreiðslumeistari á Grand Hóteli, þar sem Bandaríkjamaðurinn David Britton stendur með honum vaktina á Food & Fun. MYND/PJETUR

„Heimspeki Davids er einföld, en hún sú er að maður sé ævina út að ná tökum á matargerð þar sem áhrif koma alls staðar frá, sé maður á annað borð opinn fyrir nýjum hugmyndum. Hann er því spenntur fyrir að koma aftur til Íslands, elda úr fersku, íslensku hráefni og njóta íslenskrar gestrisni, eins og gestir Grand Hótels munu upplifa á Food and Fun," segir Vignir og gefur upp freistandi fjögurra rétta matseðil Davids Britton:

„Í forrétt verður foie gras (gæsalifur), í aðalrétt þorskkinnar og -tunga, og íslenskt lamb á tvo vegu og eftirréttur sem kemur á óvart."

# Japanskar lystisemdir

**Matseðill veitingastaðarins Nítjándu fær á sig japanskan blæ þegar Food and Fun hefst í næstu viku.**



Matreiðslumeistararnir Stefán Ingi Svansson og Sigurður Gíslason taka vel á móti gestum Nítjándu. Matseðill staðarins fær á sig skemmtilega japanskan blæ þegar matarhátíðin Food and Fun hefst í næstu viku. MYND/PJETUR

„Okkur langaði að ganga alla leið og aðeins lengra og gera þannig eins vel við gestina okkar og unnt er," segir Sigurður Gíslason, matreiðslumeistari á veitingastaðnum Nítjándu í Kópavogi, sem fær til sín góðan liðsauka, japanska matreiðslumenn, í tilefni af Food and Fun.

Kokkarnir koma að hans sögn frá Zuma Restaurant, japönskum veitingastað sem nýtur mikilla vinsælda í London um þessar mundir. „Zuma er þekktastur fyrir sína útfærslu af sushi og sashimi og hina ýmsu rétti af robata grilli. Staðurinn er gríðarlega vinsæll, það getur tekið allt að þrjá mánuði að fá borð. Því er óhætt að segja að við höfum verið einstaklega lánsöm að fá ekki einn, heldur tvo starfsmenn frá staðnum, sem eru meistarar hvor á sínu sviði, í sushi og saki," segir Sigurður og eftirvæntingin leynir sér ekki í röddinni.

Japönsk matargerð mun því setja sterkan svip á matseðil Nítjándu þegar Food and Fun hefst í næstu viku. Sigurður segir fara vel á því þar sem alla jafna gæti vissra asískra áhrifa í matargerð staðarins. „Við bjóðum venjulega upp á sushi, spjót og ýmsa asíska rétti eins og Zuma, í bland við annað, svo þetta rímar vel við okkar stefnu."

En hvað verður í matinn? „Matseðillinn samanstendur af fjórum ljúffengum forréttum sem koma á borðin, þar á meðal eru humar og smokkfiskur. Aðalrétturinn er hægeldað nautarib eye af hlaðborði með austurlensku meðlæti, að hætti Zuma. Eftirréttahlaðboðið er á sínum stað þar sem hægt verður að gæða sér á 24 réttum, meðal annars á hvítri mangó-súkkulaðiköku, bananagræðni teköku og papaya ananasfrauði," segir Sigurður og getur þess að í tilefni af hátíðinni hafi nokkrar sakiflöskur verið fluttar frá Japan til landsins.

„Saki-meistarinn Natsuki Kikuya mun síðan ráðleggja gestum hvaða sake hentar hverjum rétti til að fullkomna máltíðina," tekur hann fram og bætir við að af barnum, T20, geti svo gestir staðarins notið útsýnisins sem sé með öllu óviðjafnanlegt.



Margt er í boði fyrir íslensku kynslóðina. MYND/KRISTINN MAGNÚSSON

## Fjölskylduvæn stefna á Nítjándu

Veitingastaðurinn Nítjánda, á 19. hæð Turnsins að Smáratorgi 3 í Kópavogi, hefur skipað sér í fremstu röð veitingahúsa landsins. Staðurinn heldur úti fjölskyldustefnu sem miðar að því að foreldrar og börn njóti sín til hins ýtrasta.

„Við erum tiltölulega nýbúin að opna á kvöldin höfðinglegt kvöldverðarhlaðborð, með vel yfir 40 rétta spennandi hlaðborði, úrvali forrétta og forréttatengdra smárétta, fjölda aðalrétta og síðan er það eftirréttahlaðborðið sem nánast svignar undan úrvalinu enda aðeins um að ræða 16 tegundir af eftirréttum" segir Sigurður Gíslason, matreiðslumeistari á Nítjándu, og tekur sem dæmi nauta-ribeye, kjúklinga- og rækjuspjót. „Þetta er svolítið hugsað fyrir hina fullorðnu en í takt við okkar stefnu bjóðum við líka upp á hlaðborð með Disneyívafi fyrir krakkana og frábært Disney-leikherbergi þar sem þeir geta aðhafst ýmislegt undir eftirliti starfsmanns, meðan hinir fullorðnu njóta síns matar í afslöppuðu andrúmslofti" segir hann. Nánar á veisluturninn.is og nitjanda.is.



Lárus Gunnar Jónasson á Fiskfélaginu, þar sem sænsk og íslensk matargerð fer saman á Food and Fun. MYND/VILHELM

# Sænsk-íslensk matarreisa

**Á Fiskfélaginu kætast bragðlaukar í Íslandsferð með sænskum fararstjóra.**

„Hann er frumlegur og djarfur matreiðslumaður sem passar Fiskfélaginu vel," segir Lárus Gunnar Jónasson matreiðslumeistari á Fiskfélaginu, um sænska sælkerakokkinn Andreas Andersson sem þar sýnir listir sínar á matar- og menningarhátíðinni Food and Fun.

„Þrátt fyrir ungan aldur hefur Andreas skapað sér góðan orðstír og er nú einn af heitustu og eftirsóttustu kokkum Norðurlanda. Hann starfar sem yfirkokkur á veitingastaðnum Carls, sem er flottasti og vinsælasti veitingastaður Oslóar, en áður hefur hann matreitt víða um Norðurlönd, sem og á Sketch í Lundúnum undir strangri handleiðslu Pierre Gagnaire, sem er franskur guð í heimi matarmenningar," segir Lárus sem bíður spenntur eftir liðsauka Andreasar við Fiskfélagið.

„Andreas hefur aldrei komið til Íslands en hlakkar til að vinna með íslenskum kokkum. Matseðill hans lofar góðu og samvinna okkar býður upp á dásamlega upplifun fyrir bragðlaukana. Við munum aðstoða Andreas með ferskt, íslenskt hráefni en hans hæfileikar felast í að prófa eitthvað nýtt sem svo blandast við matarupplifun Fiskfélagsins sem nefnist Ferðalag um Ísland. Þetta verður því einskonar sænsk-íslensk matarreisa," segir Lárus hress.

„Andreas verður með forvitnilega nálgun á humar, lax og þorsk, gerir fjórar mismunandi útfærslur af íslensku lambakjöti, freistandi skyrpinna í eftirrétt ásamt ekta sænskri gulrótarköku, því eins og sannur Svíi elskar hann gulrætur," upplýsir Lárus og hvetur fólk til að festa sér borð strax þar sem vinsældir Food and Fun séu miklar.








Food'n Fun

MATSEÐILL 2011

**LYSTAUKI**

LETURHUMAR „carpaccio"
& stökkur perlulaukur

**FORRÉTTUR**

Léttsöltuð ÞORSKLUND & NAUTA-beinmergur, stökkur jerusalem ætiþistill, rauðvínsvökvi & graslaukur

**MILLIRÉTTUR**

Sykur & klettasaltaður 32° LAX í sólseljuhjúp, piparrótarsnjór & eplamarineruð agúrka

**AÐALRÉTTUR**

Kryddjurtasteiktur LAMBAHRYGGUR & HÆKILL, brennd svartrót, kartafla „pomme anna" kirsuberjatómatur & garðablóðbergsdjús

**EFTIRRÉTTUR**

Silkimjúk GULRÓTARKAKA, gulrótarkrem, frosið jógúrt & skyrís

FISKFÉLAGIÐ FISH COMPANY

Vesturgata 2a, Grófartorg 101 Reykjavík
Sími 552 5300 • info@fiskfelagid.is • fiskfelagid.is

# ÓDÝR HEIMILISTÆKI

## ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR ÞVOTTAVÉLAR



BEKO

**Beko WML15100P**
1000 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL með 30-90° hita, 30sm hurð, ullarkerfi, skolstoppi, hraðkerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A, vinduhæfni C. Stærð (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ **69.995**
FULLT VERÐ 79.995



Whirlpool

**Whirlpool AWO3760**
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, 47 lítra tromlu, ullarkerfi, hraðkerfi, handþvottakerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A, vinduhæfni B. Stærð (bxhxd): 59,5x85x54sm.

TILBOÐ **84.995**
FULLT VERÐ 94.995



Bauknecht

**Bauknecht WAK9777**
1400 snúninga og 7kg ÞVOTTAVÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara, Dynamic Intelligence, ullarkerfi, hraðkerfi, handþvottakerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A+, vinduhæfni B. Stærð (bxhxd): 85x60x60m.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 114.995

## ÞURRKARAR ÞURRKARAR ÞURRKARAR ÞURRKARAR



BEKO

**Beko DV1160**
6kg ÞURRKARI fyrir barka. 8 stillingar. Orkunýtni C.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 59.995



BEKO

**Beko DCU1560**
Tvíátta barkalaus 6kg ÞURRKARI með rakaskynjara, krumpuvörn, 8 stillingum, 104 lítra tromlu og orkunýtni C.

TILBOÐ **74.995**
FULLT VERÐ 89.995



Whirlpool

**Whirlpool AWZ8460**
Tvíátta barkalaus 6kg ÞURRKARI með rakaskynjara og með 6th Sense, köldum blæstri, vatnstanki uppi og orkunýtni B.

TILBOÐ **94.995**
FULLT VERÐ 134.995

## UPPÞVOTTAVÉLAR UPPÞVOTTAVÉLAR UPPÞVOTTAVÉLAR



BEKO

**Beko DUN1303**
60sm UPPÞVOTTAVÉL með 3 kerfum, lætur vita ef gljáefni vantar, þurrkar með hita frá elementum, vatnsflæðivörn, þvottahæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta B. Stærð: (hxbxd): 82x60x55sm.

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ 84.995



Whirlpool

**Whirlpool ADPY1110HV**
60sm UPPÞVOTTAVÉL til innbyggingar með 5 kerfum, 4 hitastigum, sjálfhreinsandi síu, vatnsflæðivörn, stillanlegri hæð á efri grind, þvottahæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta A. Stærð: (hxbxd): 59,7x82x57sm.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 109.995



CANDY

**Candy CDF 8312X**
60sm og 12 manna uppþvottavél með þurrkgetu A, orkunýtni A og þvottahæfni A. Hljóðlát 48dB. Stál.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 109.995

## KÆLISKÁPAR KÆLISKÁPAR KÆLISKÁPAR



scan domestic

**Scandomestic SKF220**
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kælir og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ 79.995



scan domestic

**Scandomestic SKS150**
85sm KÆLISKÁPUR með 130 lítra kæli og orkunýtni A. Mál (hxbxd): 85x55x57sm.

TILBOÐ **44.995**
FULLT VERÐ 59.995



Whirlpool

**Whirlpool WBE3412WF**
187sm KÆLISKÁPUR með 228 lítra kæli og 119 lítra frysti. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 187,5x59,5x64sm.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 109.995

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

### Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

### TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

### MINIGRAFA
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

### Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Málarar

### Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**

ALPAR TRÉSMÍÐI
SMÍÐA SÓLPALLA & SKJÓLGIRÐINGAR.
TILVALIÐ FYRIR SUMARIÐ.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

VERKKRAFTUR
Smíðavinna - Þakviðgerðir
Pípulagnir - Stíflulosun
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Jarðvegsvinna - Hellulagnir
Trjáfellingar - Lóðavinna
Málningavinna - Sprunguviðgerðir
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888

RENNUR & NIÐURFÖLL

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

K.R.S. ELDON VERKTAKAR. Múrverk, viðg. og flísal. Vönduð vinna tilb./tímav. S. 899 4254

**Nýsmíði og viðhald**
**Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhúsklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla.**
**S.K.E - Verk SF - S. 861 7749.**
**Blikktak ehf. - S. 861 7733.**
**bragimarunn@simnet.is**

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

# Þjónustuauglýsingar

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Útsölulok
20-50% afsláttur
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

XPRENT -merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Öflugir fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

NEW HOLLAND CONSTRUCTION
Varahluta- og viðgerðarþjónusta
New Holland – O&K – Fiat – Fiat Hitachi
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar: 555 6670 / 892 3996 • www.velanaust.is

DAKIN FLATHERS
Bandsagarblöð

Frábær hádegisverðatilboð
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

GABRÍEL DEMPARAR Í 40 ÁR
Gabriel
GS varahlutir
BÍLDSHÖFÐA 14 • RVK • S. 567 6744 • GSVARAHLUTIR.IS

freud
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

# Alla fimmtudaga

## Nudd

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Great whole body message S: 696 4399.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Whole body massage. S. 849 5247.

**ERTU MEÐ SVEPPASKÝKINGU**
KOMDU Í HEILSUGREININGU. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage. IN Down Town. S. 692 2126, Alena.

## Spádómar

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opið alla virka daga

www.orlagalinan.is
Örlagalínan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga og öllu símt. svarað.

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

## Viðgerðir

**BROTIN GLERAUGU ?**
**Gerum við allar gerðir málmumgjarða Verð frá 7.200**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**ÖSKUDAGURINN**
Spennandi barnabúningar. M.a. Harry Potter, Avatar, Batman, Superman, Super Mario, Lady GaGa ofl. Sendum út á land. Sjáið úrvalið á hokuspokus.is. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955

## Vélar og verkfæri

Til sölu rennibekkur tossv18ra 1.5m milli odda 355mm þvermál 2800rpm. Uppl. í s. 892 0941.



**Pallettutjakkar**
Lyftigeta 2,5 tonn Verð kr: 59.900.- með vsk Plastprent ehf Fosshálsi 17 - 25 S: 580 5600 www.plastprent.is

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



MÓTAPLÖTUR
Í STÆRÐUNUM 50 X 250 cm OG 50 X 300 cm
KVARNIR
SALA LEIGA
Tunguháls 15
Sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## Sími 512 5407


**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
**Stúdíó 29**
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864-4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

PÚST Hjá Einari
Setjum pústkerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!
Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Bjóðum úrval tækja til leigu
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3355

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

OSEA Öryggiskerfi
Öryggiskerfin frá OSEA eru þægileg og henta örugglega vel fyrir þig.
Margar gerðir af skynjurum.
Tilboðsverð kr. 36.139
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Hugna.is
Dalvegur 16b s: 554-2727

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A
AIS Class – B
AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is


gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Verslun

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**



NÝJAR VÖRUR! Kjólar, skokkar, toppar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn

Óska eftir gömlu ódýru vel með förnu skrifborði ekki Ikea/rúmfatal. Uppl. í s. 896 5757.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is
Ný netverslun:
www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar 5 ára ábyrgð Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Fyrir veiðimenn







## Styrkir

**AUGLÝSING UM STYRKVEITINGU ÚR MINNINGARSJÓÐI BARBÖRU OG MAGNÚSAR Á. ÁRNASONAR**

**Styrkur úr Minningarsjóði Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar er ætlaður íslenskum myndlistarmönnum sem ráðgera sýningu, útgáfu eða starfsdvöl hjá viðurkenndri stofnun erlendis.**

**Veittur verður einn styrkur eða tveir styrkir eftir atvikum.**
**Heildarupphæð er kr 1.000.000,- (krónur ein milljón).**

**Upplýsingar um umsóknir og umsóknarferil er að finna á heimasíðu SÍM www.sim.is og í prentuðu formi í Listasafni Kópavogs gerdarsafn@kopavogur.is. Einnig í Vinnustofu Vesturvör 9, 200 Kópavogi,-**

**vifillark@simnet .is**

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**TILBOÐSDAGAR**
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Holiday apartment by the sea!**
Studio apartment for 2 in a peaceful environment. Swimmingpool and bus with in a walking distance. Information in 823 2927

Iðnaðarhúsnæði til leigu í skógarhlíð 150fm, með innkeyrsluhurð hæð á hurð 2.60m. Uppl í s. 615 2562

Kjallaraherb. til leigu í 101. Uppl. í s. 773 3182.

Lítil stúdíó íbúð til leigu á góðum stað. Leigist einungis reglusamri og reyklausri manneskju. Uppl í s. 661 4292 eh í dag.

**VELDU ÖRYGGI!!**
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

Nýuppgerð 3.herb íbúð á Háteigsveginum til leigu frá 1.apríl. Uppl í s. 899 8436

4 herb. íbúð í grafarvogi til leigu frá 1. mars. leiga 140 þús. Bankaábirgð 3mán. Uppl í s. 821 2575

## Húsnæði óskast

62 ára karlmaður óskar eftir 2-3 herb. íbúð í Breiðholti. Uppl. í s. 699 4329.

Reglusamur einstaklingur óskar eftir að taka á leigu litla íbúð með húsgögnum til skemmri tíma. Helst miðsvæðis og er fyrirframgreiðsla í boði. Upplýsingar í síma 863 6588.

## Atvinnuhúsnæði

Fákafen 140 fm vandað skrifstofu. Tunguháls 327 fm iðnaðar, lofthæð 4,70. Við sund. 20 fm skrifstofu á 2 hæð og 90 fm verslunar og 80 fm iðnaðar á jarðhæð. leiguval.is Sími 553 9820 og 894 1022.

## Geymsluhúsnæði

**FRYSTIGEYMSLUR**
**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**Tækifæri**
Aukavinna eða fullt starf.
Frjáls vinnutími
S. 821 4445.

Vantar stelpu til þess að vera au-pair í miðborg London sem fyrst! Getur verið fram í Júlí eða lengur. Um er að ræða einn 12 ára strák sem sér að mestu um sig sjálfur og einn 5 mánaða. Vinsamlegast sendið upplýsingar ef þið hafið áhuga. aupairlondon2011@gmail.com

Óskum eftir fólki til starfa við úthringingar á kvöldin. Góðar aukatekjur. Uppl gefa Samúel í s 897-0948 eða Eiríkur í s 822-7303 eða eirikur@tmi.is

## Fundir

Lóðarfélag Móhella 4 ae aðalfundur 2011. Boðað er til aðalfundar Lóðarfélagsins Móhellu 4 ae fimmtudaginn 10.mars 2011 að Hótel Hafnarfirði Reykjavíkurvegi 72 Hafnarfirði kl. 16:30. Aðalfundarstörf skv. boðaðri útsendri dagskrá. Stjórnin

## Tilkynningar

Aðalf. hjá Sjstf. Baldri Kópavogi á Catalinu Hamraborg þ. 11.3.2011 kl. 16. Dagskr. skv. lögum. Lögl. félm. velk. Stjórnin

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringin.

# ÞJÓNUSTA

## Önnur þjónusta



**GRÍÐARLEGT ÚRVAL BÚNINGA!**
Hátt í 100 tegundir á stráka og stelpur, ótrúleg fjölbreytni: Prinsessur, ninjur, kúrekar, indíánar, draugar, hryllingskuflar, nornir, sjóræningjar, dýr, trúðar, fangar, beinagrindur, pönkarar, djöflar, sérsveitarmenn, dansarar, slökkviliðsmenn, læknar, hjúkkur, klappstýrur, Batman, Superman, Lína, Zorro, Strumpar, o.fl., o.fl.

Yfir 40 tegundir fullorðinsbúninga (margir í XL líka): Prestar, nunnur, kanínur, læknar, hjúkkur, kúrekar, 50's skvísur, þjónustustúlkur, prinsessur, magadansmær, flugfreyjur, hippar, Charleston, sjóræningjar, sjóliðar, trúðar, nornir, ninjur, fangar, melludólgar, furstar, draugar, mafíósi, rómverjar, allskonar sprellibúningar, Ceasar, Elvis, , o.fl., o.fl. Partýbúðin Faxafeni 11, s. 534-0534 Opið alla daga

# Við leitum að framleiðslustjóra fyrir rafeindavörur

Í framleiðslu er unnið í sellum og er framleiðsla á rafeindavörum ein af þeim. Starfið felur í sér ábyrgð á framleiðslu, gerð framleiðsluáætlana ásamt samvinnu við sölu, þjónustu og vöruþróunarsvið.

**Starfssvið:**
- Framleiðslustjórnun
- Gerð framleiðsluáætlana
- Ábyrgð á framleiðslu og afhendingu rafeindavara
- Eftirlit með gæðum framleiðsluvöru og vinnuferlum
- Ábyrgð á starfsmannamálum innan liðsins

**Hæfniskröfur:**
- Verk-, tæknifræði, framleiðslutækni eða sambærileg menntun
- Þekking á framleiðsluaðferðum og gæðamálum
- Færni í verkefnastjórnun
- Góð tölvuþekking og enskukunnátta
- Mikil samskiptafærni.

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel , **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri framleiðslu, Þórður Theódórsson, thordur.theodorsson@marel.com í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com



marel

# RÝMINGARSALA!

## GRIFFILL FLYTUR

... og við nennum ekki að pakka niður*

80% 40% 20% 70% 50% 60% 30% 10%

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

RITFÖNG

DVD

TÓNLIST

PRENTARAR

BÆKUR

PÚSL

LEIKFÖNG

... OG ALLT HITT

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11

*Rýmingarsala stendur yfir út mars eða meðan birgðir endast!

Opið: Virka daga 10-18, Laugardaga 11-16, Sunnudaga 12-16. Sími: 533 1010

## Merkisatburðir

1200 Bein Jóns Ögmundssonar biskups eru tekin upp.

1879 Fyrsta konan, Belva Ann Bennett Lockwood, kemur fram fyrir hæstarétt Bandaríkjanna.

1984 Kristján Harðarson slær 27 ára gamalt Íslandsmet í langstökki og stekkur 7,79 metra.

1991 Lettland og Eistland ganga til atkvæða um sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

1997 Björk Guðmundsdóttir tekur við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Osló.

2005 Steve Fossett er fyrstur til að fljúga einn umhverfis jörðina án þess að stoppa nema til þess að taka eldsneyti.



†

*Móðir okkar*

**Hallbera Pálsdóttir**

Birkiteig 4a, Keflavík,

andaðist á Dvalarheimilinu Garðvangi þriðjudaginn 1. mars síðastliðinn. Jarðað verður í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg, Sigrún og Þorsteinn Ólafsbörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Bergur Sigurpálsson**

Tjarnarmýri 41,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag.

**Bjarni Reynir Bergsson**
**Sigurpáll Bergsson** **Hjördís Harðardóttir**
**Bergur Bergsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, fósturfaðir, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Jóhann Einarsson**

Blikastöðum 1, Mosfellsbæ,

andaðist föstudaginn 25. febrúar 2011. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Vilborg Kristinsdóttir**
**Kristinn Ingólfsson**
**Svana Ingólfsdóttir**
**Héðinn Þór Ingólfsson**
**Þráinn Ingólfsson**
**Einar Jóhann Jónsson**
**Hans Ágúst Einarsson** **Oddný Þóra Helgadóttir**
**Ingólfur Kristinn Einarsson** **Halldóra Tryggvadóttir**
**Helgi Einarsson** **Heiðrún Hauksdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Halldór Þorsteinsson**

Staðarhvammi 21, Hafnarfirði.

Útför Halldórs Þorsteinssonar er lést þann 20. febrúar síðastliðinn verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju sunnudaginn 6. mars kl. 14.00. Jarðsett verður á Höfðabrekku fyrir ofan Vík í Mýrdal mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Guðmundur Ingi Thorsteinsson**
**Þorsteinn Elí Halldórsson** **Karen Lynn Thorsteinsson**
**Elsa Eyrós Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Var plataður í stórsigur

Bakarinn Ásgeir Sandholt bar höfuð og herðar yfir aðra keppendur þegar hann fór með sigur af hólmi í súkkulaðikeppni Barry Callebaut í Bella Center á mánudag. Keppnin er undankeppni Norðurlandaþjóða fyrir hina virtu Barry Callebaut heimsmeistarakeppni í súkkulaði sem fram fer í París í október.

„Þetta var sannarlega óvænt því ég var plataður í þessa keppni, eftir að vera hættur öllu keppnisstandi, en ég lét til leiðast vegna stærðargráðu keppninnar, en ég hef alltaf óskað mér að komast í slíka stórkeppni,“ segir Ásgeir sigri hrósandi yfir því að vera orðinn Norðurlandameistari í súkkulaði, en hann var langt fyrir ofan aðra keppendur í heildarstigum og uppskar verðlaunin fyrir hjúpaðan konfektmola og eftirrétt sem sló öllum við.

„Þetta er stórsigur og notalegt að uppskera að maður hafi hæfileika. Mín sterkasta hlið er bragð, en þó get ég ekki lýst bragðinu af konfektmolanum sem er lagskiptur og afar flókinn. Ætli ég útbúi ekki fáeina gullmola til að leyfa Íslendingum að smakka á í Bakaríi Sandholts áður en þrotlausar æfingar fyrir heimsmeistarakeppnina í París hefjast og skorið verður úr um hver sé bestur í heimi í súkkulaði.“ - þlg



**NORÐURLANDAMEISTARI Í SÚKKULAÐI** Hér rignir gulli yfir gullverðlaunahafann Ásgeir Sandholt á verðlaunapallinum í Bella Center á mánudag. MYND/GUNNLAUGUR ÖRN VALSSON

# Nýtum hugann

Sigraðu sjálfan þig nefnist námskeið sem haldið verður í Manni lifandi í kvöld milli klukkan 18 og 21. Leiðbeinendur eru heilsuráðgjafarnir Helga Marín Bergsteinsdóttir og Matti Ósvald. Þau munu hjálpa þátttakendum að opna fyrir þá möguleika sem búa í hverjum og einum og deila með þeim því sem reynst hefur best við að auka gleðina, nýta hugann, hæfileikana og tækifærin.

Matti er fólki hér á landi að góðu kunnur sem heilsuráðgjafi og nuddari. Helga hefur starfað í Dubai síðastliðin 11 ár en á síðustu sex vikum hefur hún víða komið við hér á landi. Fyrirlesturinn sem hún heldur í kvöld er 29. í röðinni og sá síðasti í bili því hún er á leið úr landi. - gun



**RÁÐGJAFI** Helga Marín er með 29. fyrirlesturinn í kvöld á sex vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**ASKJA** Heimildarmyndin Grænir hermenn verður sýnd þar í dag.

# Grænir hermenn sýnd í Öskju

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Grænir hermenn í Öskju í dag en sýningin er liður í heimildarmyndaröðinni China Screen.

Myndin segir frá fimmtíu þúsund farandverkamönnum í Fengjiang sem mynduðu hersveit sem tekur á málmúrgangi vestrænna þjóða. Þeir safna allt að tveimur milljónum tonna af rusli ár hvert og stofna lífi sínu í hættu við skelfilegar vinnuaðstæður. Brotajárnið safnast enn og varpar myndin átakanlegu ljósi á neytendasamfélagið. Sýningin hefst klukkan 17.30 í stofu 132 og er aðgangur ókeypis.

# Ljóðasöngvar um blóm í Salnum

Sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir og rússneski píanóleikarinn Semjon Skigin halda tónleika í Salnum í Kópavogi laugardaginn 5. mars klukkan 15. Efnisskrá tónleikanna er blómleg þar sem fluttir verða ljóðasöngvar eftir Grieg, Schumann, Richard Strauss, Debussy, Rachmaninov og fleiri. Ljóðasöngvarnir eru úr mismunandi heimshlutum en eiga það allir sameignlegt að fjalla um blóm.

Herdís Anna er ein af okkar ungu sópransöngkonum sem hafa getið sér gott orð og má geta þess að hún er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem bjartasta vonin 2010.

Herdís er fædd og uppalin á Ísafirði þar sem hún lagði stund á fiðlu-, píanó- og söngnám. Eftir framhaldsnám í Listaháskóla Íslands lá leið hennar til Berlínar þar sem hún stundaði nám við Hanns Eisler tónlistarháskólann hjá Brendu Mitchell og Juliu Varady. Þaðan lauk hún námi sumarið 2010 en stundar nú nám við sama skóla í Konzertexamen-námi ásamt því að starfa sem söngkona. Hún hefur komið víða fram í Þýskalandi og staldrar nú við á Íslandi með Blómatóna sína í Salnum.



**HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR** Syngur í Salnum á laugardag.



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúðarkveðjur vegna fráfalls okkar kæru móður, fósturmóður og tengdamóður*

**Helgu Guðrúnar Jakobsdóttur**

Ljósheimum 4.

**Gréta S. Haraldsdóttir** **Hrafnkell Þorvaldsson**
**Sigrún J. Haraldsdóttir**
**Friðþjófur D. Friðþjófsson** **Jakobína Óskarsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



†

*Bróðir minn*

**Karl B. Jónsson**

Strandgötu 17 Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 23. febrúar. Útför hans fer fram frá Höfðakapellu mánudaginn 7. mars kl. 10.30.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hrefna Jónsdóttir.**

# 4.daga geðveiki

## Nokkur sófasett með klikkuðum afslætti.



3+1+1 Nautsleður og harðviður
Verð áður: 811.200,- **afsl: 483.200,-**
**tilboðsverð: 328.000,-**



3+1+1 Brúnt nautsleður
Verð áður: 560.000,- **afsl: 264.000,-**
**tilboðsverð: 296.000,-**



3+2+1 Dökk brúnt nautsleður
Verð áður: 552.500,- **afsl: 304.500,-**
**tilboðsverð: 248.000,-**




3+1+1 Lazy sett rafmagn brúnt leður
Verð áður: 747.000,- **afsl: 449.000,-**
**tilboðsverð: 298.800,-**



3+2+1 Dökk brúnt nautsleður
Verð áður: 625.000,- **afsl: 250.000,-**
**tilboðsverð: 375.000,-**



2H2 260*260 Ljóst nautsleður
Verð áður: 410.000,- **afsl: 212.000,-**
**v/galla tilboðsverð: 198.000,-**



3sæta sófi 230cm Microfiber ákl.
Verð áður: 186.000,- **afsl: 87.000,-**
**tilboðsverð: 99.000,-**



2sæta sófi 175cm microfiber ákl.
Verð áður: 166.400,- **afsl: 75.000,-**
**tilboðsverð: 91.400,-**



3+2+púff 2 litir í boði ljóst og brúnt tau
Verð áður: 295.000,- **afsl: 146.000,-**
**tilboðsverð: 149.000,-**

***Ennþá meiri geðveiki öll sófasett sem eru á yfir 400 þús með 100 þús. kr. afslætti þessa 4 daga***

**BÚSTOÐ**
*býður betur!*

Tjarnargötu 2 - Reykjanesbæ - 421-3377 - www.bustod.is

**Opið:**
**Fimmtudag: 10 - 18**
**Föstudag: 10 - 18**
**Laugardag: 11 - 16**
**Sunnudag: 13 - 16**




~~4.790,-~~ **2.390,-**




~~15.270,-~~ **4.990,-**
3 í pakka




~~1.690,-~~ **Nú frá 990,-**

# Bókamarkaðurinn Perlunni!







~~7.215,-~~ **3.490,-**




~~5.680,-~~ **2.840,-**




~~28.900,-~~ **9.900,-**




~~15.990,-~~ **7.990,-**




~~5.980,-~~
**2.980,-**




~~1.390,-~~
**990,-**




~~2.280,-~~
**1.490,-**




~~4.990,-~~
**2.490,-**




~~3.690,-~~
**1.990,-**



~~4.480,-~~
**1.990,-**




~~3.490,-~~
**1.990,-**




~~5.680,-~~
**1.990,-**

Opið frá kl. 10 – 18 alla daga




~~9.990,-~~ **4.990,-**




~~5.490,-~~ **1.990,-**




~~5.990,-~~ **2.490,-**




~~4.490,-~~ **1.999,-**




~~4.990,-~~ **1.999,-**




~~4.490,-~~ **2.245,-**

**Bjarni Kristinsson landsliðskokkur verður í Perlunni á milli klukkan 15-17 í dag og aðstoðar við val á matreiðslubókum.**






~~3.990,-~~ **1.990,-**




## EINUNGIS 100 EINTÖK Á SPRENGI-VERÐI

~~5.490,-~~ **2.490,-**




~~2.990,-~~ **1.495,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR AF MATREIÐSLUBÓKUM

**KITLUM BRAGÐ-LAUKANA**




~~4.449,-~~ **1.499,-**




~~4.990,-~~ **2.490,-**

**Verðið er ótrúlegt, allt að 90% afsláttur!**



## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** í röð, **8.** útsæði, **9.** bergmála, **11.** samanburðartenging, **12.** mæling, **14.** gáleysi, **16.** sjó, **17.** mjög, **18.** hætta, **20.** tvíhljóði, **21.** brunnur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** botnfall, **3.** frá, **4.** aflaga, **5.** bón, **7.** smáræði, **10.** maka, **13.** kvk nafn, **15.** spírun, **16.** sunna, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** rs, **8.** fræ, **9.** óma, **11.** en, **12.** mátun, **14.** vangá, **16.** sæ, **17.** all, **18.** ógn, **20.** au, **21.** lind.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróm, **3.** af, **4.** brengla, **5.** bæn, **7.** smávægi, **10.** ata, **13.** una, **15.** álun, **16.** sól, **19.** nn.


LYNGVÍK FASTEIGNASALA
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI: 588-9490

TIL SÖLU GISTIHEIMILI Á VESTFJÖRÐUM



Um er að ræða ný uppgert 488,1 fm gistiheimili með 17 herbergjum fyrir 35 manns í mjög vel staðsettu eiginhúsi við Suðureyri við Súgandafjörð. Húsnæðið er glæsilega innréttað allt nýtt með 14 tveggja-manna herbergjum, 2 þriggja-manna herbergjum og 1eins-manns herbergi. Búið er að endurnýja flest allt gólfefni, innréttingar og hús-búnað ásamt rafmagni, ofnum og ofnalögnum. Húsið er steinhús sem búið er að einangra klæða og endur-nýja glugga og gler.

Skipti á sérbýli á höfuðborgarsvæðinu allt að 80 m.staðgreiðsla á milli. Sjá heimasíðu: http://www.66guesthouse.is/

SIGRÚN GISSURARDÓTTIR LÖGG. FASTEIGNASALI



# Sumarvinna

**Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2011**

Um er að ræða störf í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Tímabil vinnu er frá 25. maí til 19. ágúst 2011.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkjustörf, í flokksstjórastörf og einstaklingum með dráttarvélaréttindi. Laun eru greidd samkvæmt taxta stéttarfélagsins Eflingar.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1994 eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 1. apríl 2011.

Hægt er að fylla út umsókn á heimasíðunni www.kirkjugardar.is og senda rafrænt.
Umsóknareyðublöð eru einnig afhent á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og í Gufunesgarði, þar er hægt að fá upplýsingar um starfið.
Skrifstofusímar eru: 585-2700 eða sími: 585-2770. Myndsími er 585-2701. Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á Netinu:
**http://www.kirkjugardar.is**
(upplýsingar um sumarstörf).

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA


# Þessir tillitslausu ökumenn

**BAKÞANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Ástæða þess að við stöðvum þig Ragnheiður er sú að þú gafst ekki stefnuljós þegar þó ókst út af hringtorginu," sagði hjálmklæddur lögregluþjónninn við mig alvarlegur í bragði. Mér vafðist tunga um tönn, sagði „ó!"

**ÉG** hélt að lögregluþjónninn hefði verið að beina umferðinni annað vegna umferðaróhapps sem hefði kannski átt sér stað lengra fram undan þegar hann gaf mér merki um að sveigja inn á bílastæði. Fattaði ekkert að hann ætti erindi beinlínis við mig. Eins og álfur gat ég síðan ekki sýnt fram á ökuréttindi, þar sem ökuskírteinið mitt lá í veskinu á stofuborðinu heima. Skjálfhent gat ég þó gert grein fyrir mér með öðrum skilríkjum sem lögregluþjónninn tók með sér til nánari athugunar. Á meðan sat ég hnípin í bílnum og beið.

**„KJÓSIR** þú að tjá þig um brotið í skýrslu, er þér eindregið ráðlagt að segja satt og rétt frá," sagði hann við mig því næst. Það kom á mig fát svo hann spurði örlítið vingjarnlegar hvort ég vildi segja eitthvað sérstakt í skýrslunni. Ég neitaði því, vissi ekki hvað ég hefði mér til málsbóta svo ég kvittaði bara undir sem „hinn ákærði". Í póstinum á ég von á sekt.

**ÉG** hafði heyrt í útvarpinu mörgum dögum áður að lögreglan væri með sérstakt átak í gangi þar sem fylgst væri með hvort ökumenn gæfu stefnuljós. Tekið var fram að óvenju margir virtust „gleyma" að gefa stefnuljós út úr hringtorgum. Ég man að það hnussaði í mér yfir þessum tillitslausum ökumönnum sem hirtu ekki um að gefa þeim merki sem biðu færis að komast inn á hringtorg. Í þéttri síðdegisumferðinni hafði ég margoft látið þetta fara í taugarnar á mér.

**ÉG** hafði hins vegar ekki áttað mig á því að ég væri ein af þeim tillitslausu. Að ég væri svo upptekin af eigin ferðalagi að sú einfalda aðgerð að smella stefnuljósinu á gleymdist. Samferðamönnum mínum til óþæginda og ama og jafnvel hættu. „Þú manst þetta næst, Ragnheiður," sagði lögregluþjónninn við mig að lokum, og ég skammaðist mín.

**ÞAÐ** sem eftir var ferðarinnar gætti ég þess að fara ekki of hratt, gefa stefnuljós og að hæfileg hemlunarvegalengd væri milli mín og þess fyrir framan mig. Ég virti stöðvunarskyldur, biðskyldur, hægrirétt og einstefnureglu og hét því í huganum að falla ekki aftur í hóp hinna tillitslausu ökumanna.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Mamma ræður öllu



MÖMMUSTRÁKUR Justin Bieber byrjar ekki með stelpum nema mamma hans sé sátt við þær.

Justin Bieber er nýorðinn 17 ára en hann sýnir enga tilburði í þá átt að vilja losna undan valdi móður sinnar. Eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum skammtar mamma hans honum vasapeninga og kveðst hann hæstánægður með þann ráðahag. Auk þess þarf mamma gamla að samþykkja allar kærustur söngvarans vinsæla. Sú var raunin með núverandi kærustu hans, Selenu Gomez. „Ég myndi ekki koma heim með stelpu nema mamma væri sátt. Maður kemur ekki með slæmar stúlkur heim til mömmu,“ segir Bieberinn.

Í nýlegu viðtali var Bieber spurður um það hverju hann leitaði að í fari stúlkna, hvort hann vildi hafa þær á ákveðnum aldri. „Nei, ég er hrifinn af konum yfirleitt.“

# Hendricks er táknmynd fegurðar



GLÆSILEG Hin rauðhærða Christina Hendricks er andlit nýrrar skartgripalínu Vivienne Westwood. NORDICPHOTOS/GETTY

Nafn Christinu Hendricks hefur verið á allra vörum síðustu misseri eftir að hún sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Mad Men. Áhrifafólk innan tískuheimsins hefur barist fyrir því að næla í leikkonuna og nú er hún gengin út. Það var sjálf Vivienne Westwood sem samdi við Hendricks um að auglýsa nýja skartgripalínu hennar.

Samstarf þessara tveggja drottninga þarf kannski ekki að koma á óvart. Hin 35 ára gamla Hendricks hefur oftsinnis farið fögrum orðum um Westwood. „Þegar ég var ung stúlka klippti ég út myndir af kjólunum hennar úr tímaritum, jafnvel þótt ég hefði aldrei efni á þeim.“ Hún segir enn fremur að hún geti ekki beðið eftir því að ganga með skartgripi átrúnargoðsins á rauða dreglinum.

Hin 69 ára Westwood gæti ekki verið ánægðari með fyrirsætuna sína. „Christina er táknmynd fegurðar og við erum hæstánægð að hafa getað fengið hana með okkur í lið. Stíll hennar passar vel við hönnun mína. Hún hefur reynst fullkomin fyrirsæta fyrir herferðina okkar.“

Nýja skartgripalínan er nú komin í sölu í verslunum Vivienne Westwood í London og Los Angeles.



BLOODGROUP Hljómsveitin spilar á Hressó í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónleikaröð hefst í kvöld

**Ný tónleikaröð síðunnar Gogoyoko.com á skemmtistaðnum Hressó hefst í kvöld. Tónleikarnir verða fyrsta fimmtudag hvers mánaðar með mörgum af frambærilegustu böndum landsins. Í kvöld ætlar Bloodgroup að stíga á stokk.**

**Hljómsveitin er nýkomin úr sex vikna tónleikaferðalagi um Evrópu þar sem hún spilaði á 34 tónleikum í fimmtán löndum. Hún stoppar stutt við á Íslandi því ný tónleikaferð um Norður-Ameríku hefst 10. mars. Þar spilar sveitin á tónlistarhátíðunum Canadian Music Week í Toronto og SXSW í Texas. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og er ókeypis inn.**



KOMIN HEIM Rúnar og Elín eru komin heim frá Kína og halda tónleika í kvöld.

# Komin heim frá Kína

**Íslenski dúettinn Heima sem hefur verið búsettur í Kína síðustu sex ár er snúinn heim til Íslands með ótal sögur og lög í farteskinu. Dúettinn samanstendur af þeim Rúnari Sigurbjörnssyni og Elínu Jónínu Ólafsdóttur og flytur frumsamda tónlist í þjóðlagastíl. Þau gáfu út plötuna The Long Road Home í Xiamen í Kína árið 2009 og héldu marga tónlistartengda listviðburði árum saman um gjörvallt landið. Tónleikar Heima verða haldnir á Rosenberg í kvöld og hefjast þeir klukkan 21.30. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.**




# menning

menning@frettabladid.is

**! VEGIR EFNISINS** Sýning myndlistarmannsins Þóru Sigurðardóttur, Vegir efnisins, verður opnuð á morgun í Listasal Mosfellsbæjar klukkan fjögur. Á sýningunni, sem stendur til 26. mars, eru teikningar og ljósmyndir. Þóra hefur sýnt verk sín hér heima og erlendis en jafnframt unnið við kennslu og verkefnastjórnun við Myndlistaskólann í Reykjavík og Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans og Nýpurhyrnu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 3. mars 2011**

**➜ Tónleikar**

**12.00 Hádegistónleikar** með þeim **Valgerði Guðnadóttur** sópran og **Antoníu Hevesi** á píanó verða í **Hafnarborg** í dag kl. 12. Húsið opnar 11.30.

**20.30** Saxófónleikarinn **Sigurður Flosason** verður með tónleika í **Norræna húsinu** í kvöld kl. 20.30. Flytjendur auk Sigurðar verða **Kristjana Stefánsdóttir**, **Eyþór Gunnarsson**, **Valdimar K. Sigurjónsson** og **Scott McLemore**. Miðaverð er kr. 1.500, en kr. 1.000 fyrir námsmenn og eldri borgara.

**22.00** Hljómsveitirnar **Rökkurró** og **Sudden Weather Change** slá saman í tónleika á **Faktorý** í kvöld kl. 22. Húsið opnar kl. 21 og er aðgangseyrir kr. 1000.

**22.00 Tónleikaröð gogoyoko** hefst í **Hressingarskálanum** kl. 22 í kvöld. Gogoyoko og Hressó standa fyrir tónleikum fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og mun hljómsveitin **Bloodgroup** koma fram í kvöld. Frítt er inn á meðan húsrúm leyfir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# GÓI OG GÓGÓ

Leikhús ★★★

**Nei ráðherra!**

Borgarleikhúsið

**Höfundur:** Ray Cooney. **Þýðing og staðfærsla:** Gísli Rúnar Jónsson. **Leikstjóri:** Magnús Geir Þórðarson. **Helstu hlutverk:** Guðjón Davíð Karlsson, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Sigurður Sigurjónsson.



**NEI RÁÐHERRA!** Lára Jóhanna Jónsdóttir leikur ástkonu ráðherrans og nær einkar góðum tökum á spennunni þegar eiginmaðurinn nálgast, segir í dómnum.

Farsafrumsýning á föstudag í Borgarleikhúsinu. Jakkaföt og sokkabönd, framhjáhald og misskilningur frá tímum Thatcher komið í alíslenskan búning á svítunni á Hótel Borg. Snillingurinn Gísli Rúnar Jónsson þýðir og staðfærir og þó svo að sumt virki náttúrulega gamaldags og fáránlegt þá gengur þessi þýðing alveg upp.

Ráðherra á hótelherbergi með ástkonu sinni og allt í einu finna þau lík í gluggakistunni og í stað þess að láta sig hverfa fara þau eins og lög farsans gerir ráð fyrir að bagsast við að koma líkinu fyrir í fataskáp og ástkonan verður að fela sig í hliðarherbergi og allt fer í voll. Til þess að skemma nú ekki fyrir væntanlegum áhorfendum verður atburðarásin ekki rakin frekar.

Það er víst óhætt að lofa góðum hláturgusum í Borgarleikhúsinu því ekkert er þar til sparað svo áhorfendur megi skemmta sér sem best. Hitt er annað mál hvort það sé fyndið að nefna nafn núverandi formanns Framsóknarflokksins í annarri hverri setningu. Einu sinni eða tvisvar fyndið, en svo verður það nánast eins og auglýsing.

Leikurinn er ærslafenginn, og leikarar skila hlutverkum sínum vel þó þau séu vitaskuld misskemmtileg. Jóhanna Vigdís Arnardóttir er í litlu hlutverki þjónustustúlku og gerir það frábærlega vel. Ráðherraspjátrungurinn sem Guðjón Davíð Karlsson ljær líf sjáum við nær allan tímann á sviðinu og mæðir mikið á honum. Guðjón Davíð endasendist um sviðið með fettum og grettum um leið og hann er svolítið smart í óaðfinnanlegu fötunum með grobbtakta sem honum farnast vel. Lára Jóhanna Jónsdóttir leikur ástkonuna Gógó, og nær einkar góðum tökum á spennunni þegar hennar óheflaði Atli Freyr nálgast.

Aðrir leikarar eru líka góðir þótt líkið Þröstur Leó Gunnarsson sé best. Lýsingin er við hæfi efnisins og leikmyndin hefðbundin þó svo að umhverfi Alþingis þekktist á nokkrum táknum. Unnur Ösp Stefánsdóttir kemur skyndilega til sögu sem eiginkona ráðherrans og sýnir hún alveg blaðskellandi takta. Rúnar Freyr Gíslason leikur kokkálaðan eiginmann og bjó til grófa og flotta andstæðu við hitt jakkafataliðið. Litli aðstoðarmaðurinn var ansi hreint fyndinn í meðförum Hilmars Guðjónssonar og uppskar margar hláturgusur. Reyndar tókst öllum leikurunum það, sem mun vera markmið farsans nefnilega að fá fólk til að hlæja og helst hömlulaust.

Magnús Geir leiðir hér saman þaulreynda leikara og svo nokkra af yngri kynslóðinni og hinir eldri og þaulreyndu eins og Sigurður Sigurjónsson í hlutverki gamla þjónsins, myndaði eins konar bakland. Örlitlar sveiflur og athugasemdir í misskilningi auðvitað, nægði til þess að fólk sló sér á lær.

Sýningin er líklega holl skemmtun núna þegar pólitíkin er heldur langþreytt. Hvort sem mönnum finnst nauðsynlegt að hafa farsa alltaf svona glyðrulega og hlut kvenna eins og á nítjándu öld, þá er þetta samt fyndið.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Örugg leikstjórn og góður leikur gera þennan annars hefðbundna farsa að góðri skemmtun.

# Biður lesendur að velja kápuna

„Þetta er að minnsta kosti skemmtilegri kosning en Icesave," segir Ágúst Borgþór Sverrisson smásagnahöfundur, sem hefur efnt til kosningar á bloggsíðu sinni þar sem hann biður lesendur sína að velja eina af þremur mögulegum kápum fyrir væntanlega bók hans, Stolnar stundir.

Hann veit ekki til þess að bókakápa hafi verið valin með álíka hætti áður hér á landi.

„Ég hef verið lengi á netinu, bæði blogginu og Facebook, og datt í hug að það gæti verið gaman að fá lesendur til að taka þátt í valinu með þessum hætti. Ég bar hugmyndina undir útgefandann hjá Sögum og honum leist stórvel á þetta." Ágúst Borgþór segir kosninguna ekki endilega ráða úrslitum en hann muni hafa hana til hliðsjónar við val á kápu.

„Það eru svo sem ekki allir hrifnir af kápunni en ég hef fengið mjög gagnlegar ábendingar. Niðurstaðan verður ekki endilega bindandi en mér sýnist hún stefna í að verða sú sama og ég hallast að."

Stolnar stundir kemur út í lok apríl. Hægt er að kjósa um kápuna á bloggsíðunni dv.is/blogg/agustborgthor/.

**- bs**


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

23.02.11 - 01.03.11



**1** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson



**2** Sjöundi himinn - kilja
James Patterson



**3** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



**4** Sumarlandið
Guðmundur Kristinsson



**5** Svar við bréfi Helgu - kilja
Guðmundur Kristinsson



**6** Brothætt - kilja
Jodi Picoult



**7** Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir



**8** Skólaljóð
Ýmsir - Halldór Pétursson



**9** Máttur viljans
Guðni Gunnarsson



**10** Eyjafjallajökull
Ari Trausti/Ragnar TH.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872









# LANCÔME DAGAR
# Í DEBENHAMS 3. – 9. MARS

**Bjóðum upp á förðun fyrir þá sem kaupa 2 eða fleiri Lancôme vörur frá kl. 13:00 – 17:30 fimmtudag og föstudag og kl. 13:00 – 16:30 á laugardag. Tímapantanir í síma 522-8015.**

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur eða fleiri**

~ Teint Miracle nýi farðinn 5 ml
~ Rénergie Morpholift krem 15 ml
~ Rénergie Morpholift dropar 10 ml
~ Absolue Brilliance gloss nr 358
~ Lancôme Hypnôse Drama maskari
~ Galatéis Douceur hreinsimjólk ferðastærð




**Verðmæti kaupaukans 16.400 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með Bocage, blýöntum eða öðrum tilboðum. Einn kaupauki á viðskiptavin.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


ANNA CALVI


LYKKE LI

## > Í SPILARANUM

**Anna Calvi** - Anna Calvi
J. Mascis - Several Shades of Why
Toro y Moi - Underneath the Pine
Radiohead - The King of Limbs
**Lykke Li** - Wounded Rhymes

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Liam ræðst á Radiohead

Skiptar skoðanir eru um nýjustu plötu hljómsveitarinnar Radiohead, The King of Limbs, sem kom út á dögunum. Platan hefur þó fengið fína dóma gagnrýnenda og er með 81 af 100 mögulegum í meðaleinkunn á vefsíðunni Metacritic.com.

Liam Gallagher, fyrrverandi meðlimur Oasis og núverandi forsprakki hljómsveitarinnar Beady Eye lætur Radiohead heyra það í viðtali í vefritinu The Quietus. Hann segist hafa hlusta á nýjustu plötu Radiohead og sagt við sjálfan sig: „Ha?!“. „Þeir sömdu lag um andskotans tré,“ heldur hann áfram. „Látið ekki svona! Þúsund ára gamalt tré? Farið til fjandans! Maður hefði haldið að þeir myndu semja lag um nútímatré eða tré sem var gróðursett í síðustu viku, skilurðu hvað ég meina?“


**SKIPTAR SKOÐANIR** Liam Gallagher er ekki hrifinn af nýjustu plötu Radiohead.



## > PLATA VIKUNNAR

Prince Valium - Andefni

★★★★
„Björt og melódísk raftónlistarplata.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson

# *Aftur til fortíðar*

Ástralska hljómsveitin Cut Copy sendi nýverið frá sér sína þriðju plötu, Zonoscope. Eins og fyrri plöturnar tvær hefur hún fengið fínar viðtökur bæði gagnrýnenda og plötukaupenda, ekki síst í heimalandinu.

Tónlist Cut Copy er til vitnis um það að popptónlistarheimurinn fer í hringi. Gömul sánd ganga í endurnýjun lífdaga með reglulegu millibili. Menn sækja eitthvað gott úr fortíðinni og útfæra það á sinn hátt fyrir nýja tíma og nýja áheyrendur. Dæmin um þetta eru óteljandi. Í tilfelli Cut Copy er það syntapopp og nýbylgja áranna upp úr 1980. Human League, OMD, Spandau Ballet og Telex…


**FORTÍÐARÞRÁ** Tónlist áströlsku hljómsveitarinnar Cut Copy sækir stíft í tónlist níunda áratugarins.

Cut Copy var stofnuð í Melbourne árið 2001 af plötusnúðnum og grafíska hönnuðinum Dan Whitford. Hann var einn í sveitinni á fyrstu smáskífunni, en þegar stóra platan Bright Like Neon Love kom út þremur árum síðar voru meðlimirnir orðnir fjórir. Cut Copy gerði fljótlega samning við fyrirtækið Modular, sem hefur gefið út fullt af flottum tónlistarmönnum, til að mynda The Avalanches, Wolfmother, Tame Impala, Yeah Yeah Yeahs, Architecture in Helsinki, Robyn og The Black Keys. Það var samt ekki fyrr en með annarri plötunni, hinni þrælfínu In Ghost Colours sem kom út 2008, að Cut Copy náði almennilega í gegn alþjóðlega.

Eins og áður segir sækir tónlist Cut Copy mikið í 80´s syntapoppið, en félagarnir blanda það með nýrri hljómum. Þeir hafa nefnt frönsku sveitina Daft Punk sem áhrifavald, en þeir gætu líka sómt sér vel innan um bönd eins og Hot Chip og LCD Soundsystem.

Zonoscope er fínt framhald af In Ghost Colours. Ein af mörgum ágætum plötum sem eru að koma út þessa dagana.

# Sú besta í tuttugu ár

**Hljómsveitin R.E.M. gefur út sína fimmtándu hljóðversplötu. Sú besta síðan Out of Time, segir bassaleikarinn Mike Mills.**

Fimmtánda hljóðversplata bandaríska tríósins R.E.M., Collapse Into Now, kemur út í næstu viku. Þrjú ár eru liðin frá útgáfu hinnar prýðilegu Accelerate sem kom hljómsveitinni aftur á kortið eftir hina misheppnuðu Around the Sun. Upptökustjóri Accelerate var hinn írski Jacknife Lee, sá hinn sami og stjórnar upptökum á nýju plötunni. Hann hefur á ferli sínum unnið með U2, Weezer og Snow Patrol og þykir afar fær á sínu sviði, enda með Grammy-verðlaun uppi á arinhillunni.

**31** Árin sem R.E.M hefur verið starfandi.

Upptökur fóru fram í þremur mismunandi borgum, Berlín, Nashville og í New Orleans. Hljóðverið í Berlín nefnist Das Hansa Tonstudio og er sögufrægt mjög. Þar voru plötur á borð við Heroes með David Bowie, Achtung Baby með U2 og Lust for Life með Iggy Pop teknar upp. Á meðal góðra gesta á Collapse Into Now eru söngkonan Patti Smith, gömul vinkona söngvarans Michaels Stipe, Eddie Vedder úr Pearl Jam og pönkgellan Peaches.

Bassaleikarinn Mike Mills segir að lagt hafi verið upp með að hafa plötuna fjölbreyttari en Accelerate, þar sem fylgt var einni stefnu frá upphafi til enda. Þá voru lögin stutt, hröð og hávær en í þetta sinn skipti engu hvernig lögin voru uppbyggð. Ef þau voru nógu góð voru þau sett á plötuna. Að mati Mills jafnast útkoman á við það besta sem hefur komið úr herbúðum R.E.M og í raun finnst honum Collapse Into Now besta plata sveitarinnar síðan Out of Time kom út 1991 en hún skaut bandinu upp á stjörnuhimininn og seldist í yfir átján milljónum eintaka. Sannarlega stór orð þegar haft er í huga að síðan þá hefur R.E.M. meðal annars gefið út stórvirkið Automatic for the People.

R.E.M., sem hefur yfirleitt verið frekar löt við tónleikaferðir, býst ekki við að fylgja nýju plötunni eftir með ferðalagi líkt og hún gerði í kjölfar Accelerate. Hvort það falli vel í kramið hjá útgáfufyrirtækinu Warner Brothers skal ósagt látið. Collapse Into Now eru síðasta platan í samningi sveitarinnar við Warner sem hefur staðið yfir frá árinu 1988 þegar Green kom út.

Þrátt fyrir yfirlýsingar Mills um gæði nýju plötunnar hefur hún fengið nokkuð misjafna dóma. Breska tímaritið Q gefur henni aðeins tvær stjörnur, sem er óvænt þegar risaband á við R.E.M. er annars vegar, á meðan hið bandaríska Rolling Stone gefur henni fjórar af fimm mögulegum og segir sveitina í sínu besta formi í langan tíma. Bandaríska tímaritið Spin er á sama máli og gefur sveitinni 8 í einkunn af 10 og segir plötuna hljóma eins og gamalkunnan vin sem sífellt er hægt að treysta á.

freyr@frettabladid.is


**FIMMTÁNDA PLATAN** Michael Stipe og félagar í R.E.M. eru enn að og gefa út sína fimmtándu hljóðversplötu, Collapse Into Now, í næstu viku. NORDICPHOTOS/GETTY

## LAGALISTINN

Vikuna 24. febrúar - 2. mars 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | Rolling In The Deep |
| ▲ | 2 | Sjonni Brink | Aftur heim |
| ▼ | 3 | Valdimar & Memfismafían | Okkar eigin Osló |
| ▼ | 4 | Bruno Mars | Grenade |
| ▲ | 5 | Ellen Kristjánsdóttir | The Beach |
| ▼ | 6 | P!nk | F**kin' Perfect |
| ▲ | 7 | Taio Cruz & Kylie Minogue | Higher |
| ▲ | 8 | R.E.M. | Überlin |
| ▼ | 9 | Arcade Fire | Modern Man |
| ▲ | 10 | Hvanndalsbræður | Koss |
| ▲ | 11 | Magni | Ég trúi á betra líf |

## TÓNLISTINN

Vikuna 24. febrúar - 2. mars 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | Söngvakeppni Sjónvarpsins 2011 |
| ▼ | 2 | Ýmsir | Það er bara þú |
| ▲ | 3 | Skálmöld | Baldur |
| ▼ | 4 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ✱ | 5 | Justin Bieber | My Worlds |
| ▶ | 6 | Úr leikriti | Ballið á Bessastöðum |
| ▲ | 7 | Ýmsir | Pottþétt 54 |
| ▲ | 8 | Björgvin Halldórsson | Duet II |
| ▲ | 9 | Friðrik Dór | Allt sem þú átt |
| ▲ | 10 | Hjálmar | Keflavík Kingston |
| ▲ | 11 | Haukur Morthens | Með blik í auga |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

Bestun Birtingahús
World Class ICELAND
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

# SKÓSPRENGJA

## AÐEINS 4 DAGAR EFTIR

LÁGMARK

# 50%

AFSLÁTTUR

Opið mánudaga - föstudaga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

ásamt öðrum tilboðum

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

> LEIKSTÝRIR VESTRA

Leikstjórinn **Quentin Tarantino** hefur lokið við handrit að vestranum The Angel, the Bad and the Wise og svo gæti farið að tökur hefjist strax á þessu ári. Christoph Waltz, sem sló í gegn í Inglorious Basterds, verður líklega í aðalhlutverkinu. Tarantino er einnig með þriðju Kill Bill myndina í undirbúningi og hefur því í nógu að snúast á næstunni.



**bíó**

bio@frettabladid.is

# Jonze og Kaufman starfa saman

Mennirnir á bak við hinar Óskarstilnefndu Being John Malkovich og Adaptation, leikstjórinn Spike Jonze og handritshöfundurinn Charlie Kaufman, eru sagðir vera með nýja mynd á teikniborðinu, níu árum eftir að Adaptation kom út. Hún verður háðsádeila sem fjallar um þjóðarleiðtoga sem hittast reglulega til að ákveða hvað gerist í heiminum, meðal annars hvert olíuverðið verður og hvenær þeir vilja að stríðum ljúki.

Kaufman leikstýrði sinni fyrstu mynd fyrir þremur árum og hét hún Synedoche, New York. Hann er þekktur fyrir að vera harður í horn að taka sem handritshöfundur og vill taka virkan þátt í gerð myndanna eftir að handritaskrifum er lokið. Til að mynda var hann mjög ósáttur þegar George Clooney endurskrifaði handrit hans að Confessions of a Dangerous Mind án þess að ráðfæra sig við hann.

Spike Jonze leikstýrði síðast ævintýramyndinni Where the Wild Tings Are. Einnig framleiddi hann Jackass 3D sem sagði frá ævintýrum samnefndu aulabárðanna.



**SPIKE JONZE** Leikstjórinn við tökur á ævintýramyndinni Where the Wild Things Are.



**ÓSKARSVERÐLAUNAHAFAR** Colin Firth, lengst til hægri, ásamt Christian Bale, Natalie Portman og Melissu Leo.

# Vill leika í grínmynd

Bretinn Colin Firth, sem vann Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í The King´s Speech, hefur mikinn áhuga á að leika í gamanmynd á næstunni. „Mig langar að leika í einhverri mynd sem fær mig til að hlæja og er í öðrum dúr en það sem ég hef gert að undanförnu. Þannig get ég haldið áfram að gera mig að fífli,“ sagði Firth, sem hefur getið sér gott orð fyrir gamanleik í Bridget Jones myndunum.

Næstu myndir hans verða þó af öðrum toga. Næst sést hann í Tinker, Tailor, Soldier, Spy, sem er endurgerð gamallar njósnamyndar um kalda stríðið. Þar leikur hann breskan leyniþjónustumann sem er sakaður um að leka upplýsingum til Sovétmanna.

Stutt er í að tökur hefjist á annarri mynd, Gambit, sem er endurgerð myndar frá 1966 með Michael Caine í aðalhlutverki. Í endurgerðinni leikur Firth á móti Cameron Diaz og hefjast tökur í maí. Handritshöfundar eru Joel og Ethan Coen. Firth hefur einnig verið orðaður við myndina Stoker, þar sem Nicole Kidman myndi leika á móti honum. Orðrómur um þriðju Bridget Jones myndina hefur einnig verið uppi að undanförnu.

# Fá leyfi til að leika sér

**Hall Pass heitir nýjasta mynd Farrelly-bræðra. Hún fjallar um vini sem fá leyfi frá eiginkonum sínum til að gera hvað sem þeir vilja í eina viku.**

Nýjasta gamanmynd Farrelly-bræðra, Hall Pass, verður frumsýnd á morgun. Hún fór beint á toppinn vestanhafs en með aðalhlutverk fara Owen Wilson og Jason Sudeikis.

Myndin fjallar um vinina Rick og Fred, sem hafa báðir verið kvæntir í mörg ár. Þegar þeir verða eirðarlausir heima fyrir taka eiginkonur þeirra djarfa ákvörðun til að bjarga hjónaböndum sínum. Þær veita þeim grænt ljós í eina viku til að gera hvað sem þeir vilja, án nokkurra útskýringa eða eftirmála. Í fyrstu er þetta draumi líkast fyrir Rick og Fred en ekki líður á löngu þar til þeir uppgötva að væntingar þeirra til lífsins og þeirra sjálfra eru algjörlega úr takti við raunveruleikann.

2011 verður að öllum líkindum stórt ár fyrir Owen Wilson því auk þess að leika í Hall Pass leikur hann í How Do You Know, sem var frumsýnd í febrúar á Íslandi. Einnig talar hann fyrir Lightning McQueen í Cars 2 og leikur í gamanmyndinni The Big Year, en þær verða báðar frumsýndar síðar á árinu.



**HALL PASS** Jason Sudeikis og Owen Wilson fara með aðalhlutverkin í Hall Pass.

Jason Sudeikis hefur skotist hratt á stjörnuhimininn. Hans fyrsta kvikmynd var The Ten árið 2007. Auk þess hefur hann verið meðal leikara í Saturday Night Live frá 2003 og í gamanþáttunum 30 Rock.

Þær Christina Applegate og Jenna Fischer leika eiginkonurnar í Hall Pass. Báðar slógu þær í gegn í sjónvarpsþáttum, Applegate í Married with Children og Fischer í hinum bráðfyndnu The Office.

Farrelly-bræður eru meðal þekktustu grínleikstjóra Hollywood. Þrátt fyrir að síðustu myndir þeirra hafi fengið misjafnar viðtökur hafa þeir á ferilskránni grínbombur á borð við There‘s Something about Mary, Dumb & Dumber, Kingpin og Me, Myself & Irene. Þrjú ár eru liðin síðan síðasta mynd þeirra, The Heartbreak Kid með Ben Stiller í aðalhlutverki, kom út. Næsta verkefni þeirra er The Three Stooges sem er kemur út á næsta ári með Benicio Del Toro og Richard Jenkins í aðalhlutverkum.

freyr@frettabladid.is


Ný námskeið að hefjast

Hot power yoga

Byrjendanámskeið í Hatha jóga

JÓGA Stúdíó



Hot Power Yoga

Kraftmikið og styrkjandi jóga sem er gert í upphituðum sal. Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 20.00-21.00 og setndur í 4 vikur í senn. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 8. mars.

Byrjendanámskeið

Lokað námskeið í fyrir byrjendur sem vilja fá góðan grunn í jógaiðkun. Mánudagar og miðvikudagar kl. 18.30-19.30 og stendur í 4 vikur í senn. Námskeiðið hefst miðvikudaginn 9. mars.

Skráning og nánari upplýsingar á jogastudio.is eða í síma 695-8464 Drífa og 772-1025 Ágústa



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com


# Okkar eigin Osló í bíó

Auk Hall Pass hefjast sýningar á þremur nýjum myndum á morgun. Gamanmyndin Okkar eigin Osló er fyrsta mynd Reynis Lyngdal. Hún er byggð á handriti Þorsteins Guðmundssonar og fjallar um tvær gerólíkar manneskjur sem gera tilraun til að stofna til náinna kynna, verkfræðinginn Harald (Þorsteinn Guðmundsson) og bankastarfsmanninn Vilborgu (Brynhildur Guðjónsdóttir). Þau taka misgáfulegar ákvarðanir, eru oft á tíðum óheppin og klaufaleg í samskiptum en einnig leidd áfram af þrá eftir betra lífi, félagsskap, ást og hamingju.

Með önnur hlutverk fara Laddi, María Heba Þorkelsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Valgeir H. Skagfjörð, Ari Eldjárn og Steindi Jr.

The Roommate fjallar um Söru, sem flyst til Los Angeles og byrjar í hönnunarnámi. Þar deilir hún herbergi með Rebeccu og þær verða góðar vinkonur, allt þar til Sara fer að hafa minni tíma fyrir hana. Rebecca verður sífellt ákveðnari í að deila Söru ekki með öðrum og það getur ekki annað en endað með ósköpum. Daninn Christian E. Christiansen leikstýrir þessum hörkuspennandi sálfræðitrylli sem fór beint á toppinn í Norður-Ameríku.

Teiknimyndin Rango fjallar um kamelljónið Rango sem þarf að taka á honum stóra sínum þegar það álpast inn í bæ þar sem bófar ráða ríkjum. Leikstjóri er Gore Verbinski sem er þekktastur fyrir Pirates of the Caribbean myndirnar. Aðalleikari þeirra, Johnny Depp, talar einmitt fyrir Rango. Hinn eldhressi Guðjón Davíð Karlsson, eða Gói, talar fyrir fígúruna í íslensku útgáfunni.



**OKKAR EIGIN OSLÓ** Þorsteinn Guðmundsson og Brynhildur Guðjónsdóttir leika aðalhlutverkin í Okkar eigin Osló.



**RANGO** Johnny Depp og Gói tala fyrir Rango.


TILBOÐ 37" LCD
2 nýjar DVD myndir að eigin vali fylgja með
•129.999
LG 37" LCD 450 - Upplausn: 1920x1080 - Full HD
VAXTALAUST 9
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
...eitthvað fyrir alla í BT
fartölvur
Samsung RV510-A02SE
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: Intel Pentium T3500
Skjástýring: Intel GMA X4500
Harður diskur: 320 GB Sata
Vinnsluminni: 2GB DDR3
•99.999
prentarar
SAMSUNG ML-1660 Laser prentari
•12.999 áður 15.999
flakkarar
•39.999
Verbatim 47540 sjónvarpsflakkari 1TB
heyrnartól
•9.999
SKULL CANDY GI heyrnartól
myndavélar
•9.999
ótrúlegt verð
OLYMPUS T-10 stafræn myndavél 10 MP - 2,4" skjár
2GB minniskort fylgir með
•19.999
SAMSUNG ES70 stafræn myndavél 12,2 MP - 2,7" skjár
•99.999
SAMSUNG NX-10 SLR myndavél 14,6 MP - 3,0" skjár 18-55mm linsa
skemmtilega dótið
•19.999
ION Key49 hljómborð
ION Discover DJ Pro
•34.999
•14.999
ION Discover DJ
•22.999
ION Filmuskanni
mp3 spilarar
Coby MP3 spilari Clip - 2GB - MP550
•4.999
•7.999 2 GB
•10.999 8 GB
Coby MP3 spilari 2" skjár - FM útvarp MP707
•15.999
Coby MP3 spilari 2,8" widescreen skjár FM útvarp - MP828 Snertiskjár - 8GB
•19.999
Coby MP3 spilari 2,8" widescreen skjár FM útvarp - MP815
leikjatölvur
3 nýir litir
•35.999
NINTENDO DSi XL
•29.999
NINTENDO DSi
Wii leikjatölva Sport Resort leikur og Motion Plus fylgja
•39.999
160GB •64.999
320GB •76.999
PS3
BT
BT Skeifan - BT Glerártorgi - S: 550-4444 - www.bt.is

folk@frettabladid.is



**3.** **KVIKMYND** um hina seinheppnu Bridget Jones verður gerð. Varð það ljóst eftir að aðalleikkonan, Renee Zellweger, náði að semja um að þurfa ekki að þyngja sig fyrir hlutverkið.

## Galliano í meðferð

**Tískuhönnuðurinn John Galliano er farinn í meðferð við áfengisvanda sínum. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var Galliano rekinn frá tískurisanum Christian Dior fyrr í vikunni eftir ummæli sem hann lét falla þar sem hann lýsti ást sinni á Adolf Hitler.**

**Galliano hefur beðist afsökunar á ummælunum. Hann hefur yfirgefið Frakkland að ráði vina sinna, þeirra Naomi Campbell og Kate Moss. Talið er að Galliano hafi skráð sig inn á meðferðarheimilið The Meadows í Arizona þar sem Elton John og Donatella Versace hafa áður þurrkað sig upp.**



**Í MEÐFERÐ** John Galliano hefur beðist afsökunar á ummælum sínum um Adolf Hitler og er farinn í meðferð.

# Furtado skilar Gaddafí-peningum

**Nelly Furtado ætlar að gefa milljónirnar sem hún fékk fyrir að syngja fyrir fjölskyldu Líbíuleiðtogans Muammars Gaddafí.**

Söngkonan Nelly Furtado hefur ákveðið að gefa peningana sem hún fékk fyrir að syngja fyrir fjölskyldu Líbíuleiðtogans Muammars Gaddafí. Furtado sagðist á Twitter-síðu sinni hafa sungið fyrir fjölskylduna á 45 mínútna einkatónleikum á ítölsku hóteli árið 2007. Hún fékk eina milljón dala fyrir sönginn, eða um 115 milljónir króna, og ætlar að gefa summuna til góðgerðarmála.

Aðrir söngvarar hafa verið undir þrýstingi um að gefa peningana sem þeir fengu fyrir sams konar einkatónleika. Á meðal þeirra eru Beyoncé og Usher. Að sögn tímaritsins Rolling Stone komu þau fram í nýársteiti Gaddafí-fjölskyldunnar á eyjunni St. Barts í Karíbahafinu árið 2009 og fengu fyrir það ótilgreinda upphæð. Maria Carey fékk einnig eina milljón dollara í vasann fyrir að syngja fyrir Muatassim, son Gaddafís, árið áður og rapparinn 50 Cent söng einnig fyrir hann á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum 2005.

Muammar Gaddafí hefur verið fordæmdur fyrir að beita ofbeldi gegn mótmælendum í Líbíu undanfarnar vikur. Talið er að um tvö þúsund manns hafi látið lífið í átökunum.

Fjöldi tónlistarmanna syngur á einkatónleikum víða um heim en margir vita ekki hver það er sem borgar brúsann. „Í níutíu prósentum tilvika hafa listamennirnir ekki hugmynd. Flestir myndu ekki syngja ef þeir vissu að það væri fyrir Gaddafí. Þeir myndu ekki hafa samvisku í það,“ sagði Buck Williams, umboðsmaður hljómsveitarinnar R.E.M.

Í góðærinu hikuðu íslenskir útrásarvíkingar ekki við að borga tónlistarmönnum stórfé fyrir að syngja fyrir sig í einkapartíum. Á meðal þeirra sem tróðu upp voru Elton John, Tom Jones og 50 Cent. Hvort þeir hafi íhugað að skila fúlgunum sem þeir fengu, til dæmis til góðgerðarmála á Íslandi, skal aftur á móti ósagt látið.

freyr@frettabladid.is



**SKILAR MILLJÓNUM** Nelly Furtado ætlar að skila þeim 115 milljónum sem hún fékk fyrir að syngja fyrir Gadddafí-fjölskylduna. NORDICPHOTOS/AFP




Bíó ★★

**The Mechanic**

Leikstjóri: Simon West

**Aðalhlutverk:** Jason Statham, Ben Foster, Donald Sutherland, Tony Goldwyn.

## Bragðlaus kokkteill hjá Statham

Jason Statham er mistækur. Hann er aldrei betri en myndirnar sem hann leikur í, ólíkt leikurum sem tekst að vera skemmtilegir í jafnvel hundómerkilegum myndum. Harðhausinn Arnold Schwarzenegger er gott dæmi um slíkan leikara. Það er ekki vegna þess að hann er svo frábær leikari, heldur vegna þess að hann hefur sterka og skemmtilega nærveru sem er algjörlega óháð gæðum myndanna. Þrátt fyrir þetta skulum við ekki minnast einu orði á Batman & Robin.

The Mechanic er rólegri en margar myndir Stathams. Galsi mynda á borð við The Transporter og Crank er fjarri góðu gamni en þess í stað er reynt að skapa hæga og stígandi spennu. Titilpersónan er leigumorðingi sem er svikinn af samsteypunni sem hann vinnur fyrir. Einfalt plott, hefur verið notað þúsund sinnum áður, og virkar stundum og stundum ekki.



**HASAR** Statham og Foster á hlaupum.

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að það virkar ekki í þetta skiptið. Jason Statham þarf öflugra handrit og fyndnari línur til að vera ekki leiðinlegur. Léttur húmor liggur vel fyrir honum, en þegar húmorinn vantar er hann eins og stirðbusalegur launsonur Bills Pullman og Davids Duchovny. „Leigumorðingi í hefndarhug"-plottið er vissulega klassískt en til að gera það skemmtilegt þurfa að vera á því ófyrirsjáanlegir vinklar. Þeir eru ekki til staðar hér og áhorfandinn er ávallt tíu mínútum á undan myndinni. Illmennið er litlaust og ósannfærandi. Áhorfandinn þarf að fyrirlíta illmennið jafn mikið og það elskar hetjuna. Þessar sterku tilfinningar er hvergi að finna í The Mechanic.

Hasarmyndir geta verið svo skemmtilegar. Hafi maður fjárráð og hæfileika eru manni engin takmörk sett og því er undarlegt að eyða púðri í jafn bragðlausan kokkteil og þessa mynd. Simon West (leikstjóri myndarinnar) gerði til dæmis hina fáránlegu en stórskemmtilegu Con Air. Hann á að geta miklu betur en The Mechanic.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Hasarmyndir nútímans eru flestar í stjórnlausum og þreytandi rallígír. The Mechanic er gamall karl á Volvo með stóðið á eftir sér.









SIN FANG Sindri Már Sigfússon gefur á föstudag út sína aðra sólóplötu, Summer Echoes. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Keypti upptökugræjur og gítar fyrir sjúkrapeninginn

**Önnur sólóplata Sindra Más Sigfússonar, eða Sin Fang, kemur út á föstudag. Sindri hóf tónlistarferilinn um tvítugt eftir að hann var lagður inn á sjúkrahús í London.**

Rúmum tveimur árum eftir að Clangour kom út sendir Sindri Már Sigfússon, eða Sin Fang, frá sér sína aðra sólóplötu, Summer Echoes. Hún hefur að geyma tólf litrík popplög og kemur út á vegum Kimi Records á Íslandi og þýsku útgáfunnar Morr Music erlendis.

„Það er dálítið langt síðan ég kláraði hana. Við fullkláruðum hana í Berlín í nóvember og ég man að ég var frekar ánægður með hana þá,“ segir Sindri Már, um nýju plötuna.

Aðspurður segir hann að nýja platan sé vandaðri en Clangour, sem fékk góðar viðtökur á sínum tíma. „Ég fékk fólk til að spila inn á þessa plötu en á fyrri plötunni spilaði ég allt sjálfur. Útsetningarnar eru stærri, en mig langaði samt til að halda áfram með sama fíling, bara eitthvað út í loftið,“ segir hann. Eins og á síðustu plötu byrjaði hann að taka Summer Echoes upp án þess að vera með fastmótaðar hugmyndir í kollinum. Hljóðfæraleikarar voru Róbert Reynisson, Arnljótur Sigurðsson og Magnús Trygvason Eliassen en einnig syngja þær Sóley Stefánsdóttir og systurnar Sigurrós Elín, Lilja og Ingibjörg Birgisdætur í nokkrum lögum.

Segja má að tónlistarferill Sindra Más hafi hafist fyrir hálfgerða tilviljun. Hann var staddur í London árið 2001 og ætlaði að læra myndlist í listaháskóla. Hann vann á kaffihúsi á þessum tíma en veiktist og þurfti að fara á sjúkrahús. Það var lán óláni að hann var tryggður hjá kaffihúsinu og fékk því sjúkrapening sem hann ákvað að nota til að kaupa kassagítar og upptökugræjur. „Ég flutti eiginlega heim stuttu eftir það og byrjaði að þykjast vera tónlistarmaður,“ segir hann hógvær. Þegar heim var komið lærði hann á gítar í þrjá mánuði hjá Tryggva Hübner og fór líka í nokkra píanótíma. Síðan þá hefur hann gefið út tvær sólóplötur og tvær plötur til viðbótar með hljómsveitinni Seabear, landað útgáfusamningi við Morr og átt lög með Seabear í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl og Grey´s Anatomy. Sannarlega góður árangur hjá pilti sem hóf tónlistarferilinn ekki fyrr en um tvítugt.

Sin Fang er að undirbúa tónleikaferð um Evrópu sem hefst líklega í haust. Einnig er fyrirhuguð þátttaka í tónlistarhátíðum í Þýskalandi og Finnlandi. Sindri og félagar hafa einnig verið bókaðir á tónlistarhátíðina Reykjavík Music Mess í apríl. freyr@frettabladid.is

## NEW YORK TIMES HRÍFST AF SIN FANG

Stórblaðið New York Times hefur birt lofsamlegan dóm um Summer Echoes. Þar segir gagnrýnandinn: „Ég ætla að hætta við kvöldverðinn og bíóið í kvöld svo ég geti hlustað á þessa plötu sautján sinnum. Hvernig getur hljómsveit eins og Fleet Foxes komist að í SNL [Saturday Night Live] á meðan þessi hljómsveit fær ekki einu sinni að endurhljóðblanda lög með TV on the Radio? (Kannski er skeggvöxturinn ekki nógu mikill).“


SAMBÍÓIN

Hvernig varð saklaus strákur frá Kanada einn ástælasti tónlistarmaður í heiminum í dag
JUSTIN BIEBER NEVER SAY NEVER
FRÁBÆR MYND UM LÍF JUSTIN BIEBERS, STÚTFULL AF TÓNLIST

FORSÝND Í EGILSHÖLL KL. 20.00 Í KVÖLD
SPRENGHLÆGILEG GAMANMYND SEM Á EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI
HALL PASS
FRÁ FARRELLY BRÆÐRUM, ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR SOMETHING ABOUT MARY OG DUMB AND DUMBER!

THE KING'S SPEECH
M.A. BESTA MYND - BESTI LEIKARI
TRUE GRIT
HALDIÐ YKKUR FAST...
THE RITE
ANTHONY HOPKINS SÝNIR STJÖRNULEIK Í ÞESSARI ÓGNVÆNLEGU SPENNUMYND

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE RITE | kl. 6 - 9:20 | VIP |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE ótextuð | kl. 8 | L |
| THE RITE Síðustu sýningar | kl. 10:10 | 16 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS FORSÝNING | kl. 8 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D ótextuð | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| GEIMAPAR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| SANCTUM-3D | kl. 10.30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE RITE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 5:50 | 10 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

THE MECHANIC — MOGNUÐ HASARSPENNUMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF! 16 LÚXUS
HOW DO YOU KNOW L
BIG MOMMAS L
JUST GO WITH IT L ★★★ -H.H., MBL
BLACK SWAN 16 LÚXUS ★★★★★ -H.S.S., MBL ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS
127 HOURS 12 ★★★★★ -H.V.A., FBL ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS
THE EAGLE 16 ★★★★ -H.V.A., FBL

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE MECHANIC | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MECHANIC LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.20 - 8 - 10.20 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| THE EAGLE | KL. 10.35 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLACK SWAN LÚXUS | KL. 5.30 | 16 |
| GULLIVER´S TRAVEL 3D | KL. 3.30 | L |
| ALFA OG OMEGA 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.30 - 8 | L |
| 127 HOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE FIGHTER | KL. 10.30 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.50 - 8 SÍÐASTA SÝNING | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 10.10 SÍÐASTA SÝNING | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
AUKAKRÓNUR 5%



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
THE MECHANIC
BIG MOMMAS
TRUE GRIT
JUST GO WITH IT

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE MECHANIC | 6, 8 og 10.10 |
| BIG MOMMAS 3 | 5.50 |
| JUST GO WITH IT | 8 og 10.25 |
| TRUE GRIT | 5.50, 8 og 10.25 |



LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is
15% afsláttur* á öllum stærðum af Nicorette Fruitmint.
Dæmi: 2 mg, 210 stk.
Áður: ~~4.975 kr.~~ Nú: 4.229 kr.
*gildir út mars 2011.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 53539 02/11



BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:40 |
| LONDON BOULEVARD (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50, 20:10, 22:30 |

CAFÉ
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Spænsk stuðsveit á Listahátíð

Ein vinsælasta popphljómsveit Spánar hefur boðað komu sína á Listahátíð í Reykjavík í vor. Um er að ræða stuðbandið Ojos de brujo en tónlist sveitarinnar hefur verið lýst sem blöndu af hiphoppi, reggíi, flamenco og danstónlist.

Tónleikar Ojos de brujo fara fram í Silfurbergi í Hörpu 27. maí. Samkvæmt upplýsingum frá Listahátíð verða þeir fyrstu tónleikarnir í ráðstefnusalnum í Hörpu. Salurinn tekur ríflega þúsund manns á standandi tónleikum.

Ojos de brujo er á tónleikaferðalagi um heiminn sem kallast Corriente Vital. Á henni leikur sveitin vinsælustu lögin sín á ferlinum í nýjum útsetningum. Miðasala á tónleikana hefst í dag. - hdm



**OJOS DE BRUJO** Spænska stuðsveitin spilar í Hörpu í maí. Nafnið þýðir Augu galdramannsins.

# Elton í brúðkaupið

Sir Elton John hefur staðfest að hann hafi fengið boðskort í brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton og verður á meðal gesta. Elton hafði upphaflega neitað því að hann og eiginmaðurinn, David Furnish, yrðu meðal gesta en hefur nú leiðrétt það. Brúðkaupið verður sem kunnugt er 29. apríl næstkomandi.

Elton er tengdur fjölskyldu prinsins tilfinningaböndum en hann flutti lag sitt, Candle in the Wind, í jarðarför móður hans, Díönu prinsessu, árið 1997.



**VERÐUR MEÐAL GESTA** Elton John og eiginmaðurinn David Furnish verða meðal gesta í brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins.



**EKKI SPENNTUR** Rapparinn Snoop Dogg segist ekki myndu þora að fara í rúmið með söngkonunni Lady Gaga sem sést hér að neðan í kjötkjólnum sínum fræga.

# Smeykur við Lady Gaga

**Rapparinn Snoop Dogg er hrifinn af tónlist söngkonunnar Lady Gaga en segir að hann yrði of smeykur til að geta farið í rúmið með henni. Snoop segist telja að ástaratlotin yrðu undarleg, enda sé söngkonan ekki alveg eins og fólk er flest. „Hún er alveg kexrugluð. Hver veit, hún gæti verið með snák eða hníf þarna niðri," segir rapparinn. Hann fer þó fögrum orðum um tónlist Lady Gaga, á sinn hátt. „Hún er með góðan skít, annað en sumt af hinu ruslinu sem er verið að endurtaka."**








# sport

sport@frettabladid.is



**ATLI HILMARSSON** var valinn besti þjálfarinn í N1-deild karla í umferðum 8-14 og Vilhelm Gauti Bergsveinsson besti varnarmaðurinn. Annars var lið umferðanna þannig skipað: Sveinbjörn Pétursson, Oddur Gretarsson, Heimir Örn Árnason (allir Akureyri), Atli Ævar Ingólfsson (HK), Einar Rafn Eiðsson (Fram), Ragnar Jóhannsson (Selfossi) og Ásbjörn Friðriksson (FH).



**MEISTARAR** Fanney Guðmundsdóttir og Íris Ásgeirsdóttir hafa fylgt Hamarsliðinu upp úr 2. deildinni og eru í dag deildarmeistarar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

### Haukar færðu Hamri deildarmeistaratitilinn í gær:

## Hamar varð meistari þrátt fyrir tap í gær

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er mjög skrítið og ég bjóst ekki við þessu á síðustu sekúndunni þegar ég sá að við vorum ekki með þetta,“ sagði Íris Ásgeirsdóttir, fyrirliði Hamars, eftir að liðið tryggði sér deildarmeistaratitilinn í gær þrátt fyrir að tapa 57-63 fyrir KR á heimavelli. Keflavík tapaði nefnilega á sama tíma fyrir Haukum og missti af tækifærinu á því að fá úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn á móti Hamri í lokaumferðinni.

KR komst mest 17 stigum yfir í fyrri hálfleik (38-21) en Hamarsliðið tók við sér í lok hálfleiksins og minnkaði muninn í tíu stig fyrir hálfleik (32-42). Það náði síðan að komast yfir fyrir lokaleikhlutann en KR var sterkara í lokin og tryggði sér sigur.

Hamarskonur grétu þó aðeins tapið í nokkrar sekúndur því fljótlega fengu þær fréttirnar frá Keflavík að Haukar hefðu unnið og þær væru orðnar meistarar.

„Gústi (Ágúst Björgvinsson þjálfari) sagði okkur að kíkja á bikarana í hálfleik og sjá hvort við vildum þetta ekki ekki örugglega nógu mikið. Við vildum þetta alveg nógu mikið og ég held að við höfum sýnt það í þriðja leikhlutanum. Það vantaði bara aðeins upp á,“ sagði Íris, sem hefur spilað með Hamri frá því að meistaraflokkurinn var að spila í 2. deildinni.

„Ég er búin að bíða eftir þessu allt of lengi og það er bara það besta í heimi að vinna loksins titil. Ég gæti alveg vanist þessu,“ sagði Íris að lokum en hún var besti maður Hamarsliðsins í gær ásamt Jaleesu Butler. - óój

# FINNST ÉG VERA GÓÐUR

**Sveinbjörn Pétursson er með sjálfstraustið í lagi þessa dagana enda að verja frábærlega með Akureyri og er kominn í landsliðið. Hann sker sig úr í stuttbuxum með sítt hár en honum líður betur í stuttbuxum en síðbuxum í markinu.**

**HANDBOLTI** Hinn 22 ára gamli markvörður Akureyrar, Sveinbjörn Pétursson, var í gær valinn besti leikmaður annars hluta N1-deildar karla. Þessi síðhærði markvörður á stuttbuxunum hefur vakið mikla athygli í vetur fyrir vasklega frammistöðu sem nú hefur skilað honum landsliðssæti.

„Svona verðlaun gefa manni aukinn kraft og ýta undir metnaðinn. Ég get ekki neitað því að ég er stoltur af því að fá svona viðurkenningar,“ segir Sveinbjörn, en hann er að vonum ánægður með eigin frammistöðu í vetur.

„Heilt yfir get ég verið nokkuð sáttur þó svo að það sé alltaf eitthvað sem maður vill bæta. Maður vinnur í því á hverri æfingu. Svo má ekki gleyma því að góður markvörður er alltaf með góða vörn fyrir framan sig og hana hef ég svo sannarlega. Strákarnir fyrir framan mig eiga mikið hrós skilið.“

Sveinbjörn sneri aftur á fornar slóðir fyrir norðan síðasta sumar og þó svo að hann hafi verið góður í fyrra hefur hann algjörlega blómstrað í ár. Hann segist ekki sjá eftir því að hafa ákveðið að fara norður.

„Mér líður vel á Akureyri og hefur alltaf liðið vel þar. Ég hef fengið mikið traust frá þjálfaranum, liðinu, stjórninni og öllu fólkinu fyrir norðan.

Ég hef líka alltaf haft mikla trú á mér og finnst ég vera góður. Maður þarf að hafa trú á sjálfum sér. Það er hausinn sem hefur komið mér nokkuð langt. Í það minnsta á vellinum, ég veit ekki utan hans,“ segir Sveinbjörn léttur og hlær við.

Þó svo að Sveinbjörn sé farinn að vekja athygli víða er hann ekkert að drífa sig of mikið í því að komast út til þess að spila handbolta.

„Ég er rólegur. Tækla einn leik í einu og einn dag í einu. Ég vil gera allt á mínum hraða. Ég vil byrja á því að stimpla mig inn hér og vinna titla með Akureyri áður en ég fer að hugsa eitthvað lengra.

Mér liggur ekki lífið á enda ungur og markmenn eru að endast til fertugs í dag. Ef ég held rétt á spilunum get ég verið í boltanum lengi,“ segir Sveinbjörn, sem er afar ánægður með landsliðssætið.

„Það gefur mér mikið og er mikil viðurkenning að vera í þessum frábæra hópi. Þeir eru margir á meðal þeirra bestu og maður lærir eitthvað nýtt á hverri æfingu með þeim. Við það eykst sjálfstraustið. Svo getur maður vonandi líka sýnt eitthvað svo Guðmundur þurfi aðeins að klóra sér í hausnum yfir því hverja hann eigi að velja,“ segir Sveinbjörn kíminn.

Sveinbjörn hefur verið þekktur fyrir sitt síða hár en hann var búinn að skerða það nokkuð um áramótin. Er einhver sérstök ástæða fyrir því?



**MAGNAÐUR Í MARKINU** Sveinbjörn Pétursson hefur farið hamförum í marki Akureyrar í vetur og var verðlaunaður fyrir góða frammistöðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef alltaf safnað ágætis makka og svo farið í klippingu fyrir jólin svo ég líti vel út á jólamyndunum hjá mömmu og pabba. Það hefur verið hefðin,“ segir Sveinbjörn léttur en hann vakti mikla athygli þegar hann tók upp á því að spila á stuttbuxum í markinu.

„Ég hef undanfarin ár æft í stuttbuxum og fannst í lagi að prófa einn leik þannig því mér líður vel í stuttbuxunum. Það er einn af hverjum 100 boltum sem fer í versta stað á lærið þannig að ég hef ekki áhyggjur af því. Aðalmálið er að mér finnst ég vera léttari á mér og líður betur í stuttbuxunum. Ég er liðugri svona en í þungum bómullarbuxum.“

henry@frettabladid.is



Verð sprengja




Aðeins í fjóra daga!

# Öll innimálning og málningarverkfæri

# 20% afsláttur

Gildir fimmtudag til sunnudags

BYKO

EXPO · www.expo.is

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild kvenna*

**A-RIÐILL**

**Hamar - KR** **57-63 (32-42)**

**Stig Hamars**: Jaleesa Butler 18 (18 frák.), Íris Ásgeirsdóttir 12, Kristrún Sigurjónsdóttir 8, Slavica Dimovska 7, Guðbjörg Sverrisdóttir 4, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4, Jenný Harðardóttir 4.
**Stig KR**: Margrét Kara Sturludóttir 20 (15 frák.), Chazny Morris 18, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 8 (10 frák.), Hildur Sigurðardóttir 7, Signý Hermannsdóttir 5, Hafrún Hálfdánardóttir 3, Svandís Sigurðardóttir 2.

**Keflavík - Haukar** **81-84 (47-40)**

**Stig Keflavíkur**: Jacquline Adamshick 27, Bryndís Guðmundsdóttir 22, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Ingibjörg Jakobsdóttir 7, Marina Caran 6, Hrund Jóhannsdóttir 5, Marín Rós Karlsdóttir 3, Árný Sif Kristínardóttir 3, Sigrún Albertsdóttir 1.
**Stig Hauka**: Kathleen Snodgrass 28, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 19, María Lind Sigurðardóttir 10, Margrét Rósa Hálfdánardótir 9, Helga Jónasdóttir 6, Íris Sverrisdóttir 4, Dagbjört Samúelsdóttir 4, Guðrún Ósk Ámundardóttir 4.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hamar** | **19** | **17** | **2** | **1513-1270** | **34** |
| Keflavík | 19 | 15 | 4 | 1552-1258 | 30 |
| **KR** | **19** | **11** | **8** | **1304-1224** | **22** |
| Haukar | 19 | 7 | 12 | 1223-1317 | 14 |

**B-RIÐILL**

Njarðvík - Fjölnir 86-79 (36-34)
Snæfell - Grindavík 67-72 (38-40)

### *Enski bikarinn*

**Manchester City - Aston Villa** **3-0**

1-0 Yaya Toure (5.), 2-0 Mario Balotelli (25.), 3-0 David Silva (71.). Arsenal mætir Manchester United í fjórðungsúrslitum bikarsins.

**Arsenal - Leyton Orient** **5-0**

1-0 Marouane Chamakh (7.), 2-0 Nicklas Bendtner (31.), 3-0 Nicklas Bendtner (44.), 4-0 Nicklas Bendtner, víti (62.), 5-0 Gaël Clichy (75.). City mætir Reading í fjórðungsúrslitum bikarsins.

### *Sænska úrvalsdeildin*

**Sundsvall Dragons - Norrköping D.** **98-105**

Jakob Sigurðarson skoraði 28 stig fyrir Sundsvall og Hlynur Bæringsson var með þrefalda tvennu – fjórtán stig, tíu fráköst og ellefu stoðsendingar.

# Hef ekki séð Margréti Láru spila jafn vel í nokkur ár

**Ísland vann í gær sögulegan 2-1 sigur á Svíþjóð á Algarve Cup mótinu. Margrét Lára Viðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir skoruðu mörk Íslands. Svíþjóð er í fjórða sæti heimslista FIFA en Ísland hefur aldrei fyrr unnið svo hátt skrifað lið.**

**FÓTBOLTI** Ísland vann í gær glæsilegan 2-1 sigur á Svíþjóð á Algarve Cup mótinu í Portúgal. Margrét Lára Viðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir skoruðu mörk Íslands, sem lenti þó marki undir strax í upphafi leiksins.

Svíþjóð er í fjórða sætinu á heimslista FIFA en Ísland hefur aldrei fyrr unnið svo hátt skrifað lið. Þetta er jafnfram fyrsti sigur Íslands á Svíþjóð í tíu tilraunum en þegar þessi lið áttust við á sama móti í fyrra unnu Svíar 5-1 sigur.

„Þetta var frábær sigur," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. „Þetta var vel spilaður leikur af okkar hálfu. Leikmenn lögðu mikið á sig og sýndu mikla baráttu og ákveðni til að halda þetta út og ná sigrinum."

Sex mánuðir eru síðan landsliðið kom síðasta saman. „Við náðum tveimur æfingum fyrir þennan leik og einum liðsfundi. Það sýndi sig í upphafi leiksins enda voru þær svolítið ryðgaðar og fengu á sig mark snemma. En við unnum okkur vel inn í leikinn eftir það, voru skiplögð og gáfum fá færi á okkur."

Hann hrósaði Margréti Láru sérstaklega en hún hefur átt erfitt uppdráttar síðustu misseri vegna þrálátra meiðsla. „Ég hef ekki séð hana spila jafn vel í nokkur ár. Það er í raun allt annað að sjá til hennar. Hún hefur unnið vel úr sínum meiðslum og ég tel að fáir leikmenn hafi hlaupið meira en hún í dag. Markið sem hún skoraði var mjög gott. Hún þefaði færið uppi og kláraði það upp á eigin spýtur. Það er frábært að sjá hana í sínu gamla formi á ný."



**SKORAÐI EITT OG LAGÐI UPP ANNAÐ** Margrét Lára Viðarsdóttir átti frábæran leik með íslenska landsliðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Staðan í hálfleik var 1-1 en Katrín kom Íslandi yfir á 54. mínútu af miklu harðfylgi eftir aukaspyrnu Eddu Garðarsdóttur inn í teig. „Eftir það var það bara spurning um að halda einbeitingunni, berjast, tala saman og halda þetta út."

Sigurður Ragnar segir að Svíar hafi verið með sitt sterkasta lið í leiknum. „Svíar eru að undirbúa sig fyrir HM í sumar en vantaði tvo leikmenn sem eru meiddir. Það vantaði einnig leikmenn í okkar lið, svo sem Hólmfríði Magnúsdóttur, Dóru Maríu Lárusdóttur og Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur."

Á morgun mætir Ísland liði Kína sem tapaði í gær fyrir Dönum, 1-0. „Það verður skemmtilegt að mæta Kínverjum. Vonandi náum við góðum úrslitum og þar með að tryggja okkur sterkan andstæðing úr hinum riðlinum í lokaleik okkar hér."

eirikur@frettabladid.is



**ÞRENNA** Nicklas Bendtner var á skotskónum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Enski bikarinn í gær:

## Arsenal og City í 8 liða úrslitin

**FÓTBOLTI** Arsenal og Manchester Untied munu eigast við í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppninnar um aðra helgi þar sem Arsenal vann í gær 5-0 sigur á Leyton Orient í 16 liða úrslitunum. Nicklas Bendtner skoraði þrennu í leiknum fyrir Arsenal en Marouane Chamakh og Gael Clichy hin mörk liðsins.

Þá vann Manchester City 3-0 sigur á Aston Villa á heimavelli í gær en liðið mætir Reading í fjórðungsúrslitunum. Birmingham og Bolton munu einnig eigast þá við, sem og lið Stoke og West Ham. - esá

Þýska bikarkeppnin:

## Löwen og Kiel unnu sína leiki

**HANDBOLTI Ólafur Stefánsson skoraði sex mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen sem vann Melsungen í fjórðungsúrslitum þýsku bikarkeppninnar í gær, 33-28.**

**Kiel komst einnig í undanúrslit keppninnar eftir sigur á Füchse Berlin, 31-25. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel en Alexander Petersson sex fyrir Berlínarbúa.** - esá

N1 DEILDIN

HANDBOLTI Í HEIMSKLASSA

Nú eru æsispennandi umferðir fram undan í N1 deildum karla og kvenna. Gerum okkur glaðan dag, mætum á spennandi handboltaleik og styðjum okkar fólk til sigurs!

| N1 DEILD KARLA | | |
|---|---|---|
| Akureyri – Valur | Höllin | Fim. 3. mars kl. 19:00 |
| HK – Selfoss | Digranesi | Fim. 3. mars kl. 19:30 |
| Afturelding – Haukar | Varmá | Fim. 3. mars kl. 19:30 |
| Fram – FH | Framhús | Sun. 6. mars kl. 15:45 |
| **N1 DEILD KVENNA** | | |
| ÍBV – Fram | Vestmannaeyjum | Lau. 5. mars kl. 13:00 |
| Fylkir – Haukar | Fylkishöll | Lau. 5. mars kl. 15:00 |
| FH– Valur | Kaplakrika | Lau. 5. mars kl. 16:00 |
| ÍR – Grótta | Austurbergi | Lau. 5. mars kl. 16:30 |
| Stjarnan – HK | Mýrinni | Lau. 5. mars kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni


FERÐAÆVINTÝRI
Í FERMINGARGJÖF
Landsins mesta
úrval af bakpokum
Stærri bakpokar
Verð frá: 18.990 kr.
Deuter Futura
Frábæru dagpokarnir
með baki sem andar vel.
Verð frá: 16.990 kr.
Deuter Aircontact 55+10
Margverðlaunaðir bakpokar.
Frábært burðarkerfi, regnvörn
fylgir. Verð áður: 34.990 kr.
Tilboð: 29.990 kr.
TNF Alutian
Vandaður svefnpoki til notkunar
sumar, vor og haust.
Þolmörk: -5°C. Þyngd: 1.546 g.
Verð áður: 19.990 kr.
Tilboð: 17.990 kr.
TNF Hotlum
Vandaður, léttur dúnsvefnpoki, 3 árstíða.
Þolmörk: -10°C. Þyngd: 1.311 g.
Verð áður: 44.990 kr.
Tilboð: 38.990 kr.
Svefnpokar. Verð frá: 14.990 kr.
Úrval af tjöldum.
High Peak Cave 3
Göngutjald. Létt 3 manna braggatjald
2.000 mm vatnsvörn. Þyngd: 3,5 kg.
Verð áður: 23.990 kr.
Tilboð: 18.990 kr.
Silva ferðasjónaukar
10X50 vandaðir, léttir
og handhægir.
Verð: 7.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

## > Eddie Murphy

„Börn sýna svo miklar tilfinningar og þau halda ekki aftur að sér. Ef þau langar að gráta, þá gráta þau, og ef þau eru í góðu skapi, þá eru þau bara í góðu skapi.“

***Eddie Murphy leikur Detroit-lögguna Axel Foley sem rekur slóð morðingja til Beverly Hills og eltir hann þangað, en Axel hefur alltaf þótt beita óvenjulegum aðferðum við að hafa hendur í hári glæpamanna í hasarmyndinni bráðfjörugu Beverly Hills Cop sem er á Stöð 2 Bíó kl. 16.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON FYLGDIST MEÐ LJÓNUM OG AFKVÆMUM ÞEIRRA

## *Grátið yfir örlögum blóðþyrstra rándýra*

Ríkissjónvarpið sýndi á mánudag hjartnæma mynd um ferð ljónahóps í leit að vatni í skraufþurrum Ruaha-þjóðgarðinum í Tansaníu. Þetta var erfið för, ekkert rigndi og lýsingin á erfiðleikum hópsins var svo mögnuð og tilfinningaþrungin að áhorfendur gátu ekki annað en orðið meðvirkir. Konan bað um vatn. Ég trillaði fram í eldhús, fyllti á flösku og prumpaði gosi í hana með Soda Stream tækinu.

Ég var rétt nýbúinn að setja poppmaís í pott og fýra undir þegar ljónahópurinn var búinn að umkringja hjörð af bufflum. Hópurinn þrengdi smám saman að bufflunum og réðst svo til atlögu. Í blóðugu atinu sparkaði einn bufflanna í aftari hluta lítils ljónsunga sem í myndinni var kallaður Snáði og braut í honum mjaðmagrindina. Buffallinn hlaut makaleg málalok, bitinn á háls og tættur í sundur af glorsoltnum ljónum sem skófu svo rækilega kjötið af fórnarlambinu að ekkert sat eftir fyrir hræætur.

Ég rauk inn í eldhús, setti poppið í skál og dreifði salti yfir. Þegar ég kom aftur fram gerði Snáði litli hverja örvæntingarfulla tilraunina á fætur annarri til að halda í við fjölskyldu sína. Hann dró ónýtan neðri búkinn sinn á eftir sér með framfótunum yfir hóla og hæðir og naut stöku aðstoðar ljónabræðra sinna og systra sem enn höfðu ekki áttað sig á gangi náttúrunnar. Ljónamamma vissi betur, ljónaunginn hennar hægði á för hópsins. Betra var að skilja hann eftir til að deyja. Og það urðu líka endalok hans. Sá litli varð að hrægammafóðri.

Undir lok myndarinnar varð mér hugsað til alls þess fólks sem löngum hefur verið líkt við rándýr, lifað hátt, stundum á kostnað annarra, rænt og ruplað og skilið eftir sig sviðna jörð sem aðrir þurfa að græða. Það er nefnilega svo auðvelt að vekja upp samúð með þeim sem eiga það ekki skilið með því að horfa á viðfangsefnið út frá öðru sjónarhorni en venja er.



### SJÓNVARPIÐ

**15.35 Sjónleikur í átta þáttum** (8:8) (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (8:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (21:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi** (4:5)
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.25 Krabbinn** (3:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Lífverðirnir** (Livvagterne) Dönsk þáttaröð um viðburðaríkt og háskalegt starf lífvarða í dönsku öryggislögreglunni. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.10 Doctor Dolittle**
**10.00 Beverly Hills Cop**
**12.00 Drillbit Taylor**
**14.00 Doctor Dolittle**
**16.00 Beverly Hills Cop**
**18.00 Drillbit Taylor**
**20.00 Terms of Endearment**
**22.10 Arrivederci amore, ciao**
**00.00 Lonely Hearts**
**02.00 Fierce People**
**04.00 Arrivederci amore, ciao**
**06.00 Land of the Lost**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (9:23)
**11.45 Gilmore Girls** (6:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Roxanne**
**14.45 The O.C. 2** (23:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**15.58 Tommi og Jenni**
**16.23 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust**
**20.05 Masterchef** (9:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Þúsundir manna taka þátt í prufum víðs vegar um Bandaríkin og halda 30 áfram á næsta stig. Það er Gordon Ramsey sem leiðir keppnina.
**20.50 NCIS** (4:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington.
**21.35 The Deep** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar frá BBC. Þau leika áhöfn á kafbátnum Orpheus sem er í vísindalegum leiðangri en lenda í miklum hremmingum og kafbáturinn strandar þúsundum metra undir norðurheimskautinu. Hópurinn þarf að takast á innbyrðis.
**23.10 Spaugstofan**
**23.40 The Mentalist** (14:22)
**00.25 Chase** (9:18)
**01.10 Boardwalk Empire** (2:12)
**02.00 Mad Men** (12:13)
**02.50 The Tudors** (5:8)
**03.40 Things We Lost in the Fire**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**15.55 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona** Útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.
**17.40 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.35 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**20.20 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**20.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga** Bein útsending frá leik Real Madrid og Malaga í spænsku úrvalsdeildinni.
**23.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.50 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem margir frábærir spilarar mætast.
**00.40 Spænski boltinn: Real Madrid - Malaga** Útsending frá leik Real Madrid og Malaga í spænsku úrvalsdeildinni.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Man. City - Fulham** Útsending frá leik Manchester City og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Newcastle - Bolton** Útsending frá leik Newcastle United og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11**
**20.30 Pep Guardiola** Magnaðir þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjalfara Barcelona, Pep Guardiola.
**21.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Wolves - Blackpool** Útsending frá leik Stoke City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**07.10 Dyngjan** (3:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dyngjan** (3:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 7th Heaven** (16:22) (e)
**17.00 Dr. Phil**
**17.45 Bakvið tjöldin - Kurteist fólk** (e)
**18.00 HA?** (6:12) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (32:50) (e)
**19.15 Game Tíví** (6:14)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?**
**20.10 30 Rock** (13:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
**20.35 Makalaus - NÝTT** (1:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju, sem er einhleyp í Reykjavík og stendur á tímamótum. Vinkonur Lilju gera líf hennar bærilegra enda eru þær einstaklega litríkar og skemmtilegar en eins og margar aðrar stelpur er Lilja að leita að ástinni, sem oft á tíðum getur reynst erfitt.
**21.05 Royal Pains** (5:18) Læknirinn Hank snýr aftur í þessari skemmtilegu þáttaröð.
**21.55 CSI: Miami** (22:24)
**23.30 The Good Wife** (6:23) (e)
**00.20 Rabbit Fall** (3:6) (e)
**00.50 The Cleaner** (12:13) (e)
**01.35 Royal Pains** (5:18) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship** (3:5)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship** (3:5)
**16.40 Inside the PGA Tour** (9:42)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (8:45)
**18.00 Golfing World**
**18.50 ETP Review of the Year 2010**
**19.35 Inside the PGA Tour** (9:42)
**20.00 The Honda Classic** (1:4)
**23.00 Golfing World**
**23.50 ESPN America**

### EXTRA

**19.45 The Doctors** Heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.30 Curb Your Enthusiasm** (3:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Deep** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar frá BBC. Þau leika áhöfn á kafbátnum Orpheus sem er í vísindalegum leiðangri en lenda í miklum hremmingum og kafbáturinn strandar þúsundum metra undir norðurheimskautinu. Hópurinn þarf að takast á innbyrðis og finna leið til að komast aftur upp á yfirborðið.
**23.25 Gott að borða** Nýr matreiðsluþáttur þar sem Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis.
**23.55 Grey's Anatomy** (15:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðdeild á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
**00.40 Tvímælalaust** Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr ræða á mannamáli.
**01.20 Curb Your Enthusiasm** (3:10)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Íslensk kvikmyndagerð, hver frumsýningin á fætur annarri.
**21.00 Undir feldi** Evrópumálin. Umsjón Frosti Logason og Heimir Hannesson.
**21.30 Eru þeir að fá´ann** Bender og félagar skoða fréttir af veiðimálum með góðum gestum.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga



Allt sem þú þarft...

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 21.35
### The Deep

Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar með Minnie Driver, James Nesbitt og Goran Visnjic í aðalhlutverkum. Áhöfnin á kafbátnum Orpheus er langt frá því að vera hólpin og hættur eru allt um kring.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Síðustu kvöldin á jörðinni **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Útvarpsperlur: Don Juan - seinni hluti **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.20** Deal or No Deal **09.55** Whose Line Is It Anyway? **10.20** Waterloo Road **11.05** EastEnders **11.35** Dalziel and Pascoe **12.25** Dalziel and Pascoe **13.15** Deal or No Deal **13.50** Deal or No Deal **14.25** ,Allo ,Allo! **14.55** ,Allo ,Allo! **15.30** Doctor Who **16.15** Whose Line Is It Anyway? **16.40** Whose Line Is It Anyway? **17.05** Deal or No Deal **17.40** Deal or No Deal **18.25** ,Allo ,Allo! **19.00** ,Allo ,Allo! **19.30** My Family **20.00** The Office **20.30** Little Dorrit **21.20** Live at the Apollo **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Whose Line Is It Anyway? **22.55** Little Dorrit

## DR 1

**14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump og de blinde passagerer **15.15** Byggemand Bob **15.30** Kaj og Andrea og Snehvide **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Gintberg på kanten - Hirtshals **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Verdens skrappeste forældre **22.00** Kærlighedens gidsel

## NRK 1

**09.00** VM Oslo 1982 **10.00** NRK nyheter **10.05** VM i dag **11.00** NRK nyheter **11.10** VM i dag **11.15** VM skiskyting **12.50** VM Oslo 2011 **14.30** NRK nyheter **14.40** VM Oslo 2011 **18.00** Dagsrevyen **18.30** VM-kveld **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Fly med oss! **22.00** Kveldsnytt **22.15** Den Sjette Sansen **00.00** Håkon & Haffners byggeklosser **00.30** Blues jukeboks **02.00** Sport Jukeboks **05.30** Morgennytt

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** VM-studion **11.30** Skidskytte-VM Khanty-Mansiysk 2011 **13.00** Skid-VM i Oslo **14.00** VM-studion **14.30** Mitt liv som Hellner **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.45** VM-studion **16.00** Skid-VM i Oslo **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning






## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Hoppípolla með Sigur Rós er alltaf mjög hressandi.“*

Einar Jónsson, þjálfari bikarmeistara Fram í handbolta í kvennaflokki.

# Vill í alla hommaklúbba Bandaríkjanna

Söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir er í forsíðuviðtali nýjasta tölublaðs tímaritsins Out on the Town. Tímaritið stærir sig að því að vera það heitasta í Suðurríkjum Bandaríkjanna sem er sérstaklega ætlað hommum og lesbíum.

„Ég vona að við heyrum Je ne sais quoi í öllum homma- og lesbíuklúbbum Bandaríkjanna. Það er eitthvað sérstakt við lagið sem þið kunnið að meta,“ segir Hera meðal annars í viðtalinu. Hún talar einnig um hinn norska Jarl Haugedal, en þau kynntust á Eurovision-keppninni í Osló á síðasta ári. Hann á hótel í New Jersey í Bandaríkjunum og hefur unnið að því að koma Heru á framfæri þar í landi. „Hann bauð mér út og síðan þá höfum við unnið að því að koma mér og tónlistinni minn á framfæri.“ Mike Halterman, ritstjóri Out on the Town, segir meðal annars í leiðara sínum að Hera hafi slegið í gegn í Evrópu og vilji brenna upp dansgólfin í Bandaríkjunum. Þá hvetur hann fólk til að biðja plötusnúða um að spila smell Heru, Je ne sais quoi.

Hera talar einnig um tónlistina sem hún er að hlusta á þessa dagana og telur upp George Michael, Joni Mitchell, Freddie Mercury og Lady Gaga. Hún áréttar að hún ætlar ekki að fara í sömu átt og sú síðastnefnda, en hún er afar vinsæl á meðal homma og lesbía. „Það hefur verið gert áður og það er nóg af góðum hlutum í gangi,“ segir Hera. „Þið fáið bara mig.“ **- afb**






**SYNGUR FYRIR SAMKYNHNEIGÐA** Hera Björk er í Eurovision-kjólnum á forsíðu tímaritsins Out on the Town.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Spennusagnahöfundurinn **Arnaldur Indriðason** heldur áfram að gera það gott á erlendri grundu. Fréttablaðið sagði frá því skömmu fyrir jól að bækur hans hefðu selst í tæpum sjö milljónum eintaka á heimsvísu. Þjóðverjar og Frakkar hafa löngum tekið Arnaldi sérstaklega vel og það var engin undantekning þar á þegar Myrká kom út í Frakklandi á dögunum. Franskur titill Myrkár er La Rivière noire og hefur bókin setið í efsta sæti á metsölulistanum yfir spennusögur þar í landi undanfarnar þrjár vikur. **- hdm**



HALLI HANSEN: ÞEIR SÁU SKEMMTILEGT BLIK Í AUGA OG GRIPU ANDANN Á LOFTI

# Varð óvænt andlit Stalinskaya vodka

„Þetta var mjög gaman, en ég lék aðalhlutverkið umkringdur föngulegu kvenfólki,“ segir athafnamaðurinn Halli Hansen.

Auglýsing fyrir rúmenska Stalinskaya vodkann var tekin upp á Langjökli í vikunni. Erlendir framleiðendur unnu verkefnið í samstarfi við íslenska og var búið að finna þrjá leikara, sem áttu allir á einhverjum tímapunkti að fara með aðalhlutverkið. Erlendu framleiðendurnir voru hins vegar aldrei nógu ánægðir með þá, en tóku þá eftir Halla, sem var staðsetningarstjóri (e. location manager) verkefnisins.

„Ég var þarna á tökustað að laga bílinn sem ég var á og það gusast sjálfskiptingarolía yfir andlitið á mér. Þá sáu þeir einhvern veginn að ég væri rétti maðurinn í verkefnið,“ segir Halli. „Það má því segja að ég sé andlit Stalinskaya vodkans í dag. Þetta kom allt mjög tilviljunarkennt upp. Þeir sáu skemmtilegt blik í auga, gripu andann á lofti og sögðu að ég væri maðurinn sem búið var að leita að allan tímann.“

Aðstæður voru mjög erfiðar uppi á jöklinum, en erlendu framleiðendurnir voru ánægðir með íslenska teymið, sem Halli segir að hafi staðið sig gríðarlega vel. Halli er klæddur í selskinn í auglýsingunni, sem hefst á því að hann er að draga hundasleða. „Svo rekst ég á úlfahjörð, beiti svipunni á þá, tem þá á staðnum og rúlla af stað,“ segir hann. Bar var komið fyrir inni í íshelli á Langjökli sem Halli brunar inn í með fullan sleða af rúmenska vodkanum. „Og í beinu framhaldi af því skapast einstaklega skemmtilegt og lifandi andrúmsloft á milli mín og kvenfólksins þarna inni,“ segir Halli að lokum. „Eins og gerist iðulega þegar aðalsöguhetjan mætir á svæðið.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**SELSKINNSKLÆDDUR** Halli Hansen ásamt Bryndísi Gyðu Michelsen og Evu Eiríksdóttur sem léku ásamt honum í auglýsingunni uppi á Langjökli.



**Í AÐALHLUTVERKI** Halli Hansen tók að sér aðalhlutverk í auglýsingu, en var í fyrstu starfsmaður á tökustað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

IMAGE FUDGE IMAGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE FUDGE IMAGE FUDGE IMAGE FUDGE IMAGE

Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 4.3. Kl. 20:00 Frums. U | Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00 |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 9.3. Kl. 19:00 Ö | Mið 16.3. Kl. 19:00 | Lau 26.3. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 12.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn. Ö |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 14:00 U | Sun 20.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 17:00 |
| Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 |
| Sun 13.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 17:00 |
| Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 | |



**Lér konungur** (Stóra sviðið)

Fim 3.3. Kl. 20:00 Allra síð.sýn. Ö



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 19.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 |
| Sun 13.3. Kl. 20:00 U | Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Mið 30.3. Kl. 20:00 U |



**Brák** (Kúlan)

Fös 4.3. Kl. 20:00 Ö



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 13:30 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00 |
| Sun 13.3. Kl. 13:30 U | Sun 20.3. Kl. 15:00 U | |


# Fegurðardís vinsæl á Facebook

„Það vilja allir vera vinir manns,“ segir Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, Ungfrú Reykjavík, sem hefur ekki undan að samþykkja vinabeiðnir á Facebook. „Maður samþykkir flesta en ég skoða samt vel og vandlega hverjum ég er að hleypa inn á Facebook.“ Hún er á lausu og viðurkennir að einhverjir hafi reynt við sig eftir að titillinn var í höfn. „Það hefur verið eitthvað um það en ekkert rosalega mikið.“

Sigríður Dagbjört, sem er tvítug Kópavogsmær, hefur svifið um á bleiku skýi undanfarna daga eftir sigurinn í Ungfrú Reykjavík. Þangað til undirbúningur fyrir Ungfrú Ísland hefst ætlar hún þó að einbeita sér að náminu í viðskiptafræði við Verslunarskóla Íslands. Þar er hún á lokaári og útskrifast einmitt daginn eftir að Ungfrú Ísland verður krýnd á Broadway 20. maí. „Ég ætla að taka því rólega núna í byrjun mars og svo fer maður að byrja aftur í svipuðu prógrammi. Þá kíkir maður í ræktina þegar maður getur og reynir sérstaklega að borða hollt,“ segir hún. Fegurðardísin hefur í nógu að snúa þessa dagana sem formaður nemendamótsnefndar Versló því verið er að setja upp söngleikinn Draumurinn.

Sigurinn í Ungfrú Reykjavík kom henni í opna skjöldu. „Auðvitað. Það sést líka á myndbandinu. Ég er alveg í sjokki þar. Ég bjóst ekki við þessu og var farin að hugsa hver myndi eiginlega vinna þetta þegar það var búið að setja í þriðja og annað sætið.“

Á ekki að stefna að sigri í næstu keppni? „Ég ætla bara að gera mitt besta. Ég held að það sé ekkert annað sem ég get gert.“ **- fb**



**FEGURÐARDROTTNING** Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, Ungfrú Reykjavík, fær margar vinabeiðnir á Facebook þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Allir synir mínir
eftir
Arthur Miller
Frumsýning á Stóra sviðinu á morgun föstudag
Miðasala í síma 551 1200 • midasala@leikhusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sölvi og Silvia hætt saman

Fjölmiðlamaðurinn og pressupenninn góðkunni **Sölvi Tryggvason** og Silvia Santana Briem flugfreyja eru skilin að skiptum. Parið var saman í þrjú ár. Sölvi og Silvia skildu þó í góðu og kom ekkert ákveðið upp á sem gerði það að verkum að þau ákváðu að fara hvort sína leið. Þau eru áfram góðir vinir og tóku þessa ákvörðun sameiginlega sem tveir þroskaðir einstaklingar.



### Bráðakynvillan í San Fran

**Magnús Kjartansson** hélt til San Francisco í gær til að spila fyrir landa sína í borginni og nágrenni. Á Facebook-þræði um ferðina fær hann margar góðar kveðjur, meðal annars frá góðvinum sínum Pálma Gunnarssyni og Björgvini Halldórssyni, sem skrifar: „I left my heart in San Francisco. Góða ferð.“ Athafnamaðurinn Jón Ólafsson segist sjálfur vera í Kanada og vonist til að hitta þar Davíð, son Magnúsar. Síðastur en ekki sístur er Jakob Frímann Magnússon: „Gríptu með hjartavöðvann sem Bo gleymdi þarna og gættu þín svo á bráðakynvillunni gæskurinn sem ku geisa þarna um allar sveitir....“

- sv, sh



### Mest lesið visir.is

1. Sjö sækja um embætti ríkissaksóknara
2. Bolli taldi sig ekki geta selt sín bréf - hefði mælt gegn...
3. Bílvelta á Norðurlandi - Gekk blóðugur að næsta bæ
4. Thor Vilhjálmsson er látinn
5. Skemmdarvargarnir gáfu sig fram


Skönnum ljósmyndir yfir á geisladisk eða minnislykil

20% afsláttur í mars

48 kr myndin

Lágmark 50 myndir - Fullt verð 60 kr




Yfirfærum einnig slidesmyndir, myndbandsspólur, 8mm filmur, segulbönd, kassettur, vínilplötur, zip og floppy diska.

GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi



BOSS HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur

HUGO HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Herra lagerinn outlet

líka fyrir konur

40% - 60% afsláttur af öllum vörum

Troðfull verslun af kvenvörum á 60% afslætti

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )